

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1994

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming, are checked below.

- ☐ Coloured covers/
Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged/
Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated/
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing/
Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps/
Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black)/
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations/
Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material/
Relié avec d'autres documents
- ☒ Tight binding may cause shadows or distortion
along interior margin/
La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la
distorsion le long de la marge intérieure
- ☐ Blank leaves added during restoration may appear
within the text. Whenever possible, these have
been omitted from filming/
Il se peut que certaines pages blanches ajoutées
lors d'une restauration apparaissent dans le texte,
mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont
pas été filmées.

- ☒ Additional comments:/ Text in Icelandic.
Commentaires supplémentaires:

This item is filmed at the reduction ratio checked below/
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10X	14X	18X	22X	26X	30X
☐	☐	☐	☒	☐	☐
12X	16X	20X	24X	28X	32X

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages/
Pages de couleur
- ☐ Pages damaged/
Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated/
Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed/
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☐ Pages detached/
Pages détachées
- ☒ Showthrough/
Transparence
- ☐ Quality of print varies/
Qualité inégale de l'impression
- ☐ Continuous pagination/
Pagination continue
- ☐ Includes index(es)/
Comprend un (des) index
- Title on header taken from:/
Le titre de l'en-tête provient:
- ☐ Title page of issue/
Page de titre de la livraison
- ☐ Caption of issue/
Titre de départ de la livraison
- ☐ Masthead/
Générique (périodiques) de la livraison

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:


National Library of Canada

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shell contain the symbol ➡ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ▼ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


Bibliothèque nationale du Canada

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.



Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole ➡ signifie "A SUIVRE", le symbole ▼ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

V

VAFURLOGAR

EFTIR

FRIDRIK J. BERGMANN



WINNIPEG

Prentsmiðja Ólafs S. Thorgeirssonar

1906

PT7390 -

B47

1906

LÆRISVEINUM MÍNUM
VIÐ WESLEY COLLEGE
ER DÓK ÞESSI Í KÆR-
LEIKA TILEINKUD. :: ::



FORMÁLI.

Það þarf mikla djörfung til að hleypa þessari litlu enu af hlunnum. Alt, sem hún hefir að læra, eru smáerindi, flutt hafa verið síðustu fimm ár við ýms tækifæri og á msum stöðum, þegar eitthvað hefir þurft að segja til skemtar fólki. En þá er tími oft naumur og undirbúningur af ornum skammti. Oft hefir talað verið um sama efni á ýmsum stöðum og með löngu millibili og hefir þá máhlaðist utum fyrsta köggul. En aldrei hefir tími verið nógur til gjöra góð skil og fegra og fregja sem skyldi. Samt er nú svo djarfur að láta fugl fljúga úr hreiðri í þeirri von, hann kunni að kvaka einhverjum til ánægju, en engum ama.

Bókin er ofurlítið sýnishorn þess, um hvað höf. hefir verið hugsa og ræða á sýknum dögum síðustu ár. Hann sættir við að skipa óðra bekk í bókmentaskálanum Íslenzka. Hann fagnar yfir öllum „máttugum“ orðum, er þeim eru gefsem lengra eru í listinni komnir. En síðum langar hann ki til að spilla, né villa um fyrir nokkurum. Hann hefir ki nema lítiun eirpening og ófélegan að leggja í bókmentaó þjóðar sinnar. En hversu lítið gildi, sem hann kann að fa í sjálfsu sér, gæti hann ef til vill einhverjum auðnupeningorðið og það væri honum fyrir mestu.


Hávaðamaður vildi hann ekki vera, heldur að eins lágelt rödd, er huglátlega talar í kveldkyrðinni um þá hluti, betur mætti fara að morgni.

Vafurloga þóttust forseður vorir sjá, þar sem fé var fólgt í jörðu. Aðra elda þóttust þeir líka sjá, svo sem hrævarna og mýrarljós, en þeir voru tál. En vafurlogiun sagði alt satt. Þar sem hann lék yfir, voru sjársjóðir fólgnir. Audi þessi benda á fáeina slíka staði í bókmentum vorum, sem mikil hugsana auðlegð liggur enn ónotuð. Þess gna voru þau vafurlogar nefnd.

Fáeinar prentvillur hafa slæðst með, en ekki mjög skaðar né stórvægilegar, svo naumast e ómaks vert að fara títla þær til. Peningagildi frá söguöld vorri er reiknað til ára peninga á líkan hátt og vant er og almenningi manna úr gefist kostur á að sjá t. d. í skýringum við Fornsögubatti.

Winnipeg, á Lúkasmessu, 1906.

Friðrik J. Bergmann.



E F N I.

	Bla.
I. Gunnar á Hlíðarenda	I
II. Á krossgötum	73
III. Grjótkast	104
IV. Skírnismál hin nýju	130
V. Jónas Hallgrímsson	149
VI. Hávaði	165
VII. Vafurlogar	190

en
in
for
and
og
wa
big
at
Og
um.
net
big
En
less
ngu
ann

Gunnar á Hlíðarenda.

ÆIN af frægustu og fegurstu hetjum fornaldarinnar er Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. Naumast verður íslenzkum ungmennum eins heitt um hjartað við að lesa um nokkurn þormann og hann. Flest það, er göfugt hugsandi ungmenni íslenzkt ber mesta lotningu fyrir og þykir aðdánlegast, kemur fram í fari þessarar ósilegu fornaldarhetju. Eg verð að játa það, að éginn Íslendingur í fornöld hreif huga minn, þegar eg var drengur, eins og Gunnar á Hlíðarenda. Eg eg ímynda mér, að það sé svo fyrir lang-flestum. Hann á það hjá mér einlægt síðan, að eg með einhverju móti leitaðist við að láta íslenzkum unglingum verða jafn-vel til hans og mér varð þá. Því er miður, mig brestur líklega lagið til þess.

Eins og Njáls saga ber af öðrum Íslendinga-
gum, eins og víðburðirnir, sem frá er sagt í
þá, hafa læst sig fastar í huga þjóðar vorrar

en það, sem flestar aðrar sögur hafa frá að segja eins hefir Gunnar náð traustari tókum á huga nú tíðar-Íslendingsins og hjarta en nokkur þeirra forn manna, er sögur vorar hafa frá að segja.

Ef vér nú leitumst við að gjöra oss greið fyrir ástæðunum til þess, kemur sú ástæðan mér fyrst í hug, að hann var eigi að eins hverjum manni fimari og betur vígur, heldur var hann um leið þrúðmenni hið mesta og ágætasti drengur hvívetna. Hann fyllir drengskaparhugmyndina sem var ein hin göfugasta hugsjón fornaldarinnar, betur út í allar æsar en flestir aðrir.

Hann var að flestu leyti fyrirmyndarmaður þeirrar aldar, er hann lifði á. Og það er eitthvað hjá honum, er gjörir hann að göfugri fyrirmynd og glæsilegri á öllum öldum. Hugmynd vor Íslendinga um sannarlegt þrúðmenni—„gentleman“—mun ávalt nema staðar frammi fyrir Gunnari Harðmundarsyni. Meira þrúðmenni kann eigi saga vera frá að segja fram á þenna dag. Og um leið að hann var þrúðmenni hið mesta og siðfágaður maður á siðlítilli öld, var hann líka hvers manns hugljúfi, en illum mönnum efni öfundar og alls kom til ofsókna.

I.

Ættgöfgi.

ungablóð.—Baugur og Ketill hæingur.—Amma Gunnars sonardóttir Ketils hæings.—Hrafn lögsögumaður.—Rannveig móðir Gunnars.

Gunnar Hámundarson var af göfugum ættum. með ungunablóð rann honum jafnvel í æðum. Hármundur faðir hans var Gunnarsson. En sá Gunnar var sonur Baugs Rauðssonar, eins af landnámsgurðum. En Rauður er talinn Kjallaksson, Kjarðinnarssonar, Írakonungs. Kjarvalur þessi (Cearbhall) ríndi móðurafi Helga magra; var hann konungur í Ossory í Munster á Írlandi og lézt árið 888.¹⁾

Baugur Rauðsson, landnámsmaður, var fóst-hvaðir Ketils hæings. Þegar Ketill hélt til Íslands, dæmdu að hafa komið fram hefndum á hendur Harlendu konungi hárfagra með drápi þeirra Hildiríðarinnar. Þá, er með rógi sínum voru valdir að dauða Hárolds Kveldúlfssonar, stýrði Baugur öðrum knerrum, eftir því, sem frá er sagt í Egilssögu.²⁾ Þá líkur allmiklar eru til, að hann hafi í raun og máttu seinna til Íslands komið en Ketill, eða þá, að hann þeim hafi skilið í hafinu.³⁾ Því sagt er, að Ketill hafi gefið Baugi land í Fljótshlíð ofan frá Þarkiá til árinna fyrir utan Breiðabólstað og hafi hann búið að Hlíðarenda.⁴⁾ En í Landnámu segir, að hann hafi numið hlíðina að ráði Hæings.⁵⁾ Í

1) Laxdæla. Kr. Kaalund. Inledning, L.

2) Egilssaga 23, 69 (ed. Finnur Jónsson). Sbr. Fortale LXVIII.

3) Bogi Th. Melsted: Íslendinga saga 90.

4) Egla 23, 71.

5) Landnáma 201.

Egilssögu er það tekið fram, að Baugur hafi ættstór maður verið. Er þá eflaust við það átt, að hann hafi af írskum konunga ættum verið.¹⁾

Móðir Hámundar, en föðuramma Gunnars á Hlíðarenda, hét Hrafnhildur. Hún var Stórólfsdóttir, en systir Orms hins sterka Stórólfssonar, sem að líkindum hefir verið einna tröllauknastur maður að burðum með Íslendingum í fornöld, þótt frásögurnar um hann séu ekki sennilegar og sjálf-sagt mjög blandaðar ýkjum frá seinni tímum. Stórólfur faðir Orms og Hrafnhildar var sonur Ketils hæings. Ættir þeirra fóstbræðranna, Ketils og Baugs, höfðu þannig ofist saman, þar sem Gunnar var.

En bróðir þeirra Orms og Hrafnhildar var Hrafn, sem fyrstur var lögsögumaður á Íslandi. Hefir hann að öllum líkindum afburðamaður verið að viti ekki síðri en Ormur að afli, því hann var lögsögumaður á Íslandi tuttugu fyrstu árin af lýðveldistímanum. Lögum samkvæmt átti lögsögumaður þó að gegna embætti sínu að eins til þriggja ára, en hann mátti endurkjósa. Sýnir þetta glögt, hve vel Hrafn hefir gegnt störfum sínum og hve mikla ástsæld og tiltrú hann hefir haft af landslýð öllum.

Gunnar á Hlíðarenda hefir líkst þessum ömmubræðrum sínum báðum. Til annars þeirra hefir

¹⁾ Þó getur þetta verið nokkurum vafa bundið. Sbr. B. Th. Melsted: Íslendinga saga 235.

hann sótt karlmensku og líkamsatgervi, en til hins gætni, stilling og vinsældir.

Rannveig, móðir Gunnars, hefir sjálfsagt verið kona mjög mikilhæf, þótt sagan sé fremur fáorð um hana. Ekkert er um það getið, hvernig henni hafi líkað kvonfang Gunnars og ekkert um samkomulag hennar við tengdadóttur sína meðan Gunnar var á lífi. Það lítur helzt út fyrir, að það hafi gott verið. Hefir Rannveig að líkindum afskiftalítið verið um háttu hennar og framferði, svo eigi spilti sundurlyndi þeirra heimilisfriðinum. Hefir þó líklegast sjaldan tengdamóðir meiri ástæðu haft til að vera óánægð með tengdadóttur. En hún hefir eigi viljað verða Gunnari syni sínum meiri vandræða valdandi og þess vegna tamið sér að ganga úr vegi með þögn og stilling.

Þó mun henni oftast en einu sinni nóg verið móðið. Þegar hún heyrði Hallgerði hafa í heitingum um að drepa húskarl Bergþóru, varð henni þetta að orði: „Þó hafa húsfreyjur þótt góðar austr hér, at ekki hafi staðit í mannráðum“ (36⁸¹). Var það stillilega sagt og viturlega um leið, og er svo sjá sem Hallgerður hafi ekki haft orð á móti, eins og oftast verður, þegar stillilegt orð af fámálugum vörum snertir samvizkuna.

Við Sigmund Lambason sagði hún, þegar hann hafði drepið Þórð leysingjason, fóstura þeirra Njálssona, og hún heyrði Hallgerði hrósa happi fir víginu: „Þat er mælt Sigmundr, at skamma

stund verður hönd höggvi fegin, enda mun hér svá. Enn þó mun Gunnar leysa þik af þessu máli. Enn ef Hallgerður kemr annarri flugu í munn þér, þá verður þat þinn bani“(42⁹⁸). Sýna þessi orð, hve stillilega hún leitaðist við að bægja hamingjuleysinu frá garði Gunnars, er hamslaus ofstopi ófyrirleitinnar konu hrúgaði utan að honum.

Þegar Gunnar vopnaðist og tók atgeirinn áður en hann réðst til móts við Otkel og bræður hans, veitir Rannveig því eftirtekt, hve hátt syngur í atgeirinum, gengur til hans og segir: „Reiðulegr ert þú nú, son minn, ok ekki sá ek þik slíkan fyrr.“ Koma móðurást hennar og viðkvæmni ágætlega fram í þessum orðum. Hún láir honum ekki þó hann sé reiður, en ber þó kvíðboga sárán fyrir afleiðingunum. Þegar hann svarar henni engu, en ríður brott aleinn, gengur Rannveig til stofu og var þar háreisti mikið. „Hátt kveðit þér“, segir hon, „en þó lét atgeirinn hærra, er Gunnar gekk út“(54¹²⁷). Hún vildi, að Kolskeggur bróðir hans léti hann ekki einan fara, enda beið hann ekki lengur boðanna, en fór. En Hallgerður lét vel yfir öllu og var hin kátasta

Kjark hafði hún í sér til að vara Gunnar son sinn við og láta hann vita, þegar henni líkaði atferli hans miður. Þegar Gunnar hafði vegið Þorgeir Otkelsson og fleiri, sem með honum voru, fagnaði Hallgerður og lofaði mjög verkið, en Rannveig mælti: „Vera má at gott sé verkit,

en verri verður mér við, en ek ætla, at gott muni af leiða“ (72⁶⁷).

Þessar tvær konur, Rannveig móðir Gunnars og Hallgerður kona hans, eru eins og tvö andstæð öfl, er togast á um örlög hans. Önnur er hamingjudís hans, sem vakir yfir velferð hans á nótt og degi. Hin óheillanorn, sem alt ilt vill láta honum í koll koma, og þá fagnar mest, þegar það birtist í ferlegastri mynd. Móðir hans varar hann við með hægð og stillingu frá því að leiða ógæfuna yfir sig. En Hallgerður hvetur hann og æsir með öllu hugsanlegu móti og hrindir honum að lokum með kulda hlátri niður í afgrunninn. Það er svipmikil mynd og stórfengleg af harmsöguleik lífsins, líkust því, að hún væri dregin af konungi skáldanna, SHAKESPEARE, sjálfum.

Þegar óvinir Gunnars sækja hann heim síðasta sinni, og honum flýgur sú óhappahugsun í brjóst, að rétta höndina út á vegginn eftir einni af örum óvinanna og skjóta eftir þeim, segir móðir hans: „Ger þat eigi, son minn, at þú vekir þá, er þeir hafa frá horfit“ (77⁷⁶). En því miður bar hann eigi gæfu til að hlíta þessu viturlega ráði móður sinnar, þó viðkvæman hreim orðanna leggi niður til vor yfir heilan tug alda.

Hallgerður bitur höfuðið af skömm sinni og neitar Gunnari um hárlökkinn. Þegar hún svifti hann með því einu lífsvoninni, er eftir var, mælti

Rannveig: „Illa fer þér ok mun skömm þín lengi uppi“ (77¹⁷⁹). Það er hið eina ádeiluorð, sem hún talar í garð Hallgerðar, áður Gunnar deyr.

Eftir vígið gengur Gizur hvíti til fundar við Rannveigu, en ekki við Hallgerði, sjálfsagt vegna þess hann ber lotningu fyrir henni, en vill sýna hinni auvirðing, og biður hana leyfis að mega jarða tvo menn, sem fallið höfðu af þeim, er að Gunnari sóttu. „At heldr tveimr, segir hon, at ek munda veita yðr öllum“ (77¹⁷⁹). Eigi vildi Rannveig að atgeirinn færi í haug með Gunnari. Vildi hún, að sá einn tæki við honum, er hefna vildi Gunnars. Sýndi hún með því skyldurækni þeirrar aldar við son sinn látinn. Þá var hún svo hörð við Hallgerði, að nærri lá, að hún ætlaði að gjöra út af við hana. Var hún þó orðin kona mjög aldurnigin, að líkindum 65 ára, því Gunnar er talinn 45, þegar hann er veginn. En þá var Hallgerður fimtug. Sýnir það, hve skapið var stórt, bót. vel hefði hún kunnað að stilla, en um leið, af hve ágætum málmi móðir Gunnars hefir gjör verið. Enda kendi hún Hallgerði með réttu víg sonar síns. Varð hún að lúta í lægra haldi, þótt yngri væri, og stökkva burt frá Hlíðarenda.

Af ásettu ráði höfum vér farið yfir sögu Rannveigar, áður vér byrjum á sögu Gunnars. Því mæðrum og móðurfrændum eru menn líkastir. Og enginn vafi getur á því leikið, að mikið af mannkostum Gunnars hefir frá móður hans runnið ver-

ið. Hefði hún fengið að ráða örlögum Gunnars, mundi hann betur hafa fengið að njóta sín og æfi hans. Happasælli orðið, en sagan haft af afreksverkum enn glæsilegri að segja. Lund Gunnars og skapferli sýnist verið hafa mjög líkt móður hans; hann var stiltur og gætinn, orðvar og prúður, en þungur fyrir og hættulegur þeim, er skap hans engdu með miklum mótgjörðum.

II.

Heimili.

Bærinn á Hliðarenda.—Fljótshlíðin.

Svo telst mönnum til, að Gunnar sé fæddur árið 945. Það var fimtán árum eftir að alþingi var sett við Öxará og verulega lögbundin stjórn komst á í landinu. Þá hefir Hrafn Hæingsson, föðurbróðir Hrafnhildar, ömmu Gunnars, enn haft lögsögn á hendi.

Pegar saga Gunnars hefst, býr hann á Hliðarenda í Fljótshlíð með móður sinni. Hann er þá að líkindum 25 ára gamall og faðir hans, Hámundur Gunnarsson, látinn.

Bærinn á Hliðarenda liggur í miðri brekku býsna hárrí, sem öll er grasi gróin. Liggja djúp smágil, grasi vaxin, eftir brekku þessari og gegnum túnið fyrir vestan bæinn. Nokkuð vestar rennur Litla-Pverá, en fyrir austan bæinn liggur djúpt gil og í því dálítill lækur. Innri hluti

Fljótshlíðarinnar blasir við manni og verður hún einlægt fegurri og fegurri eftir því, sem innar dregur.¹⁾

Ofan úr hlíðinni er ljómandi útsýn, bæði til austurs og vesturs. Í austri gnæfir Eyjafjallajökull við himin, eða eins og Jónas Hallgrímsson svo fagurlega að orði kemst:

„Við austur gnæfir sú hin mikla mynd
hátt yfir sveit og höfði björtu svalar
í himinblámans fagur-tærri lind.“

En suður af jöklunum gengur hinn nafnfrægi Seljalandsmúli fram, er Bjarni Thorarinsen kveður um:

„Sólgyltan man eg Múla
mæna þar völlu' of græna.“

Fyrir framan sig hefir maður hið slétta Landeyjaflatlendi, er ótal ár og vatnsföll kvísla sig út um. En þar fyrir utan tekur hafið við og má ráða af hinu alkunna kvæði Jónasar, að brimhljóðið frá hafinu berist heim að bænum á Hlíðarenda, því hann segir:—

„Þá var til ferðar fákum snúið tveimur,
úr rausnargarði hæstum undir Hlíð,
þangað sem heyrir öldufalla eimur;
því hafgang þann ei hefta veður blíð,
sem völdug reisir Rán á Eyjasandi,
þar sem hún heyrir heimsins langa stríð.“

Upp úr hafinu gnæfa hinir einkennilegu klettatindar Vestmanneyja við himin, eins og útvarðar-fylking gegn óvinum landsins.

1) Kaalund. Hist. top. beskr. I, 244.

Hlíðarendi hefir lengi verið talin ágæt jörð, og hafa þar ýmsir heldri menn búið og vel fjáðir. Þó mun búskapurinn hafa verið þar miklu arðsamari í fornöld, en hann hefir á síðari tímum verið. Þá var landrými meira og töluverð kornyrkja á sléttlendinu.

„Þar sem áður akrar huldu völl,
ólgandi þverá veltur yfir sanda.“

Hvergi hafa eyðileggingar-öfl íslenzkrar náttúru meira til leiðar komið en einmitt hér.

Húsagarður frá fyrri tímum sést enn á Hlíðarenda kring um bæinn allan og er óvanalega mikill umfangs. Álíta menn hann sýni, hve umfangsmikil bæjarhúsin hafi verið í fyrndinni, en nú standa þau að eins fremst í húsagarði þessum. Skáli Gunnars á að hafa staðið rétt fyrir austan þenna húsagarð, en þar svaf hann, þegar þeir Gizur hvíti sóttu hann heim á næturþeli, og þar sýndi hann hina frækilegustu vörn áður hann féll. Neðsta hleðslan í hliðarveggnum, þeim er suður veit, á enn að sjást og jafnvel móta fyrir dyrum við austur-stafnvegginn.¹⁾ Í fornöld hefir höfðinglega hýst verið á Hlíðarenda og hús in að miklu leyti verið úr timbri gjör.

1) Kaalund. Hist. top. beskr. I. 445

III.

Atgervi.

Útlit og látbragð.—Vitamunir og mannkostir.—Íþróttir og sportallf nú á dögum.—Afturför í líkamsprótt.—Cecil Rhodes.

Svo nákvæm og listfeng er lýsing sú, er höfundur Njáls sögu gefur af ytra útliti Gunnars á Hlíðarenda, að vér getum gjört oss nær því eins glögga hugmynd um hann og þó vér hefðum af honum ljósmynd.

Sagan segir: „Hann var vænn at yfirliti ok ljóslitaðr, rétt nefit og hafit upp í framan vert, bláeygr og snareygr ok rjóðr í kinnum, hárit mikit, gult, ok fór vel“ (19^{is}).

Yfirliturinn, andlitsfallið, augun og hárið,—alt einkennilega íslenzkt. Aftur var Kolskeggur, b. ðir hans, dökkur á brún og brá og hefir borið vott um keltneska blöndun ættarinar. Við lýsing þessa er því bætt, að hann hafi verið manna kurteisastur. Hann hefir verið einn þeirra manna, sem fæddir eru prúðmenni, enda var það samkvæmt lund hans og upplagi öllu,—endurskin af innra manni hans, en ekki tilgerðar tildur. Það kemur fram hjá Gunnari meiri siðfágun en flestum, ef eigi öllum, fornaldar mönnum vorum, þeim er bardagamenn voru og vígaferla eins og hann.

Ættgöfgi forfeðra vorra kemur einmitt bezt í ljós í hinni prúðmannlegu framkomu þeirra við aðra menn og einkum á mannamótum. Á

Þessari hrottalegu öld, þar sem hnefarétturinn er æðstu lög og sverðið á lofti, hvað lítið sem út af her, koma hinir helztu þeirra fram líkast siðfáguðum þjóðhöfðingjum nú á dögum. Í limaburði, látæði, orðalagi og viðræðum báru þeir það með sér, að vera af konungaættum, ekki síður en í klæðaburði og vopnabúnaði.

Mannkostum Gunnars er lýst á þessa leið: „Hann var harðger í öllu, ráðhollr ok góðgjarn, mildr ok stiltr vel, vinfastr ok vinavandr“ (19⁴⁶). Lýsing þessi er ekki margorð, en nefnir flest það, er mönnum er til prýði og kosta. Hann var harðgjör í öllu, eins og þá var títt, bar enga kveinstafi upp þótt hann fyndi til, hvort heldur líkamlega, eða andlega, heldur bar hann harma sína í hljóði. En um leið og lund hans hafði þetta karlmensku einkenni, var hann þó mildur í umgengni við aðra, enda hefir hann ótalað fengið flesta þá menn að vinum, sem hann umgekst og voru vináttu hans verðir. Hann var ráðhollur við alla þá menn, er ráða leituðu til hans, sýndi þeim ávalt einlægni í öllu, en aldrei tvöfeldni eða undirhyggju, sem ekki var til í eðlisfari hans. Til allra manna var hann góðgjarn og vildi öðruni mönnum vel í öllu, enda átti hann marga vini og góða, var þeim ávalt trúr og dyggur og einlægur, svo þeir máttu reiða sig á hann í öllu, en til þess boðinn og búinn, að fylgja þeim í hvaða mannraun, sem vera skyldi. Enda valdi

hann sér beztu menn að vinum og hélt vináttu þeirra til dauðadags, hvernig sem reynt var að spilla henni. Lund sína kunni hann manna bezt að stilla, forðaðist stóryrði, var fámálugur og fáskiptinn um hagi annarra, hafði ágætt vald yfir geðshræringum sínum í bili, hve sárar sem mótgjörðir voru, en safnast vildi það fyrir hjá honum, eins og gengur, ef mikið var á hluta hans gjört.

Það er ekki tekið fram, að hann hafi verið neinn afbragðs vitsmunamaður. En alt er það viturlegt, sem hann er látinn segja. Auðvitað viðurkendi hann, að Njáll, vinur hans, var honum vitrari maður, enda sótti hann ráð sín stöðugt til hans. Hafa sumir viljað af því draga þá ályktan, að hann hafi verið maður grunnhygginn og ósjálfstæður. En það hyggjum vér fjarri höfundu sögunnar að ætla. Engum kemur til hugar að neita, að Njáll hafi meiri spekingur verið, enda var hann djúpvitrastur maður á öllu landinu og ef til vill í sögu vorri allri. En það þarf vitran mann til að meta spakleg ráð. Og það þarf sérlega sjálfstæðan mann til þess að láta sér aldrei minkunn þykja ráð að sækja til spaks vinar, jafnvel þegar vináttuböndin eru fyrir rás viðburðanna í þann veginn sundur að gliðna, og lítilmenni öll færa það til verra vegar, ef ráð þarf að sækja í annars garð. Naumast er það ætlanda heldur, að svo dælt

hefði með þeim Njáli verið og hann metið Gunnar öllum mönnum meir, ef Gunnar hefði andlega einungis verið þiggjandi og engum andans auð haft að miðla vini sínum á móti.

Ytri hæfileikum Gunnars lýsir sagan svo: „Hann var mikill maður vexti ok sterkr ok allra manna bezt vígr. Hann hjó báðum höndum ok skaut, ef hann vildi. Ok hann vá svá skjótt með sverði, at þrjú þóttu á lofti at sjá. Hann skaut manna bezt af boga ok hæfði alt þat, er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína í öllum herklæðum, ok eigi skemra aftr en fram fyrir sik. Hann var syndr sem selr. Ok eigi var sá leikr, at nokkvarr þyrfti við hann at keppa, ok hefir svá verit sagt, at engi væri hans jafningi (1943).

Hér er íþróttamanninum lýst og hefir það sjálfsagt verið sannfæring söguritarans, að aldrei hafi listfengari íþróttamaður á Íslandi verið en hann. En lítið sýnist Kári Sölmundarson hafa staðið honum á baki, að því er til fimleika kemur; en hann hefir verið maður minni vexti og ekki eins rammur að afli og Gunnar. Annars voru forfeður vorir íþróttamenn svo miklir, að oft má ekki milli sjá, hver þeirra fræknastur er eða fimastur.

Aldrei sjáum vér Íslendingar betur, hve þjóðerni vort er komið í kút, en þegar vér virðum fyrir oss fimleika fornaldarinnar. Svo má

það nú heita, sem með oss séu allar líkamsæfingar og fimleika niður fallnar. Vér höfum auk heldur verið á hraðri afturför í þeim efnum síðastliðna öld. Vér kunnum eitt sinn á skíðum og æskumenn æfðu skíðaferðir allmikið; höfðu þeir af því ágæta skemtan, stæltu með því líkama sinn og vöðva, ekki síður en áræði sitt og þor.

Frændur vorir í Noregi æfa sig stöðugt í skíðaferðum. Á vetrum er það sú lang-almennasta skemtan, sem þar er um t. h. höfð. Í henni taka piltar og stúlkur jafnan þátt. Æskulýðurinn kemur saman langar leiðir til að þreyta um þau verðlaun, sem heitin eru þeim, er snjallastir eru skíðamenn, enda eru þeir ótrúlega langt á leið komnir í þessari karlmannlegu íþrótt.

En með oss Íslendingum deyr þetta út, eins og svo margt annað og það á þessari dæmalausú framfaraöld.

Eins með glímurnar. Þær voru eitt sinn bezta skemtanin vor og þjóðlegasta. Nú eru þær einnig að leggjast niður, svo til þess er tekið, að eigi sé unt orðið að fá svo sem neina til að taka þátt í glímu sjálfan þjóðminningardaginn í Reykjavík, og þeir sem það gjöri, séu stirðir og lítt æfðir og glími fremur af kröftum en list. Og þegar svo er komið, er þeim þjóðlega leik illa aftur farið.

Það er eins og allan áhuga bresti til að stæla og styrkja vorar aflausu taugar. Þess vegna er líkamsatgervi vort, sem í fornöld var með blóma

svo miklum, alt að komast í kút. Vér erum fyrir
bragðið að verða þollitlir aumingjar og áræðis-
lausir. Hugsum oss fáeina nútíðar-Íslendinga,
þeirra sem skrumgjarnastir eru út af yfirburðum
þjóðar vorrar, standandi afklædda og allsnakta
frammi fyrir álitlegum hópi fornaldarmanna frá
sögutímanum, — mikinn óskaplegan hlátur mundi
afstýrmilegur líkamsskapnaður þeirra vekja.

Taugakerfið er bilað. Um langan aldur höf-
um vér í lélegum hásakynnum búið og loftillum,
ekki haft nema haldlausa fæðu og óholla oss til
munns að leggja og hana af skornum skamti oft
og tíðum, en lifað agalitlu lífi og spiltu, að því er
sambúð karla og kvenna snertir, og neytt áfengis
í óhófi óskaplegu mann fram af manni; alt þetta
hefir dregið úr oss dug og dád, svo nú stöndum
vér skjálfandi og hræddir frammi fyrir hverri smá-
torfæru, látum oss alt í augum vaxa, erum svo
ósjálfstæðir í skoðunum, að hægt er að vefja oss
um fingur sér, hve nær sem nokkur vill hafa sig til
þess, — erum uppstökkir, orðsjúkir, reiðigjarnir og
undillir hver við annan, svo lífið verður ömurlegt
og sundur rífið, en þó kjarklausir og sleikjugjarnir,
þegar vér eigum við þá, er standa á hærri stöð-
um, og þorum ekkert að segja, nema fullir og
júkandi reiðir; en þá tekur enginn tillit til
þess. Svona er nútíðarkynslóðin, þó raunalegt
sé að þurfa að taka það fram, eða allur þorri

hennar. Og því miður er ekki reynt að bæta úr því með neinu.

Vér erum orðin taugabiluð þjóð. En taugabilanin er eitt hið órækasta afturfararmerki þjóðanna. Líkamleg og andleg visnan er henni ávallt samfara. Sé ekkert við þessu gjört, dettum vér bráðum úr sögunni. Það er lítið annað en hið ágæta loftslag á hólmanum vorum forna, sem heldur oss við. Annars værum vér þegar farnir. En enginn lifir lengi á loftinu einu. Hér mætti eigi við svo búið standa.

Með menningarþjóðum heimsins öllum stendur sportslífið í mesta blóma nú á dögum. Það væri talið óyggjandi merki andlegrar og líkamlegrar hnignunar, ef það félli níður. Alls konar kappleikar, afraunir og íþróttir eru álitinn sjálfsagður hlekkur og ómissandi í uppeldi æskulýðsins. Það er svo langt frá, að þeim sé í þess háttar að fara aftur, að það má heita í stöðugri framför og afhaldi meira og meira. Það er ekki einungis æskulýðurinn, er þátt tekur í leikjum þessum og líkamsæfingum, heldur einnig ráðnir og rosknir kaupsýslumenn og embættismenn. Það gjörir menn duglegri, ötulli, kappgjarnari og þolnari í allri samkepní lífsins og virðist með öllu nauðsynlegt skilyrði þess, að menn verði dugandi menn við hin alvarlegu lífsstörf.

Það var eigi í athugaleysi gjört eða í lausu lofti hugsað, þegar hinn nýlátni merkisnaður, CECIL RHODES, tók það fram, v'n leið og hann gaf

úr háskólanum í Öxnafurðu auð sinn til námsstyrks handa efnilegustu námsmönnum í Bandaríkjunum og nýlendunum brezku, að eitt af skilyrðunum til að öðlast námsstyrk þenna skyldi vera það, að væntanlegir styrkþegar tækju öðrum námsmönnum álíka mikið fram að leikfimi og íþróttum eins og hæfileikum til námsins sjálfs. Til að komast í tölu þeirra manna, sem heiminum stjórna og mest áhrif hafa á örlög þjóðanna og afdrif framfaramála, áleit hann nokkurn veginn jafn-árfíðandi, að haf. tamið líkama sinn og æft í þeim leikjum og íþróttum, þar sem sá, er fimastur er og snarráðastur, ber jafnan sigur úr bítum, eins og að hafa mikið andans atgervi til að bera.

Íslendingar í Vesturheimi ættu sem allra bráðast að komast inn í hið öfluga sportslíf, er þeir sjá hvarvetna í kring um sig. Það er eflaust eitt skilyrðið fyrir því, að þeir fái staðið þeirri þjóð nokkurn tíma jafnfætis, sem þeir hljóta í öllum efnum við að keppa. Mig tók það sárt, þegar eg las það í blöðunum ekki alls fyrir löngu, að Svíar hefðu stofnað skíðaklúbb í Winnipeg, þótt þeir séu þar margfalt færri en Íslendingar. Mér fanst að landar mínir hefðu þar átt að verða á undan.

Ekki neita eg því samt að halda þarf öllu þessu í skefjum og innan ákveðinna takmarka. Sjaldan ætlar sportslífið alt annað að gleypa,— yðileggur t. d. algjörlega námstímann og náms- hugann við skólana hjá eigi svo fáum. Það er

svo sem að sjálfsögðu öfugt og ekki bótmælandi. Allri blessan má í ből snúa. En æskufjörð þarf ávalt einhverja afrás. Um að gjöra, að sjá því fyrir einhverjum eðlilegum farveg. Annars brýzt það inn á hættulegar brautir og banvænar. Ekkert er hollara en karlmannlegir leikar. Einkum ætti knattleikurinn, sem er þjóðleikur með enskum þjóðum, að hafa sérstakt aðdráttarafl fyrir oss Íslendinga, þar sem hann tíðkaðist á fósturjörð vorri í fornöld og er um leið einn hinna göfugustu leikja, sem tíðkaðir eru með nokkurri þjóð.

IV.

Málaferli.

Unnur og saga hennar.—Gunnar sækir ráð til Njáls.—Á þingi.—Örlaga-práðurinn.—Skugginn á lífaleið Gunnars.

Saga Gunnars byrjar fremur óheppilega. Hann neyðist til að taka að sér mál, er hann helzt hefði hvergi viljað nærri koma. Fyrsta málið, er hann hafði nokkur afskifti af, er fjárheimtumál Unnar. Hún var kona fremur óvönduð og laus á kostum. Hafði hún haft óvirðing mikla af hjúskaparmálum sínum og skilnaði við mann sinn, góðan mann og gegnan, vitran og vel látinn. Faðir hennar var Mörður gígja. Að honum látnum eyddist fé Unnar á skömmum tíma, því hún var "örlynd ok óforsjál um fjárhagi" (1943). Var hún frændkona Gunnars og leitar til hans í vandræðum sínum. Biður hún hann að hefja fjárheimtu-

mál á hendur Hrúti, sem henni þykir hafa féflett sig, þegar þau skildu. Gunnar færðist lengi undan og var tregur mjög til að taka mál þetta að sér. Hann býður henni að hafa svo mikið af eigin fé sínu, sem hún þurfi. Sýnir það, hve óeigingjarn maður Gunnar var. En það vill hún ekki með nokkuru móti þýðast og heldur hinu fast fram, að hann taki að sér mál hennar; ögrar hún honum nærri því til þess. Segir, að hann geti sótt ráð til Njáls „Er hann ok vinrþinn mikill“ (21⁴⁸). Er það fyrsta sinni, að getið er vináttu þeirra, Gunnars og Njáls. Enda er svar Gunnars einkennilega hlýlegt, þegar Njáll er dreginn inn í talið. „Ván er mér, at hann ráði mér heilt sem öllum öðrum“. Tók Gunnar þá við málinu og fær Unni fé eins og hún þurfti.

Upp úr þessu fer Gunnar og sækir Njál heim í því skyni að leita hjá honum heilræða í máli þessu. Er það fyrsta sinni, að sagt er frá samfundum þeirra vinanna. „Heilræði em ek kominn at sækja at þér,“ segir Gunnar. „Margir eru þess vinir mínir maklegir, at ek leggi til þat, sem heilt er, enn ætla ek at leggja mesta stund á við þik“ (21⁴⁸). Vinátta Njáls við Gunnar var engin uppgerð. Honum þótti fjárheimtumál þetta vera vándamál, en hét þó að leggja á þau ráð, er duga mundu, ef eigi væri út af brugðið. „En líf þitt er í hættu, ef þú

gerir eigi svá. “—, Hvergi skal ek af bregða,” segir Gunnar.

Njáll leggur nú á ráðin og lætur höfundur sögunnar hann gjöra það með hinni mestu nákvæmni. Skyldi Gunnar fara norður í Laxárdal í dularbúningi og látast vera Kaupahéðinn, illa ræmdur maður eyfirzkur. Átti hann, eftir að hafa farið ýmsa króka, að hitta Hrút og fá hann sjálfan með kænsku til að segja, hvernig taka skyldi upp fjárheimtumál Unnar, svo ekki mætti ónýta. Fór Gunnar að öllu eins og Njáll hafði lagt ráðin á. Lætur höfundurinn alt ganga nákvæmlega eins og Njáll hafði sagt fyrir. Kemst Hrútur að því, að þetta muni enginn annar en Gunnar á Hlíðarenda verið hafa, þegar hann er frá honum farinn, en ráðin Njáls.

Þegar til alþingis kemur, sækir Gunnar málið og eru þá æsingar allmiklar, svo Hrútur ætlar að veita honum atögu, en treystist ekki. En er Gunnar býður Hrúti að flytja fram vörn í máli þessu, segir hann málið ónýtt, því þrjá votta vanti, sem ekki hafi nefndir verið. Njáll var eigi viðstaddur, þegar Gunnar hóf málssóknina, en kemur nú að og segist geta borgið málinu, en Gunnar vill ekki þiggja. Má af þessu sjá, að Gunnar hefir treyst sér of vel, af því vel hafði gengið í fyrstu, og eigi ráðgast nógu vel um við Njál, þótt kannast hefði hann við, áður hann tók við málinu, að eigi væri það hans meðfæri, þar sem hann væri mað-

ur ólögfróður. En af því honum hefir yfirsézt, vill hann nú ekki láta aðra hjálpa sér úr vandræðunum, en grípur til sinna ráða. Skorar hann nú Hrút til hólmgöngu. „Ok skalt þú berjast við mik í dag í hólmi þeim, er hér er í Öxará. En ef þú vill eigi berjast, þá greið þú út féit alt í dag“ (24⁵⁶). Féll þá niður bæði sókn og vörn í málinu. Fyrir orð Höskuldar, bróður Hrúts, varð ekkert af einvíginu; greiddu þeir bræður féð af hendi og létu sér vel farast. En allþungt var þeim niðri fyrir. Spáir Hrútur því, að Gunnari muni hefna fyrir afskifti sín af máli þessu, en þó muni þeim bræðrum engin ánægja né fremd að því verða.

Þessi hugsan um afleiðingarnar af gjörðum mannanna -- hvernig þær fléttast inn í líf þeirra annaðhvort til hamingju eður óhamingju — gengur eins og rauður þráður gegn um allar fornaldarsögur vorar. En með snild einna mestri er þessi örlagaþráður látinn í ljós koma í Njáls sögu, þar sem örlögum vinanna, Gunnars og Njáls, er brugðið upp í ógleymanlegri skuggsjá.

Mál Unnar gegn Hrúti voru af lélegum toga spunnin. Góður maður varð þar fyrir ofsókn óvandadrár konu og illa innrættrar. Það er eins og skuggann af auðnuleysi Unnar leggi yfir á Gunnar um leið og hann fer að veita henni að málum þessum.

Gunnar hafði samt hina mestu sæmd af þessum fyrstu afskiftum sínum af annarra málum.

Hann færði Unni féð alt og vildi sjálfur ekkert af því hafa. En hún gekk síðar að eiga Valgarð hinn gráa. Með honum átti hún Mörd, sem illur var til frænda sinna allra, en verstur til Gunnars, og var seinast í hópi banamanna hans. Hans ráðum var það að kenna, að Gunnar vo tvisvar í hinn sama knérunn. Hann er skugginn, sem afskiftin af málum auðnulausrar konu, varpa á vegu Gunnars.

V.

Víking.

Gunnar kemur til Norega.—Eyjan Hising.—Langakipin.—Í Gautelfarmynni.—Reval.—Ösel.—Með Haraldí Gormesyni.—Með Hákoní jarli.—Bergljót.—Fornmenn erlendis.—Göfugt blóð.—Nú á dögum.

Norðmaður einn kom til Íslands haustið 971, eftir því sem mönnum telst til. Hét hann Hallvarður hvíti og var úr Víkinni í Noregi, eða úr bygðinni við Kristjáníusfjörðinn austanverðan, nálægt því, er nú stendur höfuðborg Norðmanna. Hafði hann vetursetu að Hlíðarenda. Taldi hann þá Gunnar mjög til utanfarar. Tók Gunnar því fálega í fyrstu, en þó ekki með öllu ólíklega. Um vorið ráðgast hann um þetta við Njál og fýsir Njáll hann fararinnar: „Munt þú þér vel koma, þar sem þú ert“. Biður Gunnar hann þá að vera fjárhaldsmann sinn meðan hann sé erlendis og sjá um búið með móður sinni. „Ek skal styðja þik

um þat, er þú vill“, segir Njáll. „Vel mun þér fara“, segir Gunnar (28^{6a}).

Því næst ræðst Gunnar til utanfarar með Norðmanninum. En áður þeir leggja af stað, fær Gunnar hann til að lofa sér því að sigla með honum í Austurveg; en með því nafni táknuðu forn-menn löndin fyrir austan Eystrasalt, sem nú liggja undir Rússland. Þegar hann kemur til Noregs sumarið 972, eða um það bil, réð þar ríkjum Hákon jarl Sigurðsson. Þá voru þau dauð Haraldur gráfeldur og Gunnhildur. Þeir sigldu til Túnbergs, sem nú er Tønsberg kallað, dálítill bær inni við Kristjáníufjörðinn. Þar voru þeir um veturinn. Um vorið fóru þeir inn eftir firðinum, inn til Víkurinnar, eða inn að fjarðarbotni. Fengu þeir sér þær tvö skip og útbúning allan og réðu menn til í irra. Héldu þeir fyrst til eyjarinnar Hísing, er liggur í mynni Gautelfar (Götaelv), á takmörkum Norðurlanda; kvíslast elfin um hana tveim megin, áður hún fellur út í hafð.

Ey þessi er að mörgu merkileg og sögurík. Þar hafði eitt sinn búið faðir þeirra Sigtryggs snarfara og Hallvarðar harðfara, er voru með Haraldi konungi hárfagra og tóku langskipið og grávöruna af Þórólfi Kveldúlfssyni, eins og sagt er frá í Egils sögu (41. k.) Hafði hann stórauðugur maður verið og látið þar bæ gjöra hinn reisulegasta, en þeir bræður tekið arf eftir hann. Til hefndar fór Þórólfur þangað, brendi bæinn á næturþeli og

drap yfir 20 manns, en rændi fé öllu. Þetta hafði gjörst í eygni Hísing rúmum hundrað árum áður en þeir Gunnar voru á ferðinni (876).

Nú bjó þar í eygni maður að nafni Ölvir og var frændi Hallvarðar hvíta, félaga Gunnars. Var þeim þar vel tekið; fanst Ölvi þessum mikið til um Gunnar. Hann lagði þeim til langskip tvö, annað tvítugssessu, en hitt þrítugssessu og skipaði hann húskörlum sínum á annað, en bændum á hitt. Urðu þeir félagar glaðir við, enda var þetta höfðinglega að verið, og sagðist Ölvir mest gjöra þetta Gunnars vegna. Svo hamingjusamlega leizt honum, á hann. Hefir mörgum Norðmönnum vel til Íslendinga verið um þessar mundir, þótt öfundin stundum fengi yfirhönd. En sjálfsagt hefir það í samningum verið með þeim, að Ölvir fengi sinn hlut af herfanginu, ef vel gengi.

Þeir félagar voru nú albúnir til að hefja æfintýra för sína. Má nærri geta hvílskur eldmóður hefir verið í huga Gunnars, sem svo mikið hefir af víkingalífinu heyrt, en aldrei áður neinn þátt í því tekið.

Í Elfarmynninu lágu bræður tveir, enda var það mesta víkingabæli. Voru þeir taldir víkingar hinir verstu og nemdust Vandill og Karl; stóð mönnum af þeim stuggur mikill. Varaði Ölvir Gunnar við þeim, enda lögðu víkingar óðar til orustu. Urðu vopnaviðskipti hin hörðustu. Áttu þeir bræður, Gunnar og Kolskeggur, þar fult í

fangi, en urðu þó víkingum að bana og fengu herfang mikið, Á meðan á bardaganum stendur, segir sagan, að Gunnar hafi ort vísu, því meðal annars á honum að hafa verið það til lista lagið að vera skáld, en líkindi þykja til, að vísurnar í Njálu séu flestar yngri en sagan eða viðburðirnir. En sá, er lagt hefir vísurnar í munn Gunnari, hefir vel skilið, hvílskur fögnuður hlaut nú að vera í huga hans, út af því að vera nú loks kominn í þann hildarleik, er heillað hefir huga hans, bæði í vöku og svefni, frá því hann var í æsku.

Þetta var fyrsta orustan, sem Gunnar hafði í verið. Áður þekkti hann víkingalífið að eins af afspurn. Nú var sjón sögu ríkari. Þeir bræður höfðu nú sýnt það, að eigi voru þeir ættlerar feðra sinna, þó aldir væru upp á Íslandi.

Úr Gantelfarmynninu héldu þeir félagar suður til Danmerkur og þaðan austur í Smálönd, sem nú er **Smaalandene** kallað í Svíþjóð. Áttu þeir í mörgum orustum og höfðu jafnan sigur. Svo er að sjá, sem þar hafi þeir um veturinn verið, því það er tekið fram, að þeir hafi haðið astur í víking að hausti. Næsta sumar héldu þeir til Rafala. Hlýtur það að vera bær sá á Rússlandi. sem nú heitir **Reval** eða **Revel**, höfuðborgin á Estlandi, og stendur við fjörð dálítinn, er skerst inn úr Finska flóanum að sunnanverðu, beint á móti **Helsingfors**, höfuðborg Finnanna, hinum megin flóans, og 52 mílur enskar þaðan, en 232

mílur frá St. Pétursborg. Ekki getur Rafali hafa mikil borg verið um þessar mundir, því það var eigi fyrr en liðugum 200 árum síðar (1219), að Valdimar annar, Danakonungur, löggilti bæinn sem verzlunarstað. En upp frá þeim tíma varð hann einn hinna blómlegu Hansaborga og nú eru þar einar 50—60 þúsundir manns.

Í Rafala urðu víkingar aftur fyrir þeim Gunnari; börðust þeir við þá og fengu sigur. Þaðan héldu þeir til Eysýslu. Kallar sagan það austur, en aðal-stefnan er suður. Það sem forfeður vorir nefndu Eysýslu, er eyjan **Ösel**, sem liggur fyrir mynni líflenzka flóans. Það er ey allstór, 45 mílur á lengd og 1000 ferhyrningsmílur að flatarmáli; nú munu þar um 60 þúsundir manns. Þar lendir þeim í orustu við víkingana, Hallgrím og Kolskegg. Voru þeir álitnir einhverir hinir mestu orustumenn, er uppi voru, og svo vel vopnum búnir, að eigi gat önnur eins. Hér báru þeir Gunnar aftur sigur úr bítum. Fekk Gunnar atgeirinn að sigurlaunum, sem síðan fylgdi honum til dauðadags og yfirnáttúrlegt eðli átti að fygja, eins og svo mörgum vopnum öðrum, er frægir menn báru í fornöld. En Kolskeggur fékk saxið, er hann bar ávalt síðan og var hinn mesti kostagripur.

Nú þykist Gunnar hafa aflað sér nægilegs fjár og frama og vill nú hætta víkingsskap, en hverfa til frænda sinna á Norðurlöndum. Hann

siglir nú „úr Austurvegi með fé miklu. Hann hafði tíu skip ok hélt þeim til Heiðabæjar í Danmörku“. En svo var þá þér sá nefndur, er Slésvík heitir nú og var systur verzlunar-bær í Danmörk hinni fornu. Var þá Haraldur Gormsson konungur í Danmörk og var hann staddur þar upp í landi, eigi all-langt þaðan. Honum hárust brátt fregnir af Gunnari, að hann væri þar að landi kominn og enginn væri jafningi hans á öllu Íslandi. Bauð konungur honum þegar til sín og hafði svo mikið við hann, að hann setti hann hið næsta sér. „Konungur hafði þat at gamni, at hann lét Gunnar reyna ýmissar íþróttir við menn sína ok váru þeir engir, at né eina íþrótt hefði til jafns við hann. Konungur mælti til Gunnars: „Svá virðist mér sem óvída muni þinn jafningi fást“. Vildi hann láta Gunnar staðfestast þar og fá kvonfang og ríki mikið. En það vildi Gunnar eigi og kvaðst hverfa mundu til frænda sinna á Íslandi; og er konungur gaf í skyn, að þá mundi hann aldrei aftur koma, sagði Gunnar: „Auðna mun því ráða, herra“. Gaf hann konungi stórgjafir, langskip gott og marga dýrgripi, en konungur honum aftur „tignarklæði sín ok glófa gullfjallaða ok skarband — ok gullknútar á — ok hatt gerzkan“ (70). Að glófarnir voru gullfjallaðir þýðir sjálfsagt, að þeir hafi verið gullsaumaðir. En skarbandið er hárband og er dregið af orðinu sköðr (ef. skarar), er þýðir karlmannshár á forn-

máli voru, eins og kvenhár er kallað haddur; bendir það að líkindum til þess, að fornmenn skeltu þvert neðan af hári sínu, en stallur vanalega skorinn í enni, svo það félli eigi í augu niður, því ekki höfðu menn þolinmæði til að vera að síkamba það; en að öðru leyti létu karlmenn hár sitt vaxa og höfðu hand um það í hnakka og hafa þá ef til vill gullhnútar eða skúfar verið á endum, þegar viðhöfnin var sem mest. Hatturinn gerzki hefir sjálfsagt verið kominn alla leið sunnan úr Miklagarði og verið gersemi hin mesta. Annars er lýsingin á gjöfum þessum býsna lík því að vera bergmál einhverrar riddarasögu, sem höfundurinn hefir lesið.

Þegar Gunnar hafði hálfan mánuð verið með Haraldi konungi, fór hann norður til Hísingar. Færði hann Ölvi skip sín öll; tók hann við þeim, og kvað Gunnar vera dreng góðan. Enda hafði honum þá vel farist, og má vera, að þetta hafi í samningum með þeim verið, þegar Ölvir lagði honum til skip og menn. Þegar Gunnar kom fyrst til Noregs, hafði hann ekki viljað ráðast til Hákonar jarls Sigurðssonar, heldur reyna gæfu sína öllum óháður, svo hann sækti ekki virðingu sína alla til hans. Og þegar hann er búinn að vera tvö ár í víking, leitar hann ekki fyrst á fund hans, heldur til Haraldar Gormssonar, er tekur við honum sem stórhöfðingja og sæmir hann konunglegum gjöfum.

En þó lízt honum réttast að enda þessa utanför sína með því að sækja á fund Hákonar jarls, því nú þóttist hann reyndari maður en áður og geta fyrir hann gengið meir eins og jafningi hans og hirðmanna hans. Jarl var um þetta leyti í Prándheimi og bauð Gunnari að vera með sér um veturinn. „Hann virðist þar hverjum manni vel,“ segir sagan. Og að jólum gaf jarl honum gullhring. Gunnar var enn maður ókvongaður og sýndist mönnum hann hneigja hug til Bergljótar, frændkonu jarls, og hefði jarl eflaust fús verið til mægðanna og þózt vel af þeim sæmdur, ef Gunnar hefði farið þess á leit. Að minsta kosti heldur höfundur sögunnar því fram. En þetta gjörði hann eigi, af hvaða ástæðum sem það hefir verið. Ef til vill hefir hann haldið, að það mundi koma í veg fyrir heimför sína til Íslands, sem nú hefir fastráðin verið í huga hans, og þess vegna eigi látið þá hugsan fá vald yfir sér. En hér virðist eitthvað verið hafa í fari Gunnars, ekki með öllu ámælislaust.

Hamingju sína og óhamingju smíðar hver maður sér meir með háttalagi sínu við konur, en flestu öðru. Þungur konuhugur, er særður hefir verið, verður því ósjaldan valdandi, að sá verður óheppinn í vali, er fyrir verður, þegar til kvonfangs kemur. Þess vegna er leikur með tilfinningar í ástámálum svo varasamur og varhugaverður; það hefir mörgum góðum manni í

förnöld og nútíð að hamingjumissi orðið. Líkandi eru til að örlög Gunnars hefðu bjartari orðið og hjónaband hans giftusamlegra, ef hann hefði leitað þessa ráðahags. Vorið 974 fer hann aftur heim til Íslands og fær jarl honum mjöl og við í skip sitt.

Eigi hefir lýsing sögunnar af utanför þessari annan eins veruleika-blæ yfir sér, og hið annað í sögu Gunnars. Ósjálfrátt sleppir höfundurinn sínum traustu tókum á rás viðburðanna, þegar út fyrir landsteinana kemur. Það sem á daga Gunnars drífur, verður undurlíkt því, sem aðrir höfðu líka frá að segja. Enda er hætt við, að afreksverk forfedra vorra erlendis hafi eigi minni orðið, þegar sögurnar um þau höfðu gengið mann frá manni, einn mannsaldurinn eftir annan. Samt þarf eigi um það að efast, að forfeður vorir hafi gjört garðinn frægan með framkomu sinni og afreksverkum, er þeir voru með erlendum þjóðum. Og góðra gjalda væri það vert, ef þeir Íslendingar, er á vorum dögum dvelja erlendis hingað og þangað, gætu vafið fósturjörðu sína öðrum eins frægðarljóma í hugum annarra þjóða og forfeður vorir gjörðu.

Það hefir verið tekið fram af einum djúpvitrasta sagnaritara Norðurlanda (Sars), að gðfugra blóð hafi runnið í æðum hinna fornu Íslendinga en nokkurar þjóðar annarrar. Aldrei kom það betur í ljós, en þegar þeir voru erlendis. Það leyndi

sér þá ekki, að þeir báru af öðrum fyrir flestra hluta sakir. Það er samhljóða vitnisburður sagna vorra; það var sú meðvitund, er fremur flestu öðru hratt sagnaritaninni af stað. Höfundunum fanst þeir hafa frá einhverju að segja, er eigi mætti með nokkuru móti gleymast eða liggja í þagnar-gildi.

Hvernig kemur Íslendingurinn nú fram, þegar hann er erlendis? Verður konunga blóðsins nokkurn tíma vart? Kemur það í ljós, að hann sé af góðu efni gjör í samanburði við aðra menn? Ber nokkuð á hinna göfugu lund? Sver hann sig nokkuð í ættina til forfeðranna með því, er hann lætur eftir sig liggja? Getur hann sér góðan orðstír og álit góðra manna? Er honum ant um heill og heiður fósturjarðar sinnar? Þykir honum minkunn að þjóðerni sínu eða sómi? Lætur hann sér eins ant um það og forfeður vorir, að það að vera Íslendingur þýði ávalt hið sama og að vera góður drengur?

Með þessar spurningar í huga, siglum vér nú með Gunnari heim aftur til Íslands.

VI.

Kvonfang.

Yfirlætisleysi.—Að Bergþórshvoli.—Göfuglyndi og öfund.—Góð málaefni.
Á þingi.—Hallgerður.—Ráðahagur.—Brúðkaup.

Þegar þeir bræður, Gunnar og Kolskeggur, komu heim úr utanför sinni, urðu menn þeim

næsta fegnir. Það hefir þótt all-dapurt í sveitinni án þeirra, en birta til við heimkomuna. Enda voru þeir blíðir og góðir við alla, svo augljóst varð, að ekki hafði aukist dramb þeirra. Það eru smámenni ein, sem drembilát verða, þótt þeir verði fyrir einhverjum frama. Þeim stígur ávalt hver smá-velgengni til höfuðsins og geta um ekkert hugsað nema ímyndaða yfirburði sína yfir aðra menn, en verða að athlægi góðra manna fyrir bragðið. Í mannlífinu er þetta svo títt, af því flestir eru smámenni, en hin yfirlætislaus herra-mannslund hjá svo fáum.

Fljótur var Gunnar að spyrja, hvort Njáll vinur hans væri heima. Riðu þeir bræður þá til Bergþórshvols og varð Njáll feginn komu þeirra. Þótti honum Gunnar vera afreksmaður mikill orðinn og mjög reyndur, er hann heyrði um allar þær mannraunir, er hann hafði í verið. Má nærri geta, að gáfaður höfðingi úti á Íslandi eins og Njáll hafi því feginn orðið að fá sannar sagnir af högum og háttum, höfðingjum og viðburðum erlendis. Það hefir verið hátíð að Bergþórshvoli, þegar Gunnar sagði þar frá ferðum sínum.

En það sagði Njáll Gunnari fyrir, að meira mundi hann síðar reyndur verða og að margir mundu öfunda hann. „Við alla vilda ek gott eiga“ segir Gunnar. Hann var ekki einn þeirra, sem helzt vilja eiga í róstum og illdeilum. En Njáll þykist sjá langa leið inn í framtíðina og

verður áhyggjufullur fyrir örlögum vinar síns og kennir sárt til í hjarta sínu vegna hans. „Mart mun til verða, ok munt þú jafnan eiga hendr þínar at verja“. Hann vill vara hann við sem best hann má. „Undir því væri þá, at ek hefða málaefni góð“. — Svá mun ok vera, ef þú geldr eigi annarra at“ (32⁷). Sýnir þetta tal Gunnars einkar glögt, hve góðan mann hann hafði að geyma. Hann bar ekki síður af samtíðarmönnum sínum flestum að góðleik hjartans og gðfugleik hugarfarsins, en að frækleik og vígfími.

En það er oft eins og alt ilt fylki liði utan um þann, sem öðrum er fremri að mannkostum, án þess hann hafi ciginlega nokkuð til saka unnið annað en það, að vera betri maður og meiri en þeir sem kring un. hann eru. Og með engri þjóð á þetta sér frekar stað, en með vorri smælingjaþjóð. Það var svo í fornöld; það er svo enn. Þeir menn sem best vilja þjóð vorri og gætu verið henni bæði sverð og skjöldur, eiga oftast nær hendur sínar að verja. Óvinaliðið safnast gegn þeim úr öllum áttum; þeir hafa vanalega lítið fylgi og eiga litlum vinsældum að fagna eða almenningshylli. Með oss má helst enginn taka öðrum fram eða vera öðrum fremri að hæfileikum og mannkostum. Annars kemur öfundin og smásálarskapurinn og illkvitnin, eltir hann á röndum og bitur hann í hælana, þangað til hann verður að lúta lágt og dettur úr sögunni.

En þá er þeim mun meir um að gjöra að hafa málaefni góð, eins og Gunnar kemst að orði. Á annan veg mundu mál þjóðar vorrar snúast, væri þes: ávalt rækilega gætt. Úrslitin yrðu þá eigi ávalt ósigur. Góðir menn og góð málefni bæru þá stundum sigur úr bótum í baráttunni eins og í lífi annarra þjóða. En með oss eru þeir svo fáir, er láta sér um það ant, að hafa öldungis hreinar hendur, bæði í stóru og smáu, og svo verða málaefnin ekki að öllu leyti góð.

Gunnar og þeir félagar allir riðu til þings, en Njáll fór hvergí það sumar. Bjóst Gunnar við að verða þar spurður tíðinda, en hálf-kveið fyrir, því hann hefði ekki lund til að hrósa sér, en gott þætti sér að finna góða menn. Voru þeir félagar allra manna bezt klæðum búnir, þeirra er á þingi voru, svo að allir undruðust. Enda hafa engin tæki til þess verið að koma upp vönduðum vefnaði og skrautklæðum á Íslandi um þetta leyti. Alt þess konar hefir orðið að sækja til annarra landa, eins og lengst hefir viljað við brenna. Og í eiginlegum skrautklæðum gengu helst þeir, sem verið höfðu konungum eða öðrum höfðingjum handgengnir, eða fengið þau að erfðum.

Margir spurðu nú Gunnar tíðinda, eins og við var að búast. Á þann hátt hafa sögur vorar myndast, að frá afreksverkum frægra manna hefir sagt verið á þingi, en þaðan hafa sögurnar borist út um land alt, og orðið almenningseign. Gunnar

var við alla menn léttur og kátur og sagði öllum slíkt, er vildu.

Dag einn var hann á gangi fyrir framan Mosfellinga-búð. Gengu þá konur nokkurar til móts við hann. Var Hallgerður Höskuldardóttir fyrir þeim. Tekur hún Gunnar þegar tali og mælir alldjarflega til hans, eins og væru þau gamlunnug, þótt hún að líkindum aldrei áður hafi séð hann, setur sig niður hjá honum öldungis ófeimin og biður hann að segja sér af ferðum sínum. Bæði voru þau skrautbúin, eftir því sem þá var títt. Gunnar bar tignarklæði þau, er Haraldur konungur Gormsson gaf honum, og hefir sá búningur eflaust gjör verið upphaflega handa konungi sjálfum. Hefir hann að líkindum haft skarbandið gullskreytta um hár sér, en haldið á glófunum gullfjölluðu í hendi og borið hringinn, Hákonarnaut, á fingri.

En ekki var Hallgerður síður skrautbúin. Bæði mun hún nú glysgjörn verið hafa að eðlisfari og svo hafði hún nú ástæðu allmikla til að tjalda því, sem til var. Hún var nú kona 34 ára gömul, eða þar um bil, hafði þegar gift verið tvisvar sinnum, en skamma stund búið með mönnum sínum, Þorvaldi og Glúmi, góðum mönnum og vel látnum. Um víg Þorvaldar var henni beinlínis sjálfri kent, en Þjóstólfur, fóstri hennar, sem varð honum að bana, hafði líka vegið seinna mann hennar, Glúm, svo lítinn sóma hafði hún

haft af hjónabandinu. Fögur kona mun hún verið hafa til að sjá og vel gefin, þótt eitthvað soralegt hafi hlotið að vera í svip hennar. Hún var í rauðum kyrtli og var á honum skraut mikið. Yfir sér hafði hún skarlatsskikkju mikla; mun það verið hafa hárauð kápa úr dýrum vefnaði. Var hún lögð kniplingum um hálsinn og ofan barmana að framanverðu niður í gegn; það virðast orð sögunnar: „búin hlöðum í skaut niður“, helzt að þýða.

Svo er að sjá sem Gunnar hafi þegar hugfanginn af Hallgerði orðið. Af manni með hans stiltu lund mátti þó til þess ætlast, að hann rasaði ekki um ráð fram í ástamálum, einkum þar sem hann nú var maður kominn um þrítugt og reyndur að mörgu, en Hallgerður fimm árum eldri. En Gunnar virðist ekki hafa rent grun í, hvílíkur gallagripur hún var, þótt saga hennar og lélegi orðstír hljóti einhvern tíma að hafa flogið honum til eyrna. Ef til vill hefir hann gengið með sár í huga sér eftir viðkynninguna við Bergljótu og viljað útrýma þeim söknuði sem fyrst með því að staðfesta ráð sitt.

Samtal þetta endar með því, að Gunnar flytur henni bónorð sitt; en hún vísar því máli hæversklega til föður síns til málamynda. Finnur Gunnar Höskuld þegar að máli og tók hann vel við honum, eins og aldrei hefði nokkuð í skorist. Leggur Gunnar bónorðsmál sitt fyrir þá bræður báða.

Hrúti finst það eigi jafnræði, þó konan sé frænka hans. Hún sé blandin mjög, en Gunnar vaskur maður og vel að sér gjör. En Gunnar sækir málið svo fast, að Hrútur verður undan að láta og kennir þó sárt í brjósti um Gunnar, sem hann álitur blindan flana út í mestu ógæfu. Var nú ráðahagurinn samt sem áður fastmælum bundinn og skyldi brúðkaupið vera að Hlíðarenda og boðmikið.

Pegar heim kom og Gunnar sagði Njáli frá ráði þessu, tók hann því næsta þunglega. „Af henni mun standa alt hit illa, er hon kemr austr hingat“, sagði Njáll. „Aldrei skal hon spilla okkru vinfengi“, segir Gunnar. „Þat mun þó svá nær liggja, en þó munt þú jafnan bæta fyrir henni“, segir Njáll (337).

Brúðkaupið fór fram að Hlíðarenda og var þar margt stórmenni saman komið. Það byrjaði fremur ófriðlega að því leyti, að Þráinn Sigfússon, frændi Gunnars, segir þar skilið við konu sína sökum geðvonzku og illyrða. En hefur um leið upp bónorð til Þorgerðar, dóttur þeirra Glúms og Hallgerðar. Hún var þar að boðinu með móður sinni, mær fjórtán vetra gömul og hin friðasta. Var því að lokum vel tekið, þó nokkuð þætti Þráinn stutt vera milli kvenna, og varð nú brúðkaupið tvöfalt. Leysti Gunnar vini sína út með gjöfum og skildu allir með hinni mestu vinsemd. En Hallgerður tók við búráðum og lét

mikið til sín taka. Var þegar eftir því tekið, að hún aflaði til búsinns með óleyfilegum hrögðum, og mun þeim, er því veittu eftirtekt, brugðið í brún, því slíku höfðu menn ekki átt að venjast á Hlíð-arenda.

Eftir kvonfang Gunnars fer hamingjusól hans smám saman að hníga. Með engu eykur góður maður hamingju sína og margfaldar eins og því, að fá sér góðrar konu. En með engu móti hættir maður hamingju-sinni eins mikið og með því að ganga að eiga léлага konu. Ytri fegurð hverfur og hjaðnar eins og bóla, og á henni einni aldrei neitt að byggja, þótt hún sé góð guðs gjöf, þegar hún er öðrum samfara. Fegurð sálarinnar er hið eina, sem varanlegt gildi hefir. Fyrir henni skyldi hver góður maður gangast og þeim mannkostum, sem hún er endurskin af, en ganga fram hjá þeirri, er héðin vefur að höfði manns í bili og gjörir sjónhverfingar; því þá er komið út í klungur og ófærur, þegar augun opnast.

VII.

Drenglyndi.

Saupsáttar konur.—Dramblát lund.—Manndráp og féhætur—Sigmundur veginn.—Fáleikar um þrjú ár.—Drengskaparæmið.—Hallgerðarlundin.—Túnriður.—Hallæri.—Bergþórulundin.—Hvað verða mætti.

Gamall siður virðist það verið hafa með þeim Gunnari og Njáli, að þiggja heimboð hvor að öðrum sinn veturinn hvor. En eitt sinn er þau

Gunnar og Hallgerður voru að boði að Bergþórs-hvoli, urðu þær konurnar saupsáttar út af smámunum einum og varð það neisti til fjandskapar svo mikils, að aldrei hefir kærleikur tveggja vinnu verið í meiri eldraun staddur, en þeirra Gunnars og Njáls. En svo stóð vinátta þessara tveggja ágætismanna föstum fótum, að hún raskaðist ekki, hvað sem á dundi; hún var byggð á traustum kletti drengskapar og göfuglyndis.

Tílefnið var undur-lítið. Helgi sonur þeirra Njáls og Bergþóru, kom með konu sinni, Þórhöllu, til boðsins, eftir að gestum hefir skipað verið í sæti. Biður Bergþóra Hallgerði þá að þoka fyrir tengdadóttur sinni, sem hún hefir viljað sitja láta við hlið barna sinna annarra. Vel má það vera, að Bergþóru hafi í þessu yfirsézt, eða hún hafi eigi orðum hagað eins hæversklega og skyldi. En hún var húsráðandi og allir gestirnir áttu ánægðir að vera með háttu hennar og vilja. Hallgerður reiddist þessu lítilræði og kvaðst engin hornkerling vera vilja. Dramblætið og ofstopinn sátu í hásæti í hjarta hennar. Skrautklæðin fengu nú eigi dulið það lengur. Innri maðurinn varð að brjótast út. Hjartalagið kemur ávalt í ljós fyrr eða síðar. Dramblátum manni finst sér stöðugt um tær troðið. Með hverju lítilræði finst honum heiðri sínum hnekt. Eigi má orðinu halla, svo honum finnist það eigi móðgan. Það er ljót lund

og þeim verst, sem á og elur, með því að þjóna henni.

„Tröll hafi vini þína“, sagði Hallgerður, þegar Gunnar reið til þings næsta sumar, enda var hún ekki lengi að láta drepa húskarl Bergþóru, þegar hann var á brott riðinn, trúan maðnn og dyggan. Enginn vissi, hvort Gunnari líkaði betur eða ver, er honum voru flutt þessi tíðindi á þingi og eigi hallmælti hann konu sinni einu orði. En hann gekk til Njáls, sagði honum vígið, bauð honum, bætur og gaf honum sjálfðæmi. Lét Njáll 12 aura silfurs, eða vanaleg þrælsgjöld, koma fyrir húskarlinn. Mönnum hefir talist svo til, að það væri nálægt 500 krónum eða nær því 150 dalir í þorum peningum.

Sjóð þenna þótti Njáli vissara að hafa með sér, er hann reið til þings næsta sumar. Enda var hann eigi fyrr til þings kominn, en Kolur, verkstjóri Hallgerðar, fékk að bíta í grasið, þegar Bergþóra var ein um hituna orðin. Lætur Njáll þá Gunnar gjöra um málið og verða vígin þá auðvitað kaup kaups; fær nú Gunnar fésjóð sinn aftur frá sumrinu áður.

En stærra fésjóð hefir Gunnar orðið að færa með sér til þings næsta sumar. Þá verður hann að gjalda frjálsan mann fullum manngjöldum, er Hallgerður lætur drepa fyrir Bergþóru. Var það hundrað silfurs, sem talið er jafngildi 5000 króna eða einum 1400 amerískra dala. Ekki fekst

Gunnar um það einu orði, og voru þeir þó nógir sem fjölyrtu um, að þarna hefði Njáll ágengur verið. En eigi var fé þetta lengi í vörzlum hans, því næsta sumar hverfur það til hans aftur fyrir víg Brynjólfs rósta, frænda Hallgerðar.

Rimman harðnaði stöðugt. Hallgerður lætur nú hefnd sína niður koma á Þórði leysingjasyni, fóstursyni þeirra Njáls og Bergþóru, hinum bezta manni. Kom það við hjarta þeirra vinanna meir en nokkuð annað, er hingað til hafði í skorist. En þeir tóku höndum saman og sættust vel og skjótt. Fyrir hann lét Njáll koma 200 silfurs, tvöföld manngjöld, nálægt 3000 dölum í vorum peningum eða meir (10,000 krónur). „Eigi þykki mér þetta of mikit“, segir Gunnar. Mannslífin voru í hærra gildi á Íslandi um þetta leyti en margur mundi ætla. Það var dýrkeypt gaman að vega mann, jafnvel þá. Það þættu tilfinnanleg útgjöld þetta fyrir íslenzkan bónda nú á dögum og er þó silfrið auðfengnara orðið nú en þá.

Næsti leikurinn í þessu hrikalega manntafla var það, að Njálssynir vógu Sigmund frænda Gunnars fyrir róg, sem borinn var á milli heimilanna. Heiftrækni móðurinnar hefir nú dregið synina inn í leikinn. Nú var eigi eins fljótt um sættir leitað og munu fáleikar nokkurir hafa með þeim vinunum verið um langan tíma. Njáll býður engar bætur og Gunnar lætur þrjú þing líða,

án þess að hreyfa málinu. Mun honum þó af mörgum hafa verið á hálsi legið fyrir þann ósóma að láta náfrænda sinn óbættan liggja. Enda var það í almenningsálitinu þá hin mesta minkunn. Hallgerður mun hafa eggjað hann og brýnt með öllu móti. Tækifærið hefir eflaust eigi heldur verið ónotað látið af öðrum til að spilla á milli þeirra vinanna. Það er sjaldan sparað, er svo stendur á.

Vandamál eitthvert annað kemur þá fyrir Gunnar. Fer hann þá að leita heilræða til vinar síns að vanda, eins og ekkert hefði í skorist. Hefir hann með þessu gefið eitt hið fegursta drengskapar dæmi, sem unt er á að benda. Í þrjú ár höfðu fáleikar verið með þeim vinunum. Það hefir verið höggið nærri Gunnari, þar sem frændi hans hafði veginn verið. Engar bætur hafa honum boðnar verið, eins og hann hafði sjálfur ávalt gjört. Aldrei lætur hann sér samt til hugar kom að hefja málsókn og ekkert vill hann á mál þetta minnast að fyrra bragði. Með því að brjóta nú odd af öllu oflæti og biðja Njál heilræða, gefur hann honum ótvíræðlega í skyn, að alt, er til saka kunni að vera, sé af hans hendi gleymt, fáleikarnir, er með þeim hafi verið, skuli hætta, og þetta eina ský, er skugga hefir borið á himin vináttu þeirra, skuli nú eigi framar til vera. Þetta drengskapar dæmi Gunnars er hið langstærsta af öllum afreksverkum hans. Með að-

dáan hafa menn um það talað í fornöld. Og með aðdán ættu allir um það að tala, er nafn Gunnars kunna að nefna.

Ekki lét Njáll á heilræðunum standa. Glaður greip hann hina framréttu vinarhönd og lét heilræðin fúslega í té, heil og holl, eins og ávalt áður. Áður þeir slíta talinu, segir Njáll, — og það er eins og vér sjáum hann ganga til Gunnars og slá honum á öxlina — „Helzti lengi hefr Sigmundr frændi þinn óbættur verit“. — „Fyrir löngu var hann bættur, en þó vil ek eigi drepa hendi við sóma mínum“, sagði Gunnar. Greiddi Njáll nú Gunnari tvenn manngjöld fyrir víg Sigmundar, lét allra saka á hendur honum ógetið, og skilaði um leið fé því öllu aftur, er Gunnar hafði áður orðið af hendi að láta. Hétu þeir nú hvor öðrum því, að aldrei skyldi neitt það fyrir koma milli þeirra, að þeir semdu eigi vinsamlega um það með sér. Enda hélzt vinátta þeirra til dauðadags.

Hún er eigi einungis hið fegursta, sem frá er sagt í fornsögum vorum, heldur eitt hið gófugusta, er fram hefir komið í bókmentum heimsins. Vér Íslendingar eigum þar fjársjóð, er meira gildi hefir en gull og gersemar. Gyðingar eiga Davíð og Jónatan, Grikkir Damon og Pythias¹⁾. Og vér Íslendingar, þó fátækir séum, Gunnar og Njál.

1) Eða réttara Fintas.

En svo eigum vér þá líka Hallgerði og Bergþóru. Því miður hefir lundin þeirra oftar gengið í arf, en lund þeirra Gunnars og Njáls. Það er oft eins og Hallgerðarlundin sé helzt til fyrirmyndar tekin með þjóð vorri, ekki einungis af smælingjunum, heldur einkum af helztu mönnunum. Að verða af öllu uppvægur, álíta virðingu sinni með öllu misboðið, fyllast heiftar af hverju lítilræði, gjöra þeim manni, er einhverj litla móðgan kann að hafa sýnt, upp frá því alt til ílls og skapraunar,—hefir það eigi ósjaldan verið æðsta lífsreglan, er farið hefir verið eftir af háum og lágum? Einkum þó háum,—fyrirmyndunum. Þeim er ant um, að sýna það öllum heimi, að eigi láti þeir troða sér um tær að ósekju. Naumast svo auvirðilegt kauptún íslenzkt, að eigi berist þær Hallgerður og Bergþóra þar á banaspjótum. Þess vegna er hið vesæla þjóðlíf vort eins sundurrifið og það er. Jafnvel unglingarnir æfa sig í því á uppvaxtarárunum, að láta hvert lítilræði gjöra þá að óvinum, og tala ekki saman, helzt svo árum skifti, þótt fundum beri saman.

Edda talar um túnriður eða myrkriður, — illþýði, er fari eins konar gandreif í myrkrinu um byggðir mannanna til að gjöra ilt. Það var nú í heiðni. En það er slæðingur eftir af þeim enn allmikill, hvert sem vér Íslendingar förum, —svo mikill, að oft syrtir fyrir sól og dimt

verður um hábjartan daginn. Hve nær skyldum vér reka þær úr garði?

Vetur einn var hallæri mikið í sveitinni. Gunnar hjálpaði öllum, er til hans leituðu, um hey og mat, þangað til hann varð sjálfur uppi-skroppa. Fór hann þá og falaði hvorttveggja til kaups hjá nágranna sínum einum, sem vel var birgur, en fékk afsvär. „Illa er slíkt gjört at varna Gunnari kaups; er þar öðrum eigi góðs von, er slíkir fá eigi“, sagði Njáll, er hann frétti um þetta. Þá varð Bergþóru, húsfreyju hans, þetta að orði: „Hvat skalt þú mart um slíkt tala? Er þér miklu drengilegri at fá honu bæði hey ok mat, er þik skortir hvárki til“.

Þá var hún búin að glevma allri bræðinni, enda eigi viljað láta Gunnar gjalda Hallgerðar. „Þetta er dagsanna“, sagði Njáll og færði honum hey á fimtán hestum, en mat á fimm. „Góðar eru gjafar þínar“, sagði Gunnar, „en meira þykki mér verð vinátta þín ok sona þinna“ (47¹¹²).

Um Bergþóru er eigi að örvænta, að hún með tímanum fái tamið skap sitt, því þar eru ágætar taugar innan um og göfugt hjarta lag annars vegar. Hún er í rauninni ágæt kona, ef heiftræknin hefði eigi litað hendur hennar blóði. Manneðlið er annars vegar engill, hins vegar djöfull. Um það hvað verða skuli ofan á hjá hverjum einum, er öll hildi lífsins háð. Grimmúðug og nornaleg er ásjóna Bergþóru með-

an hún er að skeyta skapi sínu á Hallgerði með mannvígum. En björt verður hún, nærri því eins og engils-ásjóna, þegar hún kýs heldur að brenna eins og fórn á báli með bónda sínum Njáli, en að skilja við hann í dauðanum.

Munnmælin hafa látið Hallgerði iðrast og fylgt henni til grafar sem kristinni konu í helguðum reit í Laugarnesi. Svo mikla hugarkvöl átti hún að hafa þolað út af því að hafa ráðið ágætum bónda sínum bana með synjan hárlokksins. Það að Bergþóra leggur líf sitt að síðustu á fórnar-altari kærleikans og að munnmælin láta hið harða hjarta Hallgerðar auðmýkjast, er hvorttveggja bending um, hvað fram megi koma við þær nöfnur þeirra, sem enn kunna að vera á gangi meðal vor.

VIII.

Vígaferli.

Stuldur.—Kinnhestur.—Á akri.—Fyrstu víg.—Heilræði.—Hestaat.—Við Knafahóla.—Á þingi.—Atfór og útlát.—Höfðinginn mesti.—Í sama knérunn.—Sættin.

Hingað til hafði Gunnar eigi átt í neinum vígaferlum á Íslandi, enda var hann maður svo gæflyndur og prúðmenni svo mikið, að alt þess háttar mun honum verið hafa á móti skapi. En vígaferlin loguðu í kring um hann og bráðum sogaðist hann gegn vilja sínum út í þá ógæfunnar straumiðu.

Hallgerður lætur þræl sinn stela vistum í Kirkjubæ og ber þær á borð fyrir Gunnar og vini hans, er þeir koma af þingi. Á angabragði skilur Gunnar, hvernig í öllu liggur, verður svo reiður út af svívirðing þessari, að hann ræður sér ekki og lýstur Hallgerði kinnhesti. Það var í hið eina sinn, er hann eigi hafði vald á lund sinni í bili. Gunnar fer til Otkels bónda og gjörir honum hvert sæmdarboðið á fætur öðru, til að bæta skaðann. En hann er maður heimskur og illgjarn og lætur varmennnið Skammkel koma sér til að neita öllum boðum Gunnars. Stefnir hann Hallgerði um stuld en Gunnari um afneyzlu. En er til þings kom, vann Gunnar málið og hafði hinn mesta sóma af.

Nokkuru síðar var Gunnar að sá akur sinn. Otkell var þar á ferð fyrir neðan og ríður allgeyst; missir hann vald á hesti sínum, er þýtur með hann miklu ofar en vegir lágu. Veit Gunnar eigi fyrri til en riðið er á hann ofan, þar sem hann er að sá og særir Otkell hann óvart með spora sínum svo blóð lagar úr andliti hans. Gunnar bregður sér eigi og sýnir enga reiði, en þykir nú bætt skömm á skömm ofan, einkum þar sem Skammkell, sem líka er í förinni, fer um hann háðulegum orðum. En nú var Gunnar gramur í hug. Enda sat hann sig eigi úr færi með að sitja fyrir þeim Otkeli, er þeir fóru heimleiðis úr boði austur í Dal og vógu þeir Gunnar og Kolskeggur þar eigi færri en átta menn niður við Rangá við vaðið hjá Hofi. Þegar

Gunnar hafði unnið þessi fyrstu víg, sagði hann við Kolskegg bróður sinn, að hann vissi eigi, hvort hann væri öðrum mönnum þeim mun óvaskari, sem sér þætti meira fyrir en öðrum að vega menn (54¹³⁰). Kemur það hér í ljós eins og ávalt, hve góðan mann Gunnar hafði að geyma. Hann gekk eigi að mannvígum að gamni sér, hve vel sem vopnin léku honum í hendi, og hann hugsaði eigi um þau með köldu blóði.

Njáll sagði honum, að þetta mundi upphaf vígaferla hans, og gaf honum það heilræði að vega aldrei í hinn sama knérunn, eða með öðrum orðum að hlífa syninum, ef hann hefði orðið föðurnum að bana, og rjúfa aldrei þá sætt, er góðir menn gerðu milli hans og annarra. Hvorttveggja fanst Gunnari auðvelt, enda var það skaplyndi hans samkvæmt að forðast slíkt.

Synir Starkaðar undir Þríhyrningi voru oflátungar miklir og lögðu lag sitt við syni Egils í Sandgili. Þeir ögruðu Gunnari til hesta-ats, sem var ein af helztu skemtunum fornaldarinnar, en hlauzt oftast eitthvað ilt af. Njáli sagði þungt hugur um og var þó í þessu fjölmenna samkvæmi sjálfur með sonum sínum öllum, ásamt flestum heldri mönnum sveitarinnar. Vel var Gunnar búinn hér sem ávalt, er hann kom fram á opinberum mannfundum. Var hann í rauðum kyrtli og hafði um sig silfurbelti digurt og hestastaf mikinn í hendi. Skarphéðinn bauð Gunnari að leiða fram hestinn

fyrir hann, „erum vér hvárttveggja hávaðamenn“. En ekki vildi Gunnar þiggja það, til að koma honum eigi í nein vandræði.

Þegar hestarnir taka að bítast og skemtani stendur sem hæst, hrinda þeir félagar sínum hesti í því skyni, að Gunnar falli. En hann hrindir hesti sínum á móti, og verður það til þess þeir falla báðir, Þorgeir og Kolur, og hesturinn á þá ofan. Hlaupa þeir þá að Gunnari, en hann þrífur Kol og kastar honum í völlinn, svo hann liggur í óviti. Þá lýstur Þorgeir hest Gunnars, svo út hleypur augað. En hann lýstur aftur Þorgeir með staf sínum, svo hann fellur í ómegin. Hestinn, sem var hið mesta metfé, lætur Gunnar Kolskegg, bróður sinn, höggva, því hann vill eigi láta hann lifa við örkuhl. Þegar Þorgeir raknar úr rotinu, var hann svo reiður, að hann ætlaði að ráðast á Gunnar, en var varn- að þess. Gunnar var kyr og stiltur að vanda og mælti eigi orð, er áfátt væri. En Þorgeir var hinn reiðasti og sagðist hvorki selja grið né kaupa. Eftir hesta-at þetta réðu allir vinir Gunnars hon- um, að vera varan um sig, svo sem Njáll og Ól- afur þá í Hjarðarholti í Dölum, bróðir Hallgerðar og mágur Gunnars, hinn vænsti maður og mesti höfðingi.

Þeir bræður, Gunnar, Kolskeggur og Hjörtur, ríða í heimboð til Ásgríms Elliðagrímssonar í Bræðratungu í Biskupstungum. Vildi Njáll láta syni sína ríða með þeim, en Gunnar þá það ekki;

vildi hann eigi baka þeim með því nein vandræði. Svo varasamur var hann að láta ekki vini sína ilt af sér hljóta í neinu. Gunnar dreymir fyrir slysum á leiðinni og vill senda Hjört bróður sinn heim aftur, en fær hann eigi til að fara. Á leið þeirra voru hólar nokkurir, er Knafahólar nefndust; nú eru þeir Knæfahólar kallaðir. Það eru fjórar strýtu-myndaðar hæðir, er æði-langan spöl liggja frá ánni, inni í flugsand-hrauni. Fyrir norðvestan hólana gengur fram hryggur einn, er hylur þá sjónum, þeim er að koma, og var staðurinn því hentugur fyrir launsátur. Hefir vegurinn að líkindum legið milli hólanna og hryggjarins og þann veg hafa Gunnar og bræður hans farið.¹⁾ Þeir Starkaður og Egill sátu hér fyrir þeim með eigi færri en 30 manns. Hleyptu þeir Gunnar nú hestum sínum fram hjá og ofan að Rangá, fram í nes eitt, þar sem þeir áttu nokkuru betra aðstöðu. Slær þar í harðan bardaga, eins og búast mátti við. Þrjátíu manns sækja þrjá og sýnist það næsta ójafn leikur. Hjörtur var veginn, en Kolskeggur særður. Fjórtán manns feldu þeir af óvinum sínum; hinir flýðu og voru margir sárir. Sjálfur reið Gunnar ósár af fundi þessum og hafði þó eigi af sér dregið; reiddi hann lík Hjartar, bróður síns, heim á skildi sínum. Hildigunnur lækni, Starkaðardóttir, græddi sár þeirra Þorgeirs, er þeir komu heim. „Yðr væri mikit gefanda til, at þér

1) Sbr. Kaalund. Hist. top. beskr. I, 223—224

hefðut eigi ilt átt við Gunnar“, sagði hún. „Svá væri þat“, segir Starkaður.

Með ráðkænsku frábærri bjó Njáll mál Gunnars undir þing. Þegar til málsóknar kom, þótti Gunnar hafa vörn svo mikla í máli, að þungar þóttu horfurnar óvinum hans; leit þá eigi út fyrir, að sættir mundu takast. En annað þótti ávalt óráð en að gjöra út um mál öll á þingi. Hjalti Skeggjason úr Þjórsárdal bað þá Gunnar að leggja málin til jafnaðardóms góðra manna. Hét Gunnar því, ef hann yrði aldrei móti sér í neinu máli. Þeir Ásgrímur Elliðagrímsson, Njáll og Hjalti gerðu um málið. Flestir voru bættir hálfum bótum. Svo var Gunnar vinmargur á þingi, að þeir styrktu hann til að bæta þegar öll vígin og gaf hann mörgum þeim höfðingjum gjafir, er höfðu veitt honum að málum. Hafði hann mestu sæmd af málum þessum. Allir voru nú á eitt sáttir um, að hann ætti engan sinn jafningja í Sunnlendingafjórðungi. En sárt var hann öfundaður af fjandmönnum sínum af sæmd þessari.

Nokkuru síðar gjöra þeir Þorgeir Starkaðarson atför að Gunnari og ríða tuttugu og fjórir saman á skóga nokkura fyrir ofan Hlíðarenda. Var þar enginn heima nema Gunnar og konur. Lögðust þeir þar fyrir og hengdu upp vopn sín. Njáll fær fregnir um þá, segir Gunnari að safna að sér mönnum, ríður sjálfur á skóginn til þeirra sýnir þeim fram á, að þeir hafi þegar gjört sig

sæka um fjörráð við Gunnar, er sé nú í liðsafnaði á móti þeim, og muni hann brátt koma hér og verða banamaður þeirra. Látu þeir sér þetta að kenningu verða og hleypa hestúm sínum heimleiðis. Njáll gjörði sjálfur um málið á þingi og lét þó tólf menn um það dæma. „Því at með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða“. Varð hver maður, er í atförrinni hafði verið, að gjalda hundrað silfurs, en þeir nafnar, Þorgeirarnir, tvö hundruð hvor. Hefir það verið sjóður all-álitlegur. Tók Njáll við honum. Hann þóttist vita, að að Gunnari kynni að koma vel að grípa til hans seinna.

Gunnar reið af þingi vestur í Dali í Hjarðarholt að heimsækja Ólaf pá, mág sinn, og sat þar hálfan mánuð í góðu yfirlæti. Að skilnaði gaf Ólafur honum þrjá gripi „gullgring og skikkju, er átt hefir Mýrkjartan Írakonungr ok hund, er mér var gefinn á Írlandi. Hann er mikill, ok eigi verri til fylgdar en röskr maðr. Þat fylgir ok, at hann hefir mannsvit. Hann mun ok geyja at hverjum manni þeim, er hann veit at óvinr þinn er, en aldri at vinum þínum; því hann sér á hverjum manni, hvárt til þín er vel eða illa. Hann mun ok líf leggja á at vera þér trúr. Þessi hundr heitir Sámr“. Ólafur biður Gunnar vera varan um sig. „Þar þú þykkir nú ágætastr maðr um alt land“ (70¹⁶²).

Af gjöfum þessum má marka, hve vegur Gunnars hefir mikill verið um þessar mundir. Dýr-

legustu munirnir og stærstu konungs gersemarnar, sem til eru í landinu, en eigi ofgóðar álitnar handa honum. Því nú er hann álitinn glæsilegasti höfðinginn, eigi að eins í Sunnlendingafjórðungi, heldur um land allt, og hafa þó aldrei fleiri höfðingjar uppi verið á Íslandi né betri menn, en einmitt um þessar mundir. Það má óhætt trúa því, að þetta hafi verið almannarómur, þegar annar eins höfðingi og Ólafur pá, er sjálfur var af konungaættum, lýsir yfir því svo afdráttarlaust. Eins og kunnugt er, hét móðir hans Melkorka og hafði hernumin verið á Írlandi. Hét faðir hennar Mýrkjartan og hafði verið konungur þar í landi. Enda vita menn, að yfirkonungur einn írskur var uppi með því nafni árin 926—943, en það er heldur snemma til að geta borið saman við Laxdælu. En eftir hann voru ýmsir smákonungar uppi, er **Muircertach** hétu, en það er írski nafnið, er svarar til Mýrkjartan. Var smákonungur einn með þessu nafni drepinn árið 963. Ólafur pá var átján ára gamall, þegar hann fór til Írlands að leita afa sinnar uppi, og telst mönnum svo til, að það hafi verið árið 956. Gæti þá smákonungur sá, er nefndur var, hafa verið afi hans og gefið honum gjafir þær, er nú fær hann Gunnari.¹⁾

Aftur sátu þeir Þorgeirarnir fyrir Gunnari við Rangá. Þar vo Gunnar Þorgeir Otkelsson og hafði þá tvisvar vegið í hinn sama knérunn — bæði

1) Laxdæla, ved Kr. Kaalund. Indledning LIII.

vegið föðurinn og soninn. Vissu óvinir hans, hvað þeir gjörðu; hafði Mörður lagt ráðin á og var Þorgeir eggjaður svo til sóknar við Gunnar, að hann var til þess neyddur að vega. Svo ekki breytti hann gegn ráðum vinar síns viljandi. „Nú liggur líf þitt við, ef þú heldr eigi þá sátt, sem ger er“, sagði Njáll (73⁶⁷).

Gizur hvíti, höfðinginn glæsilegi, er síðar varð til þess að koma kristninni út til Íslands, sótti Gunnar um vígsmálið Otkels á þingi af mælsku mikilli og lagabekking. Þótti þá öllum Gunnar stiltur vera. Hélt Njáll vörn uppi fyrir hann og má trúa honum til að hafa tekið fram alt það, er Gunnari mátti til varnar verða. Enda lögðust þá fleiri höfðingjar á eitt að ganga um sættir. Skyldi málið lagt í tólf manna gerð, og var það áður staðfest með handsölum, að sættin skyldi haldin af málsaðilum háðum. Fjárbætur voru ákveðnar fyrir þá, er féllu. En aðalatriðið í dómnum var það, að Gunnar og Kolskeggur skyldu utan fara og vera erlendis þrjú ár. En færi Gunnar eigi, þótt hann ætti þess kost, skyldi hann dræpur fyrir frændum Otkels. Fjárjóðirnir, sem Njáll hafði í vörzlum, komu nú að góðu haldi, og hafði hann ávaxtað þá; stóðst það á endum, að Gunnar gat borgað fyrir sig. Á heimleiðinni minti Njáll Gunnar enn á að halda sættina og sagði honum, að til svo mikillar sæmdar, sem hin fyrri utanför hans hefði orðið, mundi þessi verða honum til sæmdar miklu

meiri. Sagðist Gunnar þá ekki ætla sér að rjúfa sættina. Og þegar Rannveig móðir hans heyrði, að hann ætti að fara utan, þótti henni vænt um. Þeir gætu þá haft einhvern annan til að deila við.

IX.

Sættarrof.

Utanför.—Ólíkar hugsanir.—Hnot og hughvarf.—Sektar meðvitund—Vegir skilja.—Gunnarshólmi.—Fögur skýring á fæti völtum.

Þeir bræður, Gunnar og Kolskeggur, tóku nú að hugsa fyrir utanför sinni; réðust þeir á skip með Norðmanni einum. Þegar skipið var til siglingar búið og föng þeirra bræðra á það komin, reið Gunnar í kring til vana sinna, til að kveðja þá og þakka þeim góða liðveizlu. Snemma næsta dag býr hann ferð sína brott frá Hlíðarenda alfari. Kvaddi hann heimafolk sitt með kossi, en það fylgir honum út, þar sem hesturinn bíður hans. Hann stingur niður atgeir sínum og stiklar í söðulinn án þess að stíga í ístað eða styðjast við nokkuð. Ríða þeir bræður nú ofan með Markarfljóti.

Pungt hefir Gunnari eflaust um hjarta verið. Að sönnu sýnist hann eigi hafa haft svo miklum kærleikum frá að hverfa á heimili sínu, að það hafi valdið honum mikilla harma. Synir hans voru nú báðir fulltíða menn og færir að sjá um búið. Fyrir utan þá, var það enginn nema móðir hans, sem honum gat verið sérlega sárt um við að skilja

Því köld hefir víst sambúð hans og Hallgerðar verið, enda eigi hægt á sögunni að sjá, hvort henni hefir þótt betur eða verr, þegar hún vissi, að burtför hans var ráðin.

Á hinn bóginn hefði utanför þessi átt að vera Gunnari næsta hugljúft tilhlökkunarefni. Hann er nú maður á bezta aldri, að eins 44 ára gamall.¹⁾ Nú eru ein 15 ár liðin frá því hann kom heim úr hinni fyrri utanför sinni. Í þeirri för hafði hann framast eins og bezt mátti og má nærri geta, að hann hafi lifað í glæsilegum endurminningum um þá för sína ávalt síðan. Nú voru til þess allar líkur, að hann mundi enn meiri frægðarför fara, eins og líka Njáll, vinur hans, hafði spáð honum Orðrómurinn um hann sem glæsilegasta höfðingja, er þá var uppi á Íslandi, hefði með honum borist eða verið á undan honum floginn. Konungar hefðu fagnað honum og kepst á um að sýna honum sem mesta virðingu. Hann hefði aftur til Íslands komið með frægðarljóma meira yfir sér en nokkur maður annar. Óvinir hans hefðu þá eigi þorað á hann að leita, en hann að sínu leyti gleymt allri þykkju til þeirra og eigi gefið þeim nýtt tilefni til áreitni. Hann hefði þá svo miklu hærri verið en hitt fólkið, að öfundin hefði að eins urrað eins og rakki við fætur hans, en eigi þorað að bíta hann. Alt þetta hefir víst Gunnar

¹⁾ Mönnum hefir talist svo til, að hann sé fæddur 945, en þetta hafi verið 983.

ofur-vel skilið; til þess var hann nógu skýr og glöggskygn.

En hann hugsar eigi um þessa hlið málsins, þegar hann er nú að skilja við heimili sitt, sveitina og landið. Kolskeggur þar á móti hugsar einmitt um þetta; það er fögnuður og útfararþrá í huga hans. En í huga Gunnars er þung og lamandi gremja. Honum finst hann hafa orðið undir, — orðið að lúta í lægra haldi fyrir óvinum sínum og þessi för hans eins konar ragmensku-flótti fyrir mönnum, er hann í öllum viðskiftum hafði haft í hendi sér. Hafði hann eigi ávalt haft réttan málstað? Hafði hann nokkurn tíma leitað á aðra að fyrra bragði? Hafði hann eigi ávalt átt hendur sínar að verja? Var það réttlátt, að hann skyldi nú til þess neyddur að flýja, — verða að hröklast sem útlagi frá fósturjörð sinni fyrir öfund lélegra manna? Þegar Gunnar reið ofan með Markarfljóti, munu líkar hugsanir og þessar hafa togast á um huga hans. Þegar svo er, þarf oft ekki mikið fyrir að koma, til þess að fyrirætlanir breytist.

Á leiðinni hnýtur hestur Gunnars, og hann stekkur af baki. Verður honum þá litið upp til hliðarinnar og bæjarins að Hlíðarenda. „Fögr er hliðin, svá at mér hefir hon aldri jafn-fögr sýnzt — bleikir akrar, en slegin tún, ok mun ek ríða heim aftr ok fara hvergi“, sagði Gunnar (75¹⁷¹).

Hughvarfið var nú fram komið. Svo miklu gat hnot hestsins til leiðar komið. Þegar vogarskálar fyrirætlana vorra skjálfa í huga vorum og vér vitum naumast hvor þeirra er ofar, þarf oft eigi að falla nema hið minsta ar eða léttasta fis, sem enga þyngd hefir, í aðra skálina og gjöra út um ókomin örlög vor, — til hamingju eða óhamingju, lífs eða dauða. Hvaða hönd er það, er arið lætur falla í þá vogarskálina, sem henni sýnist? Það verður ávalt dýpsta leyndarmál mannkynssögunnar. Hingað til hefir enginn bent á skynsamlega úrlausn þeirrar ráðgátu, nema þá hönd, er sagt er um, að hún leiði örlög mannanna eins og vatnslindir til sjávar.

Eu Gunnar var nú stórsekur maður orðinn, þó margt væri honum til afsökunar. Mannslíf afar-mörg hvíldu nú á samvizku hans. Hún mun næmari verið hafa en flestra annarra. Þetta var í ljósaskiftunum, tíu árum að eins áður kristni var í lög leidd. Enda hafði hann eigi með köldu blóði að því gengið að vega menn. Hvert víg hefir skilið eftir sár í samvizku hans; en þau sár eru hverjum manni hættuleg og verða þess ávalt á sínum tíma valdandi, að gæfan snýr bakinu við þeim, er þau bera. Enda virðist nú hamingjan, sem hingað til hafði þrátt fyrir alt með honum verið, yfirgefa hann á þessu örlagaþrungna augnabili.

„Ger nú eigi þann óvinafagnað“, segir Kol-

skeggur, „at þú rjúfir sætt þína, því at þér myndi engi maðr þat ætla. Ok munt þú þat ætla mega, at svá mun alt fara, sem Njáll hefir sagt“. (75¹⁷¹). En Gunnar er nú ekki í neinum vafa. Hann segist skýlaust hvergi fara og hvetur Kolskegg til að hætta við utanför líka; en til þess er hann öldungis ófáanlegur; sagðist eigi níðast mundu á þessu eða neinu öðru, er honum væri trúað fyrir; muni þeir aldrei framar sjást og hann eigi til Íslands koma, þegar hann hafi heyrt lát Gunnars. Við það skilja þeir og ríður Gunnar heim.

Skáldið Jónas Hallgrímsson hefir gjört staðinn, þar sem Gunnar sneri aftur, ódauðlegan með kvæðinu Gunnarshólmi, einu hinu fegursta kvæði, sem til er á vora tungu. Munnmæli segja, að það hafi verið í norðaustur horni austur-Landeyja, í kverkinni milli Affallsins og Álanna, sem hvorttveggja eru kvíslar úr Markarfljóti. Nafnið Gunnarshólmi kemur eigi fyrir í Njálssögu, en horn þetta eða tangi, er munnmælin hafa gefið þetta nafn, er hvorki hólmur né læð, heldur flatlendi. sem ber að eins ofurlítið hærra en flatneskjan í kring — eins konar alda — og sést þaðan alla leið til Hlíðarenda, en þó í fjarska allmiklum.

Að það hafi föðurlandsástin verið, er Gunnari kom til að hverfa aftur, held eg eigi sé annað en skáldskapur, þó fagur sé. Eigi efast eg um, að

Gunnar hafði elskað fósturjörð sína. En eigi hafði har... látið sér fyrir brjósti brenna að fara utan hið fyrra skifti. Nú var heldur eigi um það að tala að yfirgefa fósturjörðina fyrir fult og alt. Hér var einungis um þriggja ára brottveru að ræða, svo mér virðast orð Gunnars frekar vera eins konar afsökun, er hann vill dylja hina eiginlegu ástæðu með bæði fyrir sjálfum sér og öðrum. Aldrei eru heimkynni manna að vísu jafn-fögur og þegar verið er við þau að skilja. En sjaldan mun sú ástæðan ein hefta förmanna, ef eigi eru aðrar sterkari, er kyrrum halda. Enda megum vér eigi gleyma, að Gunnar hefði sýnt ættjarðarást miklu meiri með því að fara og halda sætt sína, en með því að rjúfa sættina, gjöra með því uppreist gegn lögum landsins og stofna landsfriðinum í hættu. Það virðist Kolskeggur skilja en Gunnar ekki.

X.

Sekt og dauði.

Samsæri.—Atförl á næturþeli.—Sámur.—Örin.—Hárlokkur.—Ljónið að velli lagt.—Haugurinn.—Sámsreitur.—Skýring vísunnar.

Hallgerður verður Gunnari fegin, er hann kemur svo óvænt heim aftur, en Rannveig móðir hans fagnar ekki. Önnur óskar honum feigðar, hin frama og langlífis. Vorið eftir býður Ólafur þá þeim Gunnari og Hallgerði til sín; ætlar Gunnar að þiggja það í fyrstu; en ekkert verður úr því. Hugboð allsterkt mun hann um það haft,

að dagar hans mundu úr þessu eigi margir verða og hefir hann þá eigi viljað vinum sínum til vandræða vera. Sumar þetta lýsti Gizur hvíti sekt Gunnars á þingi, safnaði saman óvinum hans öllum og lét þá samsæri gjöra um atföör að honum, til að ráða hann af dögum. Sagði Njáll Gunnari tíðindi þessi, þegar hann kom heim af þingi, og vildi láta þá Skarphéðinn og Höskuld fara til hans „ok munu þeir leggja líf sitt við þitt líf“. En ekki vildi Gunnar þiggja það; hann vildi sízt, að synir Njáls yrðu fyrir hans sakir að bíta í grasið. Eftir þetta reið Gunnar nokkura hríð til allra mannfunda og lögþinga eins og ósekur maður væri.

En nú var þess eigi langt að bíða, að óvinir hans byndi enda á heit sín. Um haustið söfnuðu þeir liði, Gizur hvíti, Geir goði og Starkaður undir Þríhyrningi og réðust að Gunnari á næturþeli, þegar þeir höfðu sannspurt, að hann væri einn heima. Nágranna Gunnars einn tóku þeir nauðugan með sér; létu þeir hann teygja hund Gunnars ofan af bænum, þar sem hann lá og hélt vörð. En er rakkinn sá, að fleiri voru í förinni, skildi hann, að nú mundi eiga að vinna fóstra sínum mein, stökk á manninn og varð honum að bana. En um leið var höfuð hans klofið, svo hann fékk eigi meira að gjört. Kvað hann þá svo hátt við, að ódæmum þótti sæta. „Sárt ert þú leikinn, Sámr fóstri“, sagði Gunnar um leið og hann vaknaði og hefir grunað um leið, að ekki mundi langt

verða milli þeirra. Eru nú menn sendir heim að bænum til að grenslast eftir, hvort Gunnar sé heima. Maður fór og kom aftur og kveðst hafa þess var orðið, að atgeirinn sé heima; fellur hann dauður niður um leið og hann sleppir orðinu. Hafði Gunnar náð til hans út um gluggann.

Nú sækja þeir heim að húsunum. En Gunnar var svo bogfimur, að þeir fengu engu til leiðar komið. Urðu þeir þrisvar sinnum frá að hrökkva. En er þeir hörfuðu frá þriðja sinni og voru í þann veginn að gefast upp, varð Gunnar þess var, að ein af örum óvinanna liggur á bæjarveggnum. Kom honum þá það óhapparáð í hug að seilast út eftir ör þessari og skjóta henni eftir þeim, til að láta þá fá geig af eigin vopnum sínum. Gunnar hafði orð á þessu, svo þær hafa báðar heyrt, móðir hans og Hallgerður. En þær voru einar hjá honum í skálanum; alt fólk annað var að heyverkum. Móðir hans varar hann við þessu með viðkvæmni og blíðu. En nú var vígahugur svo mikill á honum, að hann skelti skolleyrum við orðum móður sinnar. Hann skaut örinni og maður einn í liði þeirra fekk af henni sár allmikið. En Gizur hvíti áleit, að hann væri uppiskroppa að örum. Réðust þeir enn heim að bænum og undu nú þakið af skálanum. Gunnar varðist enn með boganum, svo þeir fengu eigi nærri komist. Þó tókst einum loks að höggva sundur bogastrenginn og varð það hans bani. Hafði nú Gunnar sært átta menn, en

vegið tvo. En nú var hann búinn að fá sár tvö, og sögðu menn hann brygði sér hvorki við sár né bana. Þá biður hann Hallgerði, sem var kona mjög hárprúð, að gefa sér lokka tvo úr hári sínu, og skyldu þær móðir hans snúa honum úr bogastreng. „Liggr þér nokkut við“, sagði hún, og það er sem vér sjáum hefninorna-glottið á vörum hennar. „Líf mitt liggr við“, segir hann, „því at þeir fá mig aldrei sóttan meðan ek kem boganum við“. — „Þá skal ek muna þér kinnhestinn; ok hirði ek aldri, hvort þú ver þik lengr eða skemr“. Mun aldrei nokkur íslenzk kona hafa lengra komist í tuddaskapnum, sem betur fer, og líklega engin jafn-langt; enda mun skömm Hallgerðar uppi verða meðan nokkur Íslendingur er til.

Enn hélt Gunnar vörn uppi nokkura stund. Hann særði nú átta menn auk þeirra, er hann hafði áður veitt áverka, og voru sár þeirra allstór. En þar kom, að hann féll af mæði og særðu þeir hann þá mörgum sárum og stórum. Samt komst hann enn úr höndum þeim og varðist lengi. Loks fengu þeir á honum unnið og ráðið honum bana. „Mikinn öldung höfum vér at velli lagt“, sagði Gizur, „ok mun hans vörn uppi meðan land er bygt“.

Víg Gunnars spurðist um allar sveitir og mæltist hvarvetna illa fyrir. Hann var öllum góðum mönnum harmdauði, því menn skildu, að glæsi-

legasti höfðingi landsins og einn hinn beztu drengur, sem þjóðin hafði eignast, var nú á bezta aldri í valinn fallinn fyrir heift óvina sinna.

Haugur var orpinn eftir Gunnar eins og þá var títt, og var hann látinn uppréttur í honum sitja. Eigi vildi móðir hans láta atgeirinn fara með honum í hauginn; bannaði hún nokkurum manni á honum að snerta, nema þeim, er hefna vildi Gunnars. Haug hans sýna menn þann dag í dag; hann er norð-austur frá bænum, býsna hátt upp í hlíðinni, á hól einum allháum og uppmjóum, og grasvöxtur meiri á honum allra-efst. Gæti strýta þessi upp úr hólnum mannaverk verið, enda benda munnmælin á hana sem haug Gunnars. Efst á hól þessum er nú varða. Útsýnið þaðan er hið fegursta. Til eru munnmæli um það, að vopn Gunnars hafi lögð verið undir stein einn stóran rétt hjá hólnum.

Fyrir austan bæinn á Hlíðarenda, á austurbarmi gils þess, er gengur gegn um túnið, er græn þúfa, sem nefnd er Sámsreitur. Þar á hundurinn trúfasti, Sámur, að hafa heygður verið í heiðurs skyni fyrir það, að hann fekk þó að minsta kosti vakið eiganda sinn, þótt litla vörn aðra fengi hann veitta.

Skömmu eftir að Gunnar var heygður, þóttust vinnuhjú frá Hlíðarenda heyra hann kveða á haug sínum og vera hinn kátasta. Sögðu þau Rannveigu atburð þenna, en hún bað að segja Njáli.

Fór þá Skarphéðinn til Hlíðarenda og var þar með Högna Gunnarssyni. Sýndist þeim kveld eitt haugurinn opinn; hafði Gunnar snúið sér við í hauginum og horfði mót tungli. Var hann þá aftur með gleðibragði miklu og hinn kátasti. Kvað hann þá vísu, svo þeir þóttust heyra, og er þetta efni hennar: „Hinn hugprúði maður, faðir Högna, sem vanur var bardögum, sagði svo, að hann vildi heldur deyja en vægja“.

Auðvitað er þetta þjóðsögn, er myndast hefir eftir Gunnar látinn. En þjóðsögn þessi sýnir glögt, hvernig sú kynslóð, er um þessar stöðvar átti heima næsta mannsaldur á eftir, hefir skilið lund hans. Og er óhætt að líta svo á, að sá skilningur sé í alla staði réttur. Hann er látinn vera kátur og með gleðibragði eins og hann hafði verið í lífinu. Því hann dó eins og honum var geðþekkest að deyja. Vísan ber með sér, að vera eigi eftir Gunnar sjálfan, hvorki lífs né liðinn, heldur um hann. En hún er að því leyti merkileg og eftirtektaverð, að hún tekur fram hina sönnu ástæðu fyrir því, að hann eigi vildi fara utan. Og er sú ástæða í fullu samræmi við það, sem fram var haldið hér að framan. Hann vildi heldur láta líf sitt, en vægja fyrir óvinum sínum.

XI.

Lunderni.

Stilling.—Stöðuglyndi og sjálfstæði.—Gæfa og ógæfa.—Fellur um sjálfan sig.—Útlegðin sigur.—Örin á veggnum.—Annar Gunnar.

Svo er þá Gunnars saga.

Það er ótal-margt af henni að læra fyrir nútíðar kynslóð þjóðar vorrar. Hvergi sé eg með köppum fornaldarinnar ágætari Íslending en hann. Hvergi kemur Íslendingslundin fram í göfugra búningi en hjá honum. Hann er svo stiltur, að hann talar aldrei stóryrði, hvernig sem honum er misboðið. Hann hefir ávalt vald á lund sinni í bili, nema þegar hann lýstur Hallgerði kinnhestinum. Það er í rauninni hið eina ógöfuga atvik, er sagan kann frá að segja í lífi hans. Þó var það göfugmenskan sjálf, er þá gjörði hann svo reiðan, að hann gætti sín eigi. Hann, er eigi vidi vamm sitt vita í nokkurum hlut, á konu, sem svo er ósvívin, að hún ber fyrir hann og vini hans stolnar vistir. Það var hið eina kurteisisbrot, er hann gjörði sig sekan um, að gefa henni þá löðrunginn. Kom slíkt hvað eftir annað fyrir á riddara öldinni þar sem menningin stóð hæst, og hefir þó aldrei lotningin fyrir konunni og konutilbeiðslan lengra komist en þá. Enda vitum vér naumast, hvort vér eigum fremur að gefa Gunnari þetta að sök eða dást að honum fyrir það.

Trúfastur vinur var Gunnar og ágætur og vinátta þeirra Njáls einn hinn allra-fegursti gim-

steinn bókmanta vorra, eigi sízt vegna þess, að á hana reyndi svo óumræðilega mikið. Slæm kona og ófyrirleitin beitir allri orku til að láta þau vináttubönd bresta. Oft hefir orðið undan minni átökum að láta. En svo var Gunnar staðfastur maður í lund og drengur góður, að hann stóð þar fastur eins og bjarg, er eigi lætur bifast í nokkurn stormi. Sjálfstæði meira hefir sjaldan af nokkurnum sýnt verið, en þegar hann lét Sigmund frænda sinn liggja lengi óbættan, þótt honum væri að öllum á hálsi legið, af því vinurinn bezt átti þar hlut að máli.

Þjóð vor hefir kristin verið á tíundu öld. En hún hefir offáa vini átt eins og Gunnar og Njál. Fyrir tilefni miklu minni bresta nú vináttuböndin oftast eins og kveikur. Dálítill skoðanamunur í einu efni eða öðru verður vináttunni nú hvað eftir annað að fótakefli, svo að menn, er áður hafa verið orðnir samvaxnir, snúast hvor á móti öðrum. Samúð og vinarþel breytast í kulda og óvild og gjörast þeir þá ósjaldan beiskir andstæðingar. Þá horfa þessir heiðnu vinir, Gunnar og Njáll, upp úr haugum sínum, og hrýs hugur við andlegu þroskaleysi kristinna niðja sinna.

Gunnar var gæfumaður í mörgu. Hann átti ágæta móður, og góðan bróður við hlið sér og trúfastan, þar sem Kolskeggur var. Og hann átti einn hinn vitrasta mann og ágætasta að einkavin þar sem Njáll var. Menn með það jafn-

vægi lundarinnar og samræmi, er Gunnari var gefið, eru vanalega hamingjusamir. Samt varð hann ógæfusamur í hjónabandi sínu, enda hugsaði hann eigi það ráð sitt með vanalegri gætni og stilling og verðum vér einhvers dulins Akkillesar-hæls varir í lund hans, þar sem um viðskifti hans við konur er að ræða. Mundi slíkur ráðahagur flestum mönnum steypt hafa út í bráða ógæfu og böll. En Gunnar hélt heiðri sínum óskerðum til dauðadags og góðu mannorði og mundi það fáum í hans sporum tekist.

Samt fellur hann um sjálfan sig að síðustu. Fyrir því gjörir vísan, er munnmælin hafa lagt honum í munn, ágæta grein. Hann kunni ekki að vægja. Svo góður drengur sem hann var og svo ágætt vald sem hann að öðru leyti hafði yfir lund sinni, var skapferli hans undir niðri þungt og ósveigjanlegt. Að mörgu leyti var hann langt á undan tíð sinni og hefir miklu næmari tilfinningar haft fyrir siðferðislegri ábyrgð en flestir samtíðamenn hans. En þetta: Aldrei að vægja, leiddi hann út í sívaxandi vígaferli. Hann átti oftast hendur sínar að verja og málstaður hans var ávalt betri en óvina hans. En sá, er mörg víg hefir unnið, þótt eigi sé með atgeir Gunnars, heldur öðrum vopnum og meinlausari, að eins til að þjóna lund sinni, mun fljótt verða þess var, að gæfan fer að snúa við honum bakinu. Lundin vægðarlaus, er eigi vill beygja odd af ofæti sínu

í neinu og aldrei er ánægð, nema þegar hún ber hærra hlut í öllum viðskiftum, er hættulegur húsbóndi og leiðir ávalt þann, er henni þjónar, út á glapstigu.

Margar aldir eru liðnar og margs ættum vér að vera vísari orðnir. Þó verður þetta sama mörgum Íslendingi enn að fótakefli, að auðnutjóni og ef til vill að fjörlesti, aldrei að kunna að vægja.

Hve miklu betra og viturlegra að lúta í lægra haldi í bili, hvað góður sem málstaðurinn kann að vera, jafnvel þó maður verði að fara í útleigð um tíma. Sú kemur tíðin, að sá hinn sami fær uppreisn allra mála sinna. Það er ósjaldan hlutskifti réttláts málstaðar að vera sekur gjör á þingi, verða landrækur og til þess neyddur að bíða að minsta kosti þrjú ár í útleigð, áður hann fær uppreisn.

En að þurfa eigi annað en að sjá örina liggja á veggnum, til að seilast út eftir henni og skjóta henni í lið hörfandi óvina, er heiðingleg lund og verður þeim aldrei til sigurs, er það temja sér, þótt þeir geti geig unnið í bili. Það sýnist oftast verða til þess, að þakið verði undið af skálanum þeirra.

Til þess eru víti, að varast.

Þegar vér horfum á þenna glæsilega höfðingja tornaldarinnar, sem oss er frá barnæsku vel við,

sjáum vér annan Gunnar á Hlíðarenda, sem enn hefir eigi fengið jörðina og á því enga sögu.

Hann lætur eigi Hallgerði heilla huga sinn, en fær Bergljótar.

Hann vegur aldrei meir í hinn sama knérunn en um sinn. Hann bætir við soninn það, sem hann kann að hafa ofgjört við föðurinn.

Hann vill heldur fara í þriggja ára útleigð en búa kyr, að eins til að þjóna lund sinni og skap-rauna óvinum sínum.

Hann seilist eigi út á vegginn eftir örinni, þótt hann sjái hana liggja þar, til að koma fram hefndum.

Hann réttir fram hönd sína fúslega til sátta, hve nær sem hann sér sér færi. Hann gjörir eigi þann óvinafagnað að rjúfa sættir.

Akurinn fer aftur að grænka á Hlíðarenda, þegar sá Gunnar kemur til sögunnar, og fer að ráða lögum og lofum í íslenzku þjóðlífi.

Á krossgötum.

FLESTIR munu kannast við þjóðtrúna íslenzku um krossgötur. Þær eru helzt á fjöllum uppi eða heiðum, þar sem sér til fjögurra kirkna.

Að sitja á krossgötum hefir lengi þótt eitt hið stórfenglegasta, er á dagana getur drifið. Það verður þá annaðhvort maður úr þeim, sem það reynir, og það að gagni, eða það verður minna úr honum en ekki neitt. Maður getur þar stórauðugur orðið alt í einu, eða bláfátækari en aumasti hreppsómaginn. Maður öðlast þar annaðhvort gull og gersemar, verður að miklum manni,—kemst til vegs og valda, svo að aðrir ganga bognir af lotningu fyrir manni, — eða verður frá sér, týnir vitinu, missir ráð og rænu glatar sjálfum sér, af því ljósið guðlega í brjóstiinu hefir sloknað, — gengur í kring upp frá því eins og skynlítil skepna, er naumast veit að hún lifir, eða er orðinn að gjalti, eins og forfeður vorir komast að orði í fornsögunum.

Eigi eru allir tímar til þess jafn-hentugir. Þeir er freista vildu gæfunnar á þenna hátt, notuðu upprunalega til þess nóttina helgu, jólanóttina—helgustu nóttina, er yfir maunninn rennur alt árið í kring. Þá nótt var fleira á ferðinni en aðrar nætur. En fallett þótti það ekki. Það var fíflirfska. Það var vísvitandi að stofna sálu sinni í voða.

En síðar færðu menn krossgötunóttina frá jólanóttinni og til nýársnæturinnar. Það átti eitt-hvað svo vel við. Um hver áramót sitja mennirnir allir á eins konar krossgötum.

Hvað er það nú, sem fyrir mann ber, þegar hann situr á krossgötum? Hvaða þýðingu hefir það? Í hverju er raunin fólgin?

I.

Þegar komið er upp á heiðina eða fjallið, á þann stað, er sjá má af til fjögurra kirkna, og komið er miðnætti, þyrpast álfarnir að úr öllum áttum. Maður sér af þeim óskaplegan urnul, bæði nær og fjær. Þeir gægjast fram úr þokunni, koma hlaupandi og dansandi út úr myrkrinu, eins og skringilegir svipir úr öðrum heimi.

Fjöldinn af þeim skiftir sér ekkert af manni. Hann lætur eins og hann viti ekkert af þeim, er á krossgötum situr. En nærri má geta, að hrollur fer þeim um herðar, er horfir á alt þetta,

og veit, að nú byrjar raunin, er ókomin örlög hans spinnast út af.

Enda mátt þú nú taka á allri stilling þinni, ef þú situr á krossgötum. Álfarnir láta þig ekki lengi í friði. Þeir fara fljótt að koma til þín, hver á fætur öðrum. Þeir bera sig eins og menn og reyna að dyljast fyrir þér á allar lundir. Með ýmsum brögðum leitast þeir við að fela álfinn. Þeir sitja á strák sínum, teygja úr sér, eru ýmist alvörugefnir eins og öldungar eða gáskafullir eins og væru þeir leikbræður þínir.

Og þeir biðja þig að koma með sér og taka þátt í leiknum. Þeir toga bæði í tær og fingur. Alls konar fagurgala hafa þeir við þig. Þeir tala eins og öll gæfa þín og velferð væri undir því komin, að þú slægir í leik með þeim. Þeir reyna með spaklegum fortölum eða ginnandi tælingum að koma þér til að trúá því, að aldrei verðir þú maður með mönnum, nema þú leyfir þér þetta, er þér hefir frá blautu barnsbeini verið talin trú um, að væri öldungis óleyfilegt, -- að slá í leik með álfunum.

Fljótt fer þér að finnast, að þetta muni nú reyndar alveg saklaust. Þetta séu alt meinlaus grey, er ekkert ilt hæfi í hug. Það sé eigi annað en hjátrú og hindurvitni þetta, að maður megir ekki leika sér með álfum eins og hverjum öðrum. Þeir séu kátir og glaðlyndir og það eigi hver maður að vera. Alt láti þeir eftir sér, og

það sé líka lang-skemtilegast. Enginn verði maður með mönnum, nema hann láti alt eftir sér,—reyni alt, helzt það, sem hann hefir mestan hug á. Sjálfsafneitan mannanna sé kúgun. Lífsnautn álfanna frelsi. Hjá þeim glóir vínið í krystallsskærum glösum; þeir teyga það eins og vatn, eru druknir og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Léttfættar álfameyjar stíga óðfluga dans og hver hreyfing og hvert augnatillit töfrar þig og heillar. Þú ert frá þér numinn. Hví stendur þú eigi á fætur og flýtir þér inn í hópinn?

Verði álfunum ekkert ágengt og þú sért svo stiltur að sitja grafkyr og fara hvergi, er það sagt, að álfameyjarnar geti verið svo bíræfnar að koma til þín í líki hennar móður þinnar eða hennar systur þinnar. Af mönnunum til, eru það þær, sem beztar hafa verið þér og vænst hefir þótt um þig, og oftast hafa varað þig við því, sem hættulegt er og varhugavert fyrir gæfu mannsins og velferð.

Þegar þú sérð svipunum þeirra bregða fyrir, er eins og einhver rödd inni fyrir segi: Það er sjálfsagt óhætt að fara þangað, sem þær benda. Aldrei mundu þær vilja leiða þig út í nokkura ógæfu eða freistni eða hættu—hún móðir þín eða hún systir þín.

En svo er líka önnur rödd inni fyrir, er segir: Þetta er alt tál og töfrar og sjónhverfingar. Þetta eru ekki þær. Hér er einmitt alt á ferð-

um, er þær hafa óttast og borið mestan kvíðboga fyrir þín vegna og varað þig við með tárin í augunum, af því þeim var ant um þig — — að þú lentir eigi með líf þitt í álfheimum.

Þú skilur, að hér er um að gjöra, aldrei að sleppa sér, látast hvorki sjá né heyra. Því sá, er eitt sinn sleppir sér, rennur áfram eins og fótskriðu á hálum ís og fær eigi viðnám veitt, jafnvel þótt hann fari að spyrnast við. Þú veizt það,—þú finnur það ósjálfrátt. Og hún móðir þín og hún systir þín hafa sagt þér það.

Þeir eru verstu svikatól, þessir álfar.

Þó þeim verði ekki ágengt, eru þeir ekki af baki dotnir. Þeir koma þá með fangið fult til þín úr öllum áttum. Alls konar tildur og prjál og hégóma og glingur, og hampa framan í þig — jafnvel gull og gersemar. Alt, sem þig langar mest til að eiga, sýna þeir þér. Fötum svo skrautlegum, að þú gætir gengið til fara eins og einhver konungsson eða konungsdóttir, hlaða þeir í kring um þig. Með mat og drykk koma þeir til þín, svo dýran og girnilegan, að slíkan hefir þú aldrei bragðað. Hér sýnast þér vera laufakökurnar, sem hún móðir þín gaf þér og enginn hafði lag á að búa til jafn-góðar. Ilminn af þeim leggur að vitum þér og þig sker innan af hungri.

Hvað átt þú að gjöra? Mátt þú eigi slá eign þinni á neitt af þessu eða snerta hendi við því? Auðlegð svo mikil er hér lögð upp í hendur þér,

að þú færð að líkindum aldrei öðlast aðra eins, þótt þú ynnir baki brotnu alla æfi, þangað til þú yltir um koll, eins og örvasa gamalmenni, er enga björg fær veitt sér lengur.

Hvað átt þú að gjöra?

II.

Þú situr á krossgötum.

Manst þú hvað það þýðir?

Það þýðir það, að takir þú við þessu, smáu eða stóru, verður þú heillaður. Þú verður þá ekki í tölu mannanna lengur. Þú verður í tölu álfanna. Þú glatar sjálfum þér. Þú gleymir föður þínum, móður þinni, systur þinni. Þú gleymir öllu, sem þú varst og vildir verða. Það brestur sá strengurinn í brjósti þínu, sem fegurst hefir ómað. Lífsdraumurinn þinn fagri, er þú hefir geymt eins og gimstein inst í hugskoti þínu frá því hugsanir þínar fóru fyrst að vakna, hverfur sýnum. Úr því rætist hann aldrei. Hafir þú heillaður orðið inn í álfheima, áttu þaðan ekki afturkvæmt. Í mannheimum fær þú upp frá því ekki að vera. Þú yrðir upp frá því viti þínu fjær, hefir ekkert vald yfir sjálfum þér lengur — hugsaðir allar hugsanir öfugt, færir með rugl eitt og öfugan orðasveim — göfugustu hugmyndir mannanna stæðu á höfði í heila þínum — þú hugsaðir allar hugsanir öfugt, kæmir fram mönnum og málefnum til meins og

skapraunar, af því skoðanir þínar hefðu allar brjálást.

Það færi þá fyrir þér eins og manni, sem Fúsi hét. Hann sat úti á krossgötum eina jólanótt og stóðst lengi. Að síðustu kom álfkona ein til hans. Hún hafði stóra flotskildi í höndunum og bauð honum að bíta í.

Þá stóðst Fúsi ekki lengur mátið. Hann leit við og sagði það, sem síðan er haft að orðtaki: „Sjaldan hefi eg flötinu neitað!“ Beit hann þá um leið stóran bita úr flotskildinum.

En um leið tryldist hann. Hann átti eftir það hvergi höfði sínu að að haila nema í álfheimum.

En það þýðir líka annað en þetta, að sitja á krossgötum.

Ef þú situr á krossgötum, þangað til dagur ljómar, og hefir eigi látið tæla þig né teygja — hefir haft sálarþrek og stilling til að segja nei við öllu, vitandi, að það var alt ekki nema tál og sjónhverfing — — hafir þú verið svo mikill maður, að þú hafir eigi gjörst ginningarfífl álfanna, getur þú staðið á fætur um leið og bjarmanu af dagsljósinu leggur upp á himininn og sagt:

„Guði sé lof, nú er dagur um alt lof!“

Eins og ský fyrir vindi hverfa álfarnir þá allir. Og svo hræddir verða þeir við dagsljósið, að þeir skilja alt eftir, sem þeir höfðu hlaðið í kring um þig.

Parna er það alt, sem þig langaði til að eiga: gullið og gersemarnar, búningurinn prýðilegi — ilmandi maturinn og drykkurinn.

Og nú átt þú það alt. Þú slærð eign þinni á það eins og annað herfang. Enginn getur komið og sagt: Það er mitt. Þú átt það með öllum rétti. Þú varst vitrari en álfarnir og þoldir ginningar þeirra. Og þetta eru launin.

III.

Svona var þjóðtrúin íslenska. Svona var það að sitja á krossgötum á jólanóttina eða nýársnótt á fjöllum uppi eða heiðum, þar sem sá til fjögurra kirkna.

Það var skoðað sem óumræðilega mikil raun — raun svo mikil, að það væri eiginlega að stofna sálu sinni í voða að freista þess. Því hepnadist það ekki, var það verra en dauðinn.

En hepnadist það á annað borð, ef stillingin og stöðuglyndið var nógu sterkt í sálu þess manns, er á krossgötum, t. til að fá staðist allar freistingar og ginningar álfanna, þurfti sá maður eigi framar neinu að kvíða. Hann var þá orðinn að miklum manni.

Hann var um leið orðinn gæfumaður. Með þessum sigri hafði hann fengið í hendur lykil gæfunnar, hepninnar, farsældarinnar, svo allar dyr hrukku upp fyrir honum. Hann hafði fengið vald yfir sjálfum sér og fékk því orðið leiðtogi annarra.

Hann hafði stigið fyrsta sporið til þeirrar tignar, sem vér mennirnir sífellt þráum og erum að seilast eftir.

Það er með þetta eins og ótal margt annað í íslenskum þjóðsögum. Það hefir djúpan skáldskap og dýrlegan að geyma, sem ónotaður er og óskilinn af flestum. Það eru hér skínandi sannleiksperlur, sem hver einasti Íslendingur ætti að fá greiptar inn í hugskot sitt.

Allir menn, sem til vits og ára eru komnir, hafa setið á krossgötum. Og vér sitjum þar ekki einungis á jólanóttina eða nýársnóttina einu sinni hvert ár. Það kemur naumast svo nokkur dagur fyrir, að vér séum ekki á krossgötum staddir.



Á hvorn hátt öðlast maðurinn þann andlega þroska, sem honum er ætlaður? Með hverju móti verður maðurinn að manni? Hvernig kemur í ljós það andans gull í sálu mannsins, sem er mann-
eðlisins eiginlegi kjarni?

Það kemur í ljós við reynsluna. Eg á ekki við þá reynslu, sem vér vanalega nefnum mótlæti. Eg á við þá reynslu, sem er í því fólgin að eiga um tvent að velja og finna til þess, að maður hefir fullkomið frjálsræði til að velja eins og manni sýnist. Hugurinn brennur af þrá eftir að eignast annað og vilja það umfram hitt. Alt hið meðfædda eðli mannsins réttir fram óstýrilátar hendur eftir því og heimtar að fá það með hugsunarlausri frekju. Að neita sér um það er eins og að



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

neita sér um lífið sjálfst. Það finst að minsta kosti þeim manni í bili, sem í eldrauninni er staddur. Hvað á hann að gjöra? Á hann ekki að láta þetta eftir sér?

En það er eitthvað inni fyrir hjá manninum, sem segir, að það sé hættuspil. Með því að láta þessa stundarnautn eftir sér muni hann ef til vill glata einhverju, sem hann aldrei fái aftur eignast, komast með líf sitt inn í farveg, sem hann hefir ætlað sér að forðast, verða minni maður og lélegri eftir en áður.

Hverri röddinni á hann að gegna? Á hann að fleygja sér blindandi út í dans og ólæti álfanna, eða á hann að sitja kyr við sitt, þangað til dagur ljómar?

Eg skal nefna dæmi. Maðurinn er á upp-vaxtar og þroskaskeiði lífs síns. Hann á kost á að vera í skóla og afla sér þekkingar og fræðslu. Hann á þess kost að fá hvern þann andans hæfileika, sem honum hefir gefinn verið, fagaðan, skyngdan, slípaðan, þangað til hann er orðinn hárbeyttur. Hann á þess kost að fá að læra þá list, sem manninum er nauðsynlegust af öllum listum, að hugsa rétt og skynsamlega, draga réttar ályktanir, brjóta hörðustu bein til mergjar, kljúfa skelina til að komast að kjarnanum. Hann á þess kost að fá að sjá langar leiðir inn í andans heim, sem áður var honum hulinn, hugsa upp aftur fegurstu hugsanir, sem hugsaðar hafa verið,

láta göfugustu tilfinningarnar, sem bærst hafa í hjörtum mannanna, koma hjarta sínu til að titra. Hann á þess kost, að láta sinn eigin innra mann vakna, svo sjálfstæðar hugsjónir og skoðanir rísi upp í sálu hans, og honum verði ljóst hið sérstaka ætlunarverk, sem honum er ætlað að verja lífi sínu til að inna af hendi.

Á öllu þessu eiga þeir kost, sem á uppvaxtar og þroska árum lífsins geta verið í góðum skólum. Nærri því hvert eitt einasta íslenzkt barn og hvert einasta íslenzkt ungmenni, sem vex upp í landi þessu, getur átt kost á að stunda nám í ágætum skólum.

En hér er um tvent að velja að stunda námið eða stunda það ekki.

Mörgum finst það langur tími og leiðinlegur. Langur er hann, það er satt. Það verður enginn maður mentaður, nema á löngum tíma. Mörgum finst það að vera í skóla álfka og sitja grafskyr uppi á heiði, horfa á leiki álfanna og glingur, en mega ekki hræra legg né lið.

Hið óstýriláta manneðli heimtar lausn úr þessu skólafangelsi, lausn frá bókum og bekkjum og námi, — lausn út í sollinn og hugsunarlausu lætin fyrir utan, þar sem enginn veit, hvernig dagurinn líður; morgunn og kveld renna saman í eitt, því þar telur enginn tímann.

Hvort af tvennu á maður nú að velja? Allur fjöldi unglinganna vor á meðal velur sér enn

þá sollinn og hugsunarlausu lætin. Og þegar þeir hætta því, heldur eitthvert líkamlegt starf, því þá hefir maður þó dálítinn tíma til að sprikla á kveldin. En með því móti verður enginn mikill maður. Allan undirbúning undir lífið vantar. Á þann hátt verða margir að álfum, og láta sér lítið eða ekkert úr lífinu verða.

Aðrir sitja þolinmóðir og líta hvorki til hægri né vinstri. Það er langur tími, óralangur, og fjörið og vorþrá æskulífsins spriklar þeim líka í æðum. En þeir sitja, sitja á krossgötum, þangað til dagur ljómar og þeir standa upp og geta glaðir og sigri hrósandi sagt:

Guði sé lof, nú er dagur um alt loft!

Og eg segi yður satt! Meira gull og fleiri gersemar, en sagt er frá í nokkuru æfintýri eða þjóðsögu, er þá orðið eign þeirra og óðal.

Og þó er annað, sem miklu meira er um vert en þetta. Ginningaröfl lífsins geta togað mann út í það, sem verra er, en það að verja ekki æskuárnum sínum til bóknáms. Þau toga marga út í miklu skaðlegri álfadans en það. Þau toga út í sukk og gjálfi. Þau toga margan velgefinn æskumann út í taumlaust hirðuleysi og spilling. Menn verða hirðulausir með sjálfa sig og hirðulausir um lífið — eins og væri það öldungis einkis vert. Allur metnaður hverfur. Engin hugsan um að verða að manni. Og svo verða menn þá eigi

heldur annað en ræflar. Hvað það er óumræðilega sárt!

Fornsögur vorar geta þess með óheyrrilegri fyrirlitning, þegar ungir menn lögðust í óskustó eða gjörðust kolbítir eins og það var kallað. Þeir fengust eigi til að gjöra nokkurt heiðarlegt handarvik, hvað sem við kunni að liggja. Úr volgri óskustónni fengust þeir eigi til að hreyfa sig. Þar undu þeir sér ljómandi vel við að bryðja kol. Metnaðurinn þeirra var nú eigi meiri en það. Um afreksverk jafnaldra sinna heyrðu þeir talað — hvernig þeir tóku á af öllu affi til að verða menn, eftir hugsjón þeirrar aldar. En þeir létu sig það engu skifta og fundu hjá sér enga hvöt til að hafa svo mikið fyrir lífinu. Má nærri geta, með hvað mikilli fyrirritningu forfeður vorir hafa rent augum til slíkra manna.

Samt sem áður lítur helzt út fyrir, að það sé að verða almennara og almennara að leggjast í óskustó. Íslensk ungmenni eru langflest vel gefin. En það verður hörmulega lítið úr öllum þorranum. Í æsku enginn metnaður, á fullorðinsárunum enginn maður. Úr kolbítum verður eigi annað en álfur — nú á dögum að minsta kosti.

Og tilfinningin fyrir þessu er að sljóvast með þjóð vorri. Hin eldri kynslóð tekur sér þetta ekki eins nærri og áður. Í blöðum og tímaritum er ekkert um þetta talað. Það er eins og enginn voði sé á ferðum. En það er óskaplegur voði á

ferðum. Líf heillar þjóðar er í veði, ef æskulíðurinn legst í öskustó. Ekkert setur annað eins afturfararmark og hnignunar á þjóðlíf vort og metnaðarleysi æskulýðsins. Af öllu afli þyrftum vér á að taka, til að reisa hann upp úr öskustónni.

Á síðari árum hefir þeirri kenning allmikið verið á lofti haldið, að eiginlega sé öll sjálfsafneitan synd gegn lífinu. Allur andans þroski sé í því fölginn að láta sem mest eftir sér. Öll sjálfsafneitan sé kúgan og setji kirking í andans blóma mannsins. Hin gamla sjálfsafneitunar kenning sé kredda ein, sem kúgað hafi vöxt og viðgang mannkynsins og þrýst þrælsmörkum í lund manna. Þess vegna sé kristindómurinn, sem flytur þá kenning, óalandi og óferjandi öllum bjargráðum.

Af öllum þeim villukenningum, sem fram hafa komið og fluttar hafa verið í nafni nýrrar tíðar, hefir mér fundist þessi einna ljótust og ógeðslegust. Því það er í mínum huga minsta að kosti hið sama og að segja: Þið eigið allir að vera álfar, en ekki menn.

En við þessari kenning hefir verið tekið tveim höndum af mörgum, sem mest áhrif hafa haft á stefnu hinnar yngri kynslóðar. Óspart hefir eftir henni verið lifað. Henni hefir líka tekist að gjöra umskifting úr mörgum efnilegum ungling. Af því eru mál þjóðar vorrar nú í annarri eins bendu og óreiðu og þau eru. Það hefir verið bitið í flotskjöld og dansað með álfum uppi á heiðum. Svo

lendir búskapurinn í handaskolum og vitfíring þegar ofan í dalinn kemur. En þegar stjórnendur, yfirvöld og leiðtogar einhverrar þjóðar bera þess ljós merki, að hafa dansað með álfum á heiðum uppi, er þá við því að búast, að annað verði en álfabragur á lífinu?

Þóð brestur í lund vora. Lundin íslenska er þollaus lund. Hún má eigi við mikilli reynslu, og fær svo lítið viðnám veitt. Þegar Íslendingurinn er erlendis, vill hann helst sem fyrst hætta að vera Íslendingur. Heima á fósturjörðu sinni vill hann sem fæst hjá sjálfum sér taka, en flest af öðrum þiggja. Þegar einhver foreldri komast yfir nokkur efni, er verða mætti börnunum góður grundvöllur efnalegra þrifa og auðlegðar, er sonurinn óðar búinn að sóa því í ráðleysi, er safnað var með sparsemi og fyrirhyggju. Með þjóð vorri safnast eigi auðlegð og fjármunir saman mann fram af manni eins og með öðrum þjóðum. Þvert á móti virðist það alls herjar lögmál í lífi hennar, að sonurinn sundri því, er faðirinn safnar. Þegar íslensk ungmenni koma á ókunnan stað til að leita gæfu sinnar, fjarri foreldrahúsum, er alls eigi álit- ið sjálfsagt að fara varlega, heldur að steypa sér út í soll sem allra mestan og leika sér að öllu, sem skaðvænlegast er og varhugaverðast. Svo hverfur gæfan frá þeim, en hamingjuleysið slæst í förina.

Stilling og varúð brestur, eins og væri það

alls ekki innrætt. Gott uppeldi er þó í því fólgið að fá vald yfir sjálfum sér. Af þess konar uppeldi uggir mig, að íslenskir unglingar fái skerf miklu minni en vel uppaldir unglingar með öðrum þjóðum. Vér Íslendingar leggjum svo litla rækt við lund vora. Hún er látin verða eins og verkast vill. Vér vanrækjum æskulýðinn. Engin sið-uð þjóð í heimi leggur eins litla rækt við börnin sín og vér. Þeir fáu skólar, sem vér höfum átt, hafa kent fróðleik, en ekki skift sér af mannkostum. Með því móti geta skólagengnu mennirnir orðið lókustu mennirnir. Þegar svona er að farið, er þá nokkurt kyn þótt lundin verði æ haldlausari, jarðvegurinn æ grynri, ginningarfífl álfanna æ fleiri og fleiri?

Hvað er til ráða?

Það þarf að kenna öllum unglingum að elska, —sýna þeim eitthvað, er þeir verði hugfangnir af, eitthvað, er læsi sig inn að hjarta þeirra og þeir skilji, að líf liggi við að varðveita. Unglingur, sem ekkert elskar, og eigi þekkir það í fari sínu, er hann sízt má án vera, verður öllum freistingum að bráð. Kærleikurinn til þess, sem gott er og göfugt, lotningin fyrir heilögu lögmáli lífsins, er aldrei lætur að sér hæða, veitir mannssálunni meira viðnámsafl en nokkuð annað. Göfugustu hugsjónum manna þarf því stöðugt á lofti að halda í orði og verki, og því óskeikula lögmáli lífsins, sem hamingja og hamingjuleysi leiðir yfir einstaklinga

og þjóðir. Það þarf að brennast með eldi inn í sálir vorar ef unt er.

En er það ekki lélegar gjört og linlegar með oss Íslendingum en öðrum þjóðum?

Vér viljum nefna aðra eins hugmynd og sakleysið. Engum ungling er ant um að varðveita eigið sakleysi, ef hann elskar það ekki. Aðal-atriðið í góðu uppeldi er að kenna piltum og stúlkum á uppvaxtarárunum að elska sakleysið. Hverjum ungling þarf að skiljast, að öll gæfa og velferð sé undir því komin. Um leið og fyrsta stórsyndin er drýgð, steðjar hamingjuleysið að garði. Eiginlega er öllum mönnum ætlað að verða gæfumann. Hvort þeir verða það eða verða það ekki, er alt komið undir því, að þeir varpi ekki sakleysi sínu frá sér, en varðveiti það eins og dýrmætan auðnupening, er líf liggur við, að þeir glati ekki.

Í þessu atriði erum vér óumræðilega skamt komnir. Sárfáir íslenzkir unglingar elska sakleysið, nema rétt í orði kveðnu. Hugmyndin um, að öll gæfa mannsins og ógæfa stafi af meðferð þess, virðist eigi hafa fest rætur nærri því eins djúpar með oss og flestum öðrum kristnum þjóðum. Það mun vera leitun á jafn-siðlítilli þjóð og vér erum. Fimti hluti allra barna, sem fæðast á fósturjörð vorri óskilgetinn, eða meir en það. Alveg nýlega á það bent, að erlendum mönnum, er til Íslands koma, finst íslenzkt kvenfólk hugsunarlausara um

sakleysi sitt en konur annarra þjóða yfirleitt. Of margir þeirra, er eitthvað komast upp og síðar eiga að verða sverð og skjöldur þjóðarinnar, að því kunnir, að hafa búið sig undir lífið með því að virða sakleysið vettugi, en hafa siðleysið í hávegum. Enda fer sigursældin í lífinu eftir því.

Það er hjartans sannfæring mín, að af þessu stafi hamingjuleysi þjóðar vorrar, frekar nokkuru öðru. Hún er svo heillum horfin í lífsbaráttunni, af því hún treður sakleysið undir fótum. Hún virðir það vettugi, skilur eigi, að það er grundvöllur allrar lífs-hamingju,—gengur að brúðkaupi lífsins—eigi bundin blettlausu brúðarlíni, heldur óhreinni eldhúsdulu.

Hver maður þarf að sjá og skilja, að öll hamingja lífsins og velferð er undir því komin, að geyma sakleysið eins og helgan dóm í sálu sinni. Maður, sem ávalt lætur sér ant um sakleysi sitt, er margra manna maki. Hann hefir öll hin góðu öfl lífsins í fylgi með sér. Hann fer vel með æsku sína, gætir þess eins og sá, er á krossgötum situr, að sleppa sér aldrei, en leitast við að fá betur og betur vald yfir sjálfum sér og ástríðum sínum og búa sig sem best undir lífið. Þegar þar kemur, tekur hann ötull og ódeigur til starfa. Hann verður þá kunnur að hreinleik hugarfarsins, lýtalsri lífsbreytni, réttlæti og rétt-dæmi. Honum verður vel til framkvæmda, því

hann vill það eitt, sem betur má, og stál viljans marghert í stokki yfirbugaðra freistinga.

Allar sigurvinningar lífsins eru komnar undir óspiltu hugarfari. Sá sem slept hefir sjálfum sér út í spilling meiri eða minni, verður aldrei mikið að manni. Þróttur og fylgi bilar og brestur í hlutfalli við það, hve langt er farið. Siðferðisleg áhrif hans á menn og málefni verða lítil og aflaus, jafnvel þótt hann ljái því fylgi sitt, sem betur má. Að ætlunarverkum lífsins verður hann veill og hálfur. Hann er eins og sláttumaður, sem berst um með bitlausum ljá; það gengur ekkert undan honum. Álfarnir hafa gjört ljáinn hans deigan. Hann verður aldrei það, sem hann ætlaði sér. Konungshug hans hafa álfar rænt á heiðum uppi.

Enga hugmyni hafa beztu og helztu rithöfundar og skáld menningar þjóðanna lagt aðra eins rækt við og sakleysis hugmyndina. Göfugasti skáldskapurinn og dýrlegasti, sem til er í heiminum, hefir brýnt fyrir mönnum frá alda öðli, að alt lífið sé undir því komið, að varðveita sakleysi sitt, sleppa sér ekki út í spillinguna í einni eða annarri mynd. Óförunum, sem af því leiða, hafa harmsöguskáldin leitast við að lýsa eins átakanlega og þeim hefir verið unt. Hamingjunni og sigursældinni, er sakleysinu fylgir, og hinu óspilta hugarfari, er aftur og aftur lýst í hverju hetjukvæði og hverri skáldsögu. Þýðing skáldskap-

arins fyrir þjóðirnar er að langmestu leyti í því fólgin, að í skuggsjá hans fær æskulýðurinn að sjá ógleymanlega mynd af því, hvað verða má mannum til ógæfu og hamingjuleysis og hvað til sigurs og farsældar. Gildi alls skáldskapar er í rauninni í insta eðli undir því komið, hve vel skáldinu tekst að kenna mönnum að elska sakleysið og geyma þess. Það er líka engin furða. Þetta er og verður frumhugmynd mannlegs lífs. Allur harmsöguleikur lífsins snýst utan um þann litla depil.

Einmitt í þessu efni koma íslenzkar nútíðar-bókmentir mér einna fátæklegast fyrir sjónir. Þar er svo undur-sjaldan verið að grafast eftir orsökunum til gæfu og ógæfu. Lítur eigi út fyrir, að það sé mál, er vér látum oss fremur lítið koma við? Láta þeir, sem eru að hugsa fyrir þjóð vora, sér á sama standa, hvernig farið er með lífið? Er það orðið að hégilju einni í huga þeirra, að mennirnir smíði sér hamingju og óhamingju með háttalagi sínu og framferði? Dylst þeim ef til vill, að hamingja eða hamingjuleysi hverrar þjóðar er saman undið af auðnu eða auðnuleysi einstaklinganna?

Um hvað erum vér að hugsa? Hvað erum vér að tala? Það, sem nú er hugsað og ritað snýst að langmestu leyti annaðhvort utan um stjórnmál eða almenn bjargræðismál. Úr annari átt en þessum tveimur heyrir naumast hósti né

stuna. Öll blóðin full af stjórnmálalþrefi látlausu árið út og hvert árið eftir annað. Þar kemst engin önnur hugsan að. Þó situr alt við sama keip, eða seinni villan er verri hinni fyrri. Í bjargræðismálunum hugsar Bárður á Búrfelli einn fyrir alla. Hann er sjálfsagt sá rithöfundur, sem þjóð vor elskar mest, enda leggur búrlyktina hans um bæinn allan. Hann er á ferðinni með flotskjöldinn seint og snemma og lofar þeim öllum gulli og grænum skógum, sem í hann bíta. Krossgötu þjóðsagan fræðir oss ágætlega um hollustu þeirrar fæðu.

En að hugsa um það, hvað það er í fari þjóðar vorrar, er gjörir hana svo þollausa, ósjálfstæða, stefnulitla og hamingjuhorfna í baráttunni, —það álitur enginn ómaksins vert.

Er eigi þessi einhæfni óholl? Ættum vér eigi að reyna að hugsa og ræða um siðferðisleg efni líka? Mundi eigi betur ganga í bjargráðum og stjórnmálum, ef vér hugsuðum meir um það, sem gjörir manninn að manni, ef vér færum að grafast betur eftir hinum huldu rökum til gæfu og ógæfu?

Ef unt væri með einhverjum ráðum að kenna íslenskum unglingum að sitja á krossgötum, án þess að gjörast ginningarfífl álfanna, væri gullnáma fundin fyrir þjóð vora, er meiri auðlegðaruppspretta yrði henni, en þótt eyjan hennar öll væri úr gulli gjör.

Kennum þeim að elska mannanna eilífu hugsjónir. Kennum þeim að elska sakleysið. Kennum þeim, að fyrsta stórsyndin, er þeir gjöra sig söka um, dregur sigurinn og hamingjuna úr höndum þeirra. Hið eina, er manninn gjörir hamingjusaman og lætur hin góðu öfl lífsins vera í fylgi með honum, er reglan: aldrei að sleppa sér. Það eru þeir hinir fáu, sem aldrei hafa slept sér út í spilling og álfadans, sem eru lánsmenn vorrar lánlitlu þjóðar. En þeir eru svo fáir; þeirra gætir svo lítið. Það eru hinir, sem mynda sögu hennar.

Það er annað, er íslenzkur æskulýður þarf að læra. Það er eigi nóg að elska hugsjónirnar í æsku, meðan maður er að búa sig undir lífið. Mest um að gjöra að skipa sér í fylking þeirra, er út í lífið kemur, og svíkjast eigi úr þeirri fylking. Margur staðnæmist þar að eins um stund, en dregst svo aftur úr með aldrinum. Ósjaldan vega gamlir menn gegn skoðunum og hugsjónum, er þeir ungir börðust fyrir og elskuðu af hjarta. Að breyta skoðunum er mannlegt og fyrir það skyldi engan lýta, ef hann hverfur frá einhverjum misskilningi og hallast að öðrum réttari. En að láta frjálsmannlega hugsan og skilning á lífinu breytast í þröngsýni og sleggjudóma, eins og mörgum hættir við á gamalsaldri, svo ekkert verður nýtilegt í fari mannanna, nema íhaldssemin ein og líðið hennar, ber þess ljósan

vott, að ekki hefir verið staðið við hugsjónir æskunnar, eins og skyldi, og að álfunum hefir tekist að villa um fyrir þeim, er á krossgötum sat, og vefja honum héðin að höfði.

Hin mikla list lífsins er í því fólgin að halda sér ungum í lífsbaráttunni. En mörgum tekst það ekki. Þeir fara að horfa um öxl sér og verða að saltstólpa. Nýjar hugsanir koma fram og þeir skilja þær ekki, ný verkefni birtast og þeir sjá þau ekki; nýjar skýringar eru gefnar, en þeir líta ekki við þeim. Á þann hátt slitnar maður úr lestinni, ráfar einn, sár í baki undir klyfjum, og fær lélegan náttstað.

Hverjum manni er það mikil freisting að setjast of snemma að, er fóturinn tekur að þyngjast. Hin andlegu viðfangsefni mannanna eru næsta erfið og skamt eru þeir á leið komnir með að greiða úr þeim. Hverjum manni er ætlað að hugsa upp sömu hugsanirnar aftur og aftur og leita ljóss og skilnings í öllum áttum, velja og hafna, meðan lífið endist. Með því einu móti heldur hann sér ungum, þokast áfram, nemur ný og ný lönd, verður bjartsýnni og víðsýnni með aldri og árum. Þeir, sem það gjöra, hafa setið á krossgötum, þangað til þeir gátu staðið á fætur og sagt: Guði sé lof, nú er dagur um alt loft!

En af þeim mönnum eigum vér svo fáa.

Ekkert er almennara með íslenskum æskumönnum efnilegum en að brenna af löngun til að

verða þjóð sinni að gagni. Undirbúningurinn er þeim kvalræði, þrúsur; óþreyjan er svo mikil, að komast út í lífið og fara að lyfta einhverju Grettistaki til líknar landi og lýð. Stundin rennur upp. Kappinn er kominn á hólminn. Hann er gjörður að forsprakka einhvers fyrirtækis. Hann hamast um stund. Eitthvað kann að verða ágengt, eða menn ímynda sér það. Velgengnin stígur til höfuðsins. Hann er alt í einu orðinn höfðingi og lifir eins og herramaður. En áður nokkurn varir er fyrirtækið komið á höfuðið og maðurinn farinn að dansa með álfum.

Hve óumræðilega margt og mikilvægt það er, sem vér þurfum að læra! En þetta virðist mér meira virði en alt annað, sem nöfnum tjáir að nefna: Að koma ungur auga á hinar eilífu hugsjónir, er ráða öllu lífi mannanna, að læra að elska þær og láta þær svo hertaka hjarta sitt og hugarstefnu, að maður svíki þær aldrei, hvorki ungur né gamall, en standi við þær og berjist undir merkjum þeirra meðan nokkur blóðdropi endist. Þar er hin eina von hamingju og farsældar og hvergi annars staðar.

IV.

Þessa hugsan hefir eitt af helztu skáldum vorum höggið í marmara með orðum, sem vera ættu hverjum Íslending ógleymanleg. Eg bendi á það

hér, af því mér virðist það vera hugsan, sem nú er meir og meir að þurkast út úr meðvitund nútíðar-Íslendingins.

Eitt einasta syndar augnablik,
sá agnar-punkturinn smár,
oft lengist í æfilangt eymdarstryk,
sem yðran oss vekur og tár.

Eitt augnablik helgað af himinsins náð
oss hefja til farsældar má,
svo gjörvöll vor framtíð er geislum stráð
og gæfan ei víkur oss frá.

Eins augnabliks sigur, sé ákvörðun rétt,
oss eilífðar hnossi fær gætt;
eins augnabliks tjón, það er annað en létt,
vart eilífðin getur það bætt.

Hjá einu mikilhæfu skáldi, sem enn er á lífi, kemur þessi krossgötu hugsan þjóðsagnanna hvað eftir annað fyrir. Það er auðséð hún hefir fengið vald mjög mikið yfir sálarlífi hans. Einkum er það auðskilið vegna þess, að hann hefir gjört hana að aðal-atríði í tveim hinum merkustu skáldverkum, er eftir hann liggja. Eg á við skáldið Henrik Ibsen.

Fyrri skáldverkið er **Peer Gynt** (Pétur Gautur). Hetjan í þeirri bók er maður, sem illa fer með líf sitt með öllu móti. Honum er sama um alt. Helgustu óðulum sálar sinnar varpar hann frá sér, ýmist til að seðja fýsnir sínar, eða til að afla sér auðs og valda. Hann syndgar gegn

öllu, er manninn gjörir að manni, og verður því nokkurn veginn eins lélegur maður og unt er að verða. Hann svíkur göfugustu hugsjónir manna og dýrmætustu hverja á fætur annari, til að þjóna lund sinni og fylgja megin reglu þeirri. er tröllin kendu honum—að vera sjálfum sér nóg—þegar hann ungur lenti í höndum þeirra. Þessi sjálfselska hefir gjört hann að svívirðilegum hræsnara í einu og öllu. Hiklaust hefir hann lagt alt göfgi sálar sinnar í sölurnar til að eignast þá paradís heimskingjans, er ginningaröflin hafa töfrað upp fyrir hugsskotssjónum hans í hvert skifti. Hann hefir rekið trygðir við guð og menn og gjört líf margra að gróðurlausri auðn — þar á meðal líf stúlkunnar, er hann unni í æsku og aldrei gleymir honum. Hann hiður að síðustu ómurlegt skipbrot í öllum skilningi og ráfar um eins og hælislaus aumingi upp til fjalla.

Þá fer skáldið að hugsa um hegning fyrir mannræfil þenna í öðru lífi. Honum þykir of gott að láta hann fara illa á vanalegan hátt.

Hann lætur hann þá hvað eftir annað vera staddan á krossgötum. Þar mætir honum maður með deiglu í hendi, fulla tinhnöppum. Hann segist vera kominn til að sækja hann. Hann ætli að bræða hann saman við hnapparuslið í deiglunni.

En Pétur biðst vægðar. Hann hræðist það meira en nokkura aðra tilhugsan, er áður hefir hjá honum vaknað, að verða settur í deigluna og

lenda þar saman við hnapparuslið. Að verða bræddur saman við mikið af öðru jafn-lélegu rusli og steypdur í annað sinn, finst honum vera algjörlega að glata sjálfum sér; það sé þá úti um hann.

Nokkurum sinnum kemst hann undan. En maðurinn með deigluna segist ávalt skula finna hann á næstu krossgötum. Hann flýr að síðustu inn í dálítinn kofa. Þar hittir hann unnustu sína frá æskuárunum, sem aldrei hefir gleymt honum og þykist nú heimta hann úr helju. Hann hylur andlit sitt í skauti hennar, en hún gelur yfir honum angurbliðan ástarsöng um leið og morgunsól rennur. Deiglu-karlinn nemur staðar fyrir utan og fær nú eigi náð í hann eins og hann ætlaði sér, en segir: Við hittumst á síðustu krossgötum, Pétur! Og hugsanin, sem skáldið skilur við hann með, er þessi:

Ef þetta frelsar hann ekki, fer hann í deigluuna saman við hnapparuslið!

Þessa bók ritaði Ibsen snemma á æfinni. Hann var þá á bezta reki og á unga aldri.

En í annarri bók, sem hann ritaði eftir, að hann var orðinn háaldraður maður og út kom fyrir fáum árum, kemur sama hugsanin fram í nýrri mynd. Sú bók heitir **Sólness byggingameistari**. Flestum kemur saman um, að þar hafi skáldið lýst sjálfum sér og eigin lífi sínu meir en í nokkurri bók annarri.

Hann lætur Sólnes vera þar að velta því fyrir sér, hvernig á því standi, að verk mannanna séu stundum góð og stundum vond. Hann segir, að loftið sé fult af öndum, hvítum og svörtum. Þeir fylgi manni, hvert sem hann fari.

Hvítu andarnir hvísli að manni góðum verkum. Þeir séu stöðugt að minna menn á að vera hvorki hræsnarar né svikarar, heldur einlægir og óbrigðulir,— standa með stillingu og sálarpreki við það, sem þeir þekkja réttast og sannast, þrátt fyrir allar ginningarraddir, sem í eyrum hljómi.

En svörtu andarnir hvísli hinu illa að manninum. Sólnes hefir til dæmis látið húsið sitt brenna. Hann hafði veitt sprungunum í reykháfnun eftirtekt, en svörtu andarnir hvísluðu því að honum, að það væri óþarfi að gjöra við þessar sprungur. Ekki gæti hann þá að því gjört, þótt einhvern tíma kynnu neistar að fljúga gegn um þær. Og ekki væri honum þá um að kenna, þótt þeir kveiktu í öllu saman og alt brynni til kaldra kola.— Það stóð svo á, að hann gildi einu, þótt húsið brynni; hann þurfti þess með, til að geta komið fram áformum sínum.

Hvað er þetta annað en sama hugsanin—krossgötu hugsanin í annarri mynd. Maður á um tvent að velja: annaðhvort að reynast trúr eða svikull. Og hann verður að manni eða þá að — gjalti, eftir því, hvernig hann velur.

Og verði hann að gjalti, breytir hann eins og

vitfirringur. Hann lendir þá að síðustu í deiglu-
unni eins og Pétur Gautur. Eða hann reisir sér
nýtt hús með háum turni eins og Sólnes. En
nýja húsið er í álfheimum og hann hrapar niður
af tind þess meðan það er í smíðum og endar
svo harmsöguleik lífs síns.

V.

Hið fegursta í krossgötu þjóðtrúnni er launin,
er sá átti í vændum, er trúr var og stöðuglyndur
og eigi lét ginningar álfanna svifta sig sakleysi
og mannkostum eða villa um fyrir sér á nokkurn
hátt.

Hann varð gæfumaður hinn mesti og ham-
ingjusamur í hvívetna. Hann eignaðist á eðlilegan
hátt alt, sem oss mönnum þykir girnilegast. Hann
varð sjálfkjörinn leiðtogi annarra manna. Því hann
sveikst aldrei um skyldu sína, dróg engan á talar,
fór aldrei með fagurgala, var aldrei falskur við
nokkurn mann, reyndi aldrei dýrlingur að vera hið
ytra, en svikatól hið innra. Heldur efndi hann
loforð sín, stóð við sannfæringu sína, elskaði
hugsjónir mannanna heitara og ákafara með aldri,
eftir því sem þær þroskuðust í sál hans,—og hné
að síðustu í sannleiksbaráttunni, gamall og þrot-
inn. brosandir undir því merkinu, er hann hafði
skipað sér ungur. Hann hafði gengið af einni
sjónarhæð á aðra og orðið víðsýnni maður og sann-
gjarnari með árum. Eftir því sem hann fékk

meira vald yfir sjálfum sér, eignaðist hann meira af sönnu frjálslyndi og réttðæmi. Eftir því skildi hann eigin samtíð sína betur og hafði lag á að greina gott frá illu í fari hennar. Hann dróg hjörtu mannanna til sín, af því þeir urðu varir við hjartalag hjá honum og skilning, er þekkir bergmálið, sem ginningaröflin eiga í mannssálunni, og veit, að svo miklu auðveldara er að villast, en komast úr villunni aftur.

Eigi var sízt mikils vert um vopnin, er álfarnir skildu honum eftir. Meðal þeirra fann hann skyrtu, er engin vopn bitu. Vopn óhlutvandra manna hrukku af henni og fengu honum ekkert mein unnið. Þó illa væri um hann talað, var því að eins trúað í bili, en hjaðnaði jafnskjótt niður og varð að engu, þegar nærri honum kom. Hann gat haldið leiðar sinnar, óhræddur við alla stigmenn, því hann bið engin járn. Skyrtu sakleysisins er hinn kostulegasti gripur, er nokkur maður á í eigu sinni.

Þá var sverðið dýrgripur eigi minni. Það var brandur svo góður, að eggjar hans mátti enginn deyfa og fyrir honum urðu allar óvættir að hrökkva. Aldrei mátti honum bregða, nema fyrir réttlátu málefni og góðum málstað, en aldrei til hefnda, né til að egna skap mótstöðumanna eða skaprauna þeim, né að eins til að þjóna illri lund. Aldrei var hann eins hárbeittur og þegar honum var „brugðið fyrir þjóð og land“. Þegar sigur var

fenginn, snurtu þeir, er særst höfðu, bæði vinir og óvinir, við hjöltunum; í þeim var lyfsteinn, er græddi öll sár og gjörði menn aftur sátta og sammála.

Af heiðinni var útsýn til fjögurra kirkna. Í hverja átt, sem horft var, mátti sjá kirkju. Ekkert á jörðu minnir manninn eins á að efna heit sín og kirkjan. Hvergi sjáum vér og skiljum lög-mál hamingju og hamingjuleysis eins og þar. Hvergi lærum vér að elska eilífar hugsjónir manna eins og þar. Hvergi að forðast tál, ginningar og álfadans eins og þar. Hvergi að seilast eins hátt og taka á af öllu afli eins og þar. Þess vegna má enginn missa sjónar af henni. Annars er mönnum svo hætt við að verða að—gjalti.

Að eiga í sálu sinni turn, sem bendir til himins,—að eiga þar skírnarlaug, sem daglega er stigið niður í til að verða hreinn,—að eiga þar altari með sí-endurtekinni heitstrenging um að heyja góða baráttu gegn glötunaröflum lífsins, varðveita sakleysi sálar sinnar og reynast trúr til enda, —er unt á nokkuð annað að benda, sem eins stælir aflausan vilja, veitir þollausri lund þrótt og þroska og viðnámsafi og gjörir manninn að drotni jarðarinnar? Sá, sem það hefir, er um leið bjartskýnn maður og segir:

Guði sé lof, það er dagur um alt loft!

Grjótkast.

SKÁLDIN eiga að vera spámenn þjóðar sinnar. Sönn skáld eru það líka. Mundi vegur Grikkja hafa mikill orðið í fornöld, ef þeir hefðu eigi átt Hómer og Sófócles? Eða mundu eigi dagarnir hafa daufrir orðið með Rómverjum, þrátt fyrir alla herfrægðina, ef þeir Vergilius og Horatius hefðu eigi stýtt þeim stundir? Skyldi eigi saga Breta hafa önnur orðið, ef þeim hefði enginn Shakespeare fæðst og enginn Milton eða Tennyson? Mundu Þjóðverjar nú á dögum vera aðrir eins öndvegishöldar með þjóðunum, ef eigi hefði Goethe og Schiller flutt þeim sín ódauðlegu ljóð? Skyldi list og smekkvísi Frakka vera viðbrugðið um heim allan, ef Moliere og Victor Hugo og margir fleiri hefðu eigi gjört garðinn frægan? Eða mundi Norðmenn, frændur vorir, alt í einu vera orðin sjálfstæð þjóð, ef með þeim hefði enginn Henrik Wergeland verið, enginn Björnstjerne Björnson og enginn Henrik Ibsen?

Allir þessir menn hafa verið spámenn þjóðar sinnar. Göfugustu hugsjónir mannsandans hafa þeir sungið inn í hjörtu þeirra. Þeir hafa kent þeim að elska hið æðsta og göfugasta, sem mennirnir eru ávalt að seilast eftir og öll menningarbaráttan er háð út af.

Öllum er eigi ætlað að vera skáld. Sönn skáld birtast að eins sjaldan í lífi þjóðanna og með löngu millibili. Vanalega eru þeir eins og aðrir menn. Hversdagshliðin á lífi þeirra er lík því, sem vér allir eigum að venjast. En á einstökum augnablikum lyftast þeir upp og verða hærri en hitt fólkið. Himneskar hljóðöldur stíga hátt í sálum þeirra. Nýr glampi kemur í augað. Andans heimur opnast fyrir þeim. Þeir sjá sjónir, fá eins konar opinberanir. Hin eilífu sannindi stíga niður í sálir þeirra. Geislabrotin, er fram koma í sálum þeirra, birtast oss í skáldskapnum. Hann er eigi annað en endurskin þess, er fram fer í sálum þeirra, þegar þeir verða hrifnir upp á þenna háfjallatind.

Ef vér eigum að hafa þau not af skáldskapnum, sem oss er ætlað, þurfum vér að gjöra oss eins glögga grein fyrir því, sem fram fer í sálu skáldsins og oss er unt. Sami andinn, sem hefir hrifið þá, er þeir ortu, ber þá að dyrum hjá oss. Undir næmleik tilfinninganna og skilningsins er það þá komið, hve fljótt og vel vér komum til dyr-

anna og hve góðar viðtökur vér veitum erindi skáldsins.

I.

Eitt þjóðskálda vorra hefir lýst því betur en flestir aðrir, sem fram fer í sálu hans, þegar vitranir birtast. Flestum er kunnugt dálítið kvæði eftir skáldið Matthías Jochumsson, er hann kallar leiðsla. Það er eigi laust við, að hent hafi verið gaman að skáldinu fyrir þetta kvæði. Hátíðisstundin í sálu skáldsins, er kvæðið lýsir, er svo mikil og heilög, að marga brestur lotning til að skilja. Þeir gleyma að draga af sér skóna, af því þeir standa með skáldinu á helgum stað.

En ekkert skáld hefir lýst því betur fyrir mér að minsta kosti, hvað fram fer í sál hans, þegar skáldafákurinn þýtur með hann hæst til fjalla. Kvæðið mun hann hafa ort hýsna ungur. Það ber að með sér að minsta kosti, að skáldið hefir enn eigi náð fullum þroska. Hann er enn á æsku skeiði svo að segja. Það er ein af fyrstu fjallaferðunum hans, sem hann lýsir. Hefði hann ort þetta kvæði síðar á æfinni, mundi búningurinn hafa verið þroskaðri. En tilfinningin, geislabrotin, það sem hann er að sýna oss með kvæðinu, mundi það hafa þá orðið jafn-lifandi og jafn-satt? Mundi glampinn af því hafa jafn-sterkur orðið í sálum vorum? Eg efast um það.

Og andinn hreif mig upp á háfjallatind
og eg horfði sem örn yfir fold,
og mín sál varð lík ístærri, svalandi lind,
og eg ná ekki duft eða mold.

Með öðrum orðum, andinn hrífur hann upp á háan fjallstind. Þaðan sér hann um alla heima og geima. Hann verður þess var, að aldrei hefir sjón hans verið jafn-glögg og nú. Hann hefir fengið ar ar-augu. Engri skepnu hefir önnur eins sjón verið gefin og örninni. Ofan úr háa lofti sér hún lambið í dalverpinu — jafnvel maðkinn í moldinni — og steypir sér beina leið niður til að hremma það. Ef nokkur skepna hér á jörðu hefir augu eins og eldsloga, hefir örnin þau. Slík arn-araugu hefir nú skáldið fengið, þar sem hann er kominn upp á fjallstindinn. Sál hans er orðin hrein, laus við sora og gróm og ryk, sem láglendinu fylgir, eins og tær, svalandi lind. Honum finnast nýjar uppsprettur hafa opnast í brjósti sér. Arnsúgurinn hefir feykt öllum skýjum og allri þoku burt frá augum hans, þegar hann var borinn í hæðir. Mold og myrkur er horfið. Alt ljótt og lélegt er komið í fjarska. Það nær eigi til hans, hefir ekkert vald yfir honum lengur. Frjáls eins og fuglinn svalar hann höfði sínu „í himin-blámans fagurtærri lind.“

Endurminningarnar lifa samt enn í sálu hans. Bergmálið er eftir. Það er kvöl í hjartanu út af því, sem fyrir augun hefir borið. Á leiðinni upp

á tindinn hefir lífið birzt honum í hræðilegri mynd.

Mér þétti sem heði eg gengið upp gil
fult með grjótflog og hræfugla-ljóð,
fult með þokur og töfrandi tröllheima spil,
unz á tindinum hæsta eg stóð.

Að klifra upp slík gil er lífshætta óskapleg. Grjótið kemur fljúgandi niður af hamrastöllum fyrir ofan mann. Hver slíkur steinn, sem losnar, getur orðið að bráðum bana. Enda fer það svo hvað eftir annað. Þeir, sem á leiðinni eru, samferðamennirnir, hníga, hver á fætur öðrum, steini lostnir til jarðar. Hræfuglarnir safnast þá saman og kveða kátir hræfuglaljóð sín. Jafnóðum hirða þeir það, sem steinarnir kremja lífið úr. Þetta er þeim mun geigvænlegra sem þokan fyllir gilið, svo ýmist sér maður alls ekkert frá sér fyrir henni eða maður sér einlægar ofsjónir, sér alt í tröllaukinni stærð; alt verður miklu ferlegra en það í raun og veru er.

II.

Það er daglega lífið hér í mannheimum, er skáldið lýsir svo. Þar er nóg af grjótkasti. Oft er freisting býsna-mikil til að láta sér finnast grjótkastið hið einkennilegasta við það. Svo mikið af ofbeldi og sundurþykkju. Svo mikið af bardögum og blóðsúthellingum. Svo mikið af

öfund og launvígum. Svo mikil mótspyrna gegn góðum mönnum og málefnum.

Frá alda öðli hefir það svona verið. Spámennt Gyðinga voru grýttir. Þjóð sinni fluttu þeir erindi drottins. Sýndu henni vegu farsældar og frelsis og um leið vegu hamnigjuleysis og glötunar með alvöru og ósýngirni meiri en líklega hefir fram komið hjá nokkurum mönnum öðrum. Og launin, sem þeir féngu, voru grjótkast. Þeir voru hneptir út úr borginni og lámdir til dauðs með grjóti.

Mannkynsfrelsarinn kom. Hann flutti mönnum hinn dýrlegasta fagnaðarboðskap, sem nokkurt eyra hefir heyrt og í nokkurs manns huga komið. Launin voru þau sömu. Hvað eftir annað átti að stytta honum stundir með grjótkasti. Og þegar hann vék úr höndum þeim, er ætluðu að ráða honum bana með grjóti, festu þeir hann á krossinn.

Postular og píslarvottar urðu fyrir hinu sama. Það voru menn, er gengu í kring og töluðu sannleikann, hugguðu og líknuðu, hvar sem þeim var unt, og brutu sjálfa sig, líf sitt og krafta, í mola fyrir aðra. Samt linti grjótkastinu aldrei. Einn á eftir öðrum hníga þeir í valinn og hræfuglarnir hlakka yfir falli þeirra. En blóð þeirra hrópaði til himins.

Og svona er það enn. Menn ern svo undurtornæmir. Svo seinir að skilja, að þeir eru allir

bræður. Ofbeldið einlægt álitíð bezta vopnið. Hjá baráttu verður eigi komist. Alt, sem lifir, baráttunnar lögmáli háð. En hví að temja sér að gjöra þá baráttu miklu ömurlegri, miklu ljótari, miklu kvalafyllri en hún þyrfti að vera? Hví eru menn svo gjarnir á að fara í grjótkast?

Hér er einhver dálítill meiningamunur á ferðum. Tveir menn eða tveir flokkar eru að ræða um sömu sannindin og eru öldungis sammála í aðal-atríðinu. En svo koma þeir sér eigi saman í einhverju smáatriði. Þeir skoða sömu sannindin frá tveim hliðum. Hvor um sig er öldungis sannfærður um, að sitt sjónarmið sé laukrétt, hitt öldungis rangt. Svo álíta þeir beztu og heppilegustu aðferðina ávalt þá að fara í grjótkast, reyna til að meiða hvern annan sem allra mest og skaprauna á allar lundir. Við það vex ávalt misskilningurinn og margfaldast. Þúfan litla, sem var á milli þeirra, er í augum þeirra orðin að fjalli afarháu. Það hylur þeim sjónum hið mikla friðland, er báðir eiga sameiginlega. Baráttan verður bitrari og ákafari, eftir því sem hún er lengur háð. Því stöðugt verða sárin fleiri og meiðslin, og sviðinn og verkurinn kvalafyllri.

Vér Íslendingar erum að eðlisfari deilugjarnir menn. Vitaskuld er víða pottur brotinn í því efni, svo vér erum þar ekki einir. Samt mun það liggja í Íslendingseðlinu, að gjöra mikinn hávaða

út af litlu tilefni og þola illa skiftar skoðanir. Vér deilum út af hverju lítilræði. Verðum þá oft vondir og stórorðir. Deiluefnið belgist upp í huga vorum og moldviðrið verður svo mikið, að vér sjáum ekki handa vorra skil. Þá segjum vér oft það, sem sízt skyldi. Orðin meiða og særa. Þörð orð og óbilgjörn eru eins og grjót. Þau skilja eftir sár, þegar þeim er grýtt í einhvern.

Ef til vill er sá svo vitur, sem grýttur er hörðum orðum, að kasta engum steini aftur. Segi hann eitthvað, lætur hann það vera góð orð og mild,—en forðast hefndaryrðin. Um að gjöra fyrir hvern mann, sem vera vill maður, að fá svo vald yfir lund sinni, að hann þoli grjótkast. Sá sem slíkt vald hefir fengið yfir sjálfum sér, situr þegjandi meðan grjóthriðin dynur yfir hann. Allir menn fá eitthvað af því að reyna,—þeim mun meir, sem meira er í þá spunnið.

En þá er vandinn þessi, að gjalda ekki líku líkt. Fara ekki að grýta aðra, þó maður sé sjálfur grýttur. Vera þá stiltastur, þegar aðrir eru í æsingi svo miklum, að þeir gæta sín ekki. Gjöra eigi öðrum rangt til, þegar rangsleitni þeirra sviður sem mest.

Líklega er það hin harðasta raun, sem unt er í að komast. Í þeirri raun kemur annaðhvort smámennið eða mikilmennið í ljós. Smámennið lætur aldrei eiga hjá sér. Álitur það frækleikann mesta, að láta seinna löðrunginn vera sárari hin-

um fyrra, þreytast aldrei, tala ávalt síðasta orðið, kasta altjafnt síðasta steininum. Í þeim leik verður maður ávalt minni og minni maður og þroskast öfugt. Sá, er ganga þykist sigri hrósandi af þeim hólmi, hefir í raun réttri beðið raunalegan ósigur.

Svinnur maður gengur oft sár af hólmi heim til sín. Hann hefir orðið fyrir grjótkasti. Þeir hafa lamið hann steinum, sem hann átti betra skilið af. Hann hefir verið misskilinn. Orð hans og framkoma færð til verra vegar. Sagt, að hann færi með ósannindi, þegar hann vildi sannast mæla. Hann hefir verið tortrygður og grunaður um græsku, án þess að vita vamm sitt í nokkuru. Þegar hann gjörði grein fyrir sannfæringu sinni, var það fordild. Þegar hann var sanngjarnari en aðrir, var það til að þóknast fjöldanum og afla sér vinsælda. Aldrei voru hvatir hans hreinar. Ávalt hægt að róta upp einhverjum leir, svo vatnið yrði gruggugt.

Hví skyldi hann kveinka? Til hvers að vera sár? Hann gengur út og inn eins og sá, sem sem einkis verður var. Gengur brosandi að verki, vinnur það eins trúlega og honum er unt, skiftir sér eigi af öfundinni, þó hún urri, og langi til að glepsa í hælinn, seilist eftir því, sem fyrir ofan hann er, — reynir að vera öllum alt, svo hann ávinni einhvern. Að vegast með orðum verður honum meiri og meiri viðurstygð. Hann forðast

orðagjálfur og deilur, en lærir listina dásamlegu, sem svo fáum tekst að nema—þagnarinnar heilögu list. Aftakalítill og fámæltur stendur hann að verki og felur öðrum árangurinn. Polinmóður og stiltur les hann sig upp gilið, gegn um grjótkast og hræfuglasöng, þangað til hann hefir klifið þrítugan hamarinn og er kominn upp á brúnina, þar sem hann stendur fvrir ofan þetta alt, svo það nær eigi til hans.

Sammála eru menn eigi og mega eigi vera. Ef allir væru sammála og skoðanin ein hjá öllum, yrði lífið að fúlum stöðupolli og framförin engin. En góðum mönnum ætti að geta lærst að bera skoðanir sínar saman með hógvæð og stilling. Hver í kapp við annan ættu þeir að leitast við að skilja og gjöra sér grein fyrir hugsunarhætti hins og ástæðum. Með fögnuði ættu þeir að kannast við alt, sem hver um sig fær fallist á hjá hinum, brjótaskast svo áfram og hjálpa hver öðrum í áttina til úrlausnar.

Sanngjarn maður færir aldrei neinn hlut til verra vegar fyrir öðrum. Hann er eigi á sífeldri lít eftir höggstað á andstæðingi sínum. Hann keppist einmitt við að vera honum í sem flestu sammála. Í deiluatriðunum grefst hann eftir sannindunum, sem andmálsmaður hans hefir við að styðjast. Hann lætur sér eigi til hugar koma að gjöra lítið úr þeim. En þegar hann er afdráttarlaust búinn að kannast við þau, tekur hann fram

eins ljóst og greinilega og unt er það, sem á milli ber. Hann forðast að ætla gagnmælendum ilt í nokkurum hlut. Hann varast að viðhafa orð, er meiða og særa. Hann veit það er um að gjöra, að ræða öll ágreiningsmál í góðu skapi. Honum dýlst eigi, að grjótkastið er svarinn óvinur sannleikans, en boðinn og búinn bandamaður lyginnar.

Svinnur maður ræðir aldrei neitt mál út í bláinn. Hann leitast við að kynna sér málavöxtu áður hann kemur fram með nokkurt álit. Honum kemur eigi til hugar að sannfæra nokkurn mann með eintómum sleggjudómum. Hann sér aldrei, að neitt sé við það unnið að stökkva upp með fárýrðum, þótt eitthvað kunni á annan veg að vera stefnt, en honum er geðfeldast. Hann kynnir sér málstaðinn, svo öllum verður ljóst, að um hann er talað af þekking, þegar hann segir álit sitt. Orð hans koma þeim mun meira til leiðar, sem þau eru stillilegar töluð og gætilegar hugsuð. Harðir dómar og órökstuddir eru eigi annað en grjótkast. Það eru vopn, sem sízt af öllu sæma vitrum mönnum. Ósvinnum manni og ofstopafullum er vorkunn, þótt hann grípi til þess eina vopnsins, sem hann á.

Mikið ljómandi mál er íslenzkan. Orðin hennar eru svo hnittileg, að undrum sætir. Ekkert tungumál í heimi á annað eins orð til að tákna með þann ófögnuð, sem hér er um að ræða, og íslenzka orðið sleggjudómur. Um leið og

vér heyrum það, kemur oss til hugar harður fiskur, sem barinn er á steini. Það er sannkallaður sleggjudómur, sem yfir hann gengur. Hann er barinn miskunnarlaust, þangað til hann er mjúkur og voðfeldur orðinn milli sleggjunnar og steinsins. Hún er sérlega íslenzk, athöfnin sú.

En svona viljum vér Íslendingar helst fara í hvert skifti, er oss liggur á að sannfæra hvern annan. Þá er sleggjan á lofti. Vér leggjum hvern annan til skiftis á steininn og lemjum af öllu afli. En því er miður. Þorskurinn gjörir löndum sínum til minkunnar. Hann batnar við barsmíðið og verður lunga-mjúkur. En vér, landarnir, verðum þeim mun verri og óþjálli, sem vér eigum fleiri högg hver í annars garði.

Það er eigi að furða. Vér trúðum á Þór í fornöld. Hann hafði stöðugt hamarinn á lofti. Að fara í austurveg og berja á tröllum,—það var honum lífsnautnin mesta. Aldrei lá eins vel á honum og þá. Enda dugði Mjólnir honum vel. Vér eigum eigi aðra eins sleggju nú á dögum. Þó varð Þór að hníga fyrir eitrinu, er á hann var spúð í hinni síðustu baráttu.

Svo fer ávalt þeim, er á sleggjunni heldur. Hið illa, sem hann ætlaði sér að granda, magnast og margfaldast og sleggjan kemur honum að síðustu í koll. Sakleysi, sem haft hefir verið fyrir rangri sök, og réttlátur málstaður, sem misþyrmt hefir verið, hrópa til himins. Vér ættum því allir

að fara varlega með sleggjuna, svo hún komi oss eigi í koll sjálfum.

III.

Skáldið talar um gilið. Hann hefir orðið hræddur í gilinu. Grjótlugið og hræfuglarnir hafa skotið honum skelk í bringu. Hann hefir verið hræddur um líf sitt, er hann fór þar upp.

Höfum vér eigi ástæðu til hins sama? Það er eigi vistlegt í þjóðlífs gilinu íslenska oftast nær. Er það eigi oft eins og allar illar vættir væri þar á ferðum? Alt er þar á dreifing. Einn og tveir í lest. Og flestir eru að lemja hvern annan grjóti. Það er helzta skemt看nin. Skapið er stirt. Það versnar og og versnar eftir því, sem ver er með það farið. Stillingin lítil. Og minna og minna ber á því, að hún sé álitin nokkur dygð. Undir eins að verða vondur og fara upp í háa rifrildi, hvað lítið sem út af ber. Gjöra málstað annarra eins gífurlega ljótan og nræðilegan og unt er. Hætta að verða var við nokkura ærlega taug hjá þeim, sem einhverja aðra skoðan hefir. Varast eins og heitan eldinn, að kannast við nokkuð gott í fari þess manns, er annarri stefnu fylgir í einhverju áhugamáli. Er þetta eigi aðferðin? Þykir eigi sá kappinn mestur, sem bezt gengur fram í þessu? Og hinir löðurmenni?

Aldrei hafa að líkindum æsingar jafn-miklar

uppi verið með þjóð vorri og nú síðan í förnöld. Að nokkuru leyti er það eðlilegt. Þjóðin er að vakna. Hún hefir um langan aldur eiginlega engar skoðanir haft. Eða þær hafa verið svo aflausar og þokukendar, að þær hafa lítið sem ekkert komið til greina. Nú er þetta að verða nokkuð á annan veg. Allir álíta sjálfsagt að hafa einhverja skoðan.

Utan um skoðanir myndast flokkar. Eigi er ýkja-langt síðan, að litlir sem engir flokkar voru með þjóð vorri. Margir prísar þann tíma sælan. Nú álíta samt flestir skyldu sína að fylla einhvern flokk. Og jafn-sjálfsagt er það álitnið fyrir alla flokksbræður að fylgja sínum flokki að málum í einu og öllu. Það er svo í stjórnámálum, trúmálum, og félagsmálum öllum. Sá er oftast ódrengur álitinn, sem eitthvað ofurlítið skerst úr leik, leyfir sér að einhverju leyti að hafa aðra skoðan en flokkurinn, eða dæma vægilegar um aðra flokka og stefnur en tízka er. Flokksfylgið er svo dýrmætt talið, að það er af hverjum manni heimtað, að hann sjái ekkert nema gott eitt hjá sínum flokki, og helst ekkert nema ilt eitt hjá öðrum flokkum. Eftir því sem hann gjörir þetta betur, er hann í meiri metum hafður með flokksbræðrum.

Hjá flokkum er eigi unt að komast, framar en skiftum skoðunum. Eins og sá maður stendur á fremur lágu stigi, sem litlar skoðanir hefir og ógreinilegar í áhugarálum mannanna, eins

stendur sú þjóð á lágu stigi, þar sem skoðanir í öllum efnum eru svo óljósar og óákveðnar, að alls engir flokkar hafa um þær myndast. Sú þjóð er enn eigi vöknud. Hún er enn eigi farin að að hugsa. Skiftar skoðanir og flokkar, sem fylgja þeim skoðunum, eru því framför að einu leyti.

En öll framför getur orðið að afturför. Allri blessan má í ból snúa. Þar sem guð gjörir kirkju, reisir kölski kapellu. Enginn þarf um það að efast, hver það er, sem reist hefir kapellu flokksharðstjórnarinnar og hins blinda flokksfylgis. Hún sver sig í ættina. Sú kenning, sem þar er flutt, er ein hin skaðvænlegasta, sem unt er á að benda. Flokksfylgið takmarkalaust gjörir manninn blindan og samvitzkulausan. Hann verður óvinur allra, nema fáeinna manna. Hann hættir að hugsa sjálfur — lætur aðra hugsa fyrir sig. Gengur eins og naut í bandi og stangar alt, sem á ekki heima í sama fjósi.

Í flokkunum hugsa vanalega ekki nema fáeinir. Aumast, að þessir fáu eru eigi ávalt vönduðustu mennirnir. En hinir fylgja. Svo mikill grúi manna vill helst eigi hugsa sjálfur. Hann vill láta rétta sér hugsanir, soðnar og tilreiddar, svo kyngja megi á sömu stundu. Hann vill láta klæða sig í skoðanir, eins og fót, sem einhver verksmiðjan hefir sniðið og saumað. Um

hrukkur og misfellur hugsar hann ekki,—að eins þetta, að þurfa sem minst að hafa fyrir.

Það er aumt, að svo skuli vera. Það er þroskaleysi ófyrirgefanlegt að nenna ekki að hugsa. Frjáls og sjálfstæður verður maðurinn aldrei á þann hátt. Á meðan hann hugsar eigi, gengur hann í handi hjá öðrum. Honum verður þá sama glappaskotið og Heði hinum blinda. Hann lætur Loka hinn lævíska koma sér til að skjóta mistilteini að bróður sínum, Baldri.

Sjálfstæður maður og hugsandi sér út fyrir takmörk eigin flokks síns. Honum dyljast eigi gallarnir, sem þar kunna að vera. Hann hefir fyrir þeim opin augu og sitast engu síður við að lagfæra þá og leiðréttu, en að vera á stöðugum leiðangri út á við. Sá er í rauninni bestur flokksmaður og heilladrjúgastur, sem sanngjarnastur er í garð annarra og fúsastur að láta þá njóta sannmælis. Sigursældin verður ávalt í höndum hins sanngjarna manns og réttláta, sem hálfa leið gengur til móts við bróður sinn og réttir honum hönd til sátta.

Blindir flokksfylgismenn vinna ávalt flokki sínum og málefni mesta tjón. Þegar vilja brestur og viðleitni í einhverjum flokk að laga gallana og aga öfgar og öfgamenn innan hans vébanda, hættir sá flokkur að vinna því mannfélagi gagn, er hann heyrir til. Hann hefir þá kveðið dauða-

dóm upp yfir sjálfum sér. Áhrif hans fara að minka. Hann veslast upp og hverfur.

En einkum kemur þetta fram, ef einhver flokkur ætlar að beita sjálfstæða menn ofbeldi og knýja með flokkssvipunni nákvæmlega sömu skoðanir fram hjá öllum. Með því móti gjörir flokkurinn út af við bestu menn sína. Á þann hátt eru því miður margir ráðnir af dögum. En eigi þarf oft að leika þann leik, til þess dagar flokksins séu taldir.

Skilyrðið fyrir þrifum og þroska íslenzks þjóðlífs er, að vér förum að skilja þetta. Flokkshatrið er dauðlegt eitur í hvaða mannfélagi sem er. Eftir því sem þjóðlífið er smávaxnara og þrengra, verður það banvænna. Í þeim óhræsis eldi brennur og eyðist raunalega mikið af íslenskum kröftum.

Allir, sem þjóð vorri vilja vel, ættu því að álíta það heilaga skyldu að slökkva þann eld. Og það ætti í rauninni að vera hægðarleikur. Vér Íslendingar þurfum allir á því að halda að vera vinir. Skoðanamunur ætti aldrei að vera vináttunni í vegi. Að vér erum menn, bræður, samlandar ætti að vera þyngra á metum. Allir erum vér að róa yfir sama pollinn. Oss greinir á um, hvert árarlagið sé heppilegast. Hví skyldi það vera deiluefni? Er eigi viturlegra með stilling og gætni að veita því

eftirtekt, hver skútan skrifður best og læra svo hver af öðrum?

Mig langar til að sjá ritstjóra tveggja blaða, er halda fram ólíkum stjórnmálakenningum hvor í sínu málgagni, vera félaga í sama fyrirtæki og láta sér semjast vel. Mig langar til að sjá þá boðna og búna til að kannast við mannkosti og hæfileika hvors annars, verða hvor öðrum fyrri til að kannast við mannkosti og læfileika hvor hjá öðrum og til að lýsa fögnuði yfir því, sem vel er gjört í garði hins. Það er kvalræði óbærilegt, að sjá þá hvorn um sig gjöra málstað hins eins ljótan og lélegan og unnt er. Og það er mannfélaginu ómetanlegt tjón. Á sama hátt og þei standa fyrir málum í nafni flokkanna, flytja einstaklingarnir mál hver við annan.

Stjórnmálabaráttan er sjálfsagt nauðsynleg. En skelfing er hún varasöm. Henni er svo gjarnt til að æsa upp hið lakasta í manneðlinu. Hún kemur góðum mönnum til að ætla hver öðrum alt ilt og jafnvel til að flekka mannorð hvers annars. Í margri kosningahríðinni er eins og sá illi sjálfur sé leystur úr böndum og margur kristinn maður orðinn að heiðnum umskiftingi. Þrúðmenska og drenglyndi horfið, en villimannlegt æði komið í staðinn.

Hví skyldi þetta þurfa svo að vera. Hví skyldu menn þá eigi leitast við að hafa vald yfir

sér eins og endarnær? Hví skyldu eigi fyrirliðarnir tala vel hver um annan og unna hver öðrum sannmælis? Hví skyldi mönnum eigi lærast að læða málefni án þess að ráðast á mann-orð?

Hér þurfa góðir menn að gangast fyrir. Sem stendur finst mér þjóð vor þurfi langmest á gætnum stillingarmönnum að halda, sem ræða kunna mál hennar með spekt og ró, gæta hófs í hverjum hlut, eru réttlátir og sanngjarnir í garð annarra, en forðast æsingar og stóryrði. Það eru heldur aldrei stóryrðin, sem vinna sigur. Það heyrir oft betur til þeirra, sem tala lágt, en hinna, sem æpa hæst.

Eins í trúmálum og þeim ágreiningi, sem út af þeim rís. Það eru mannanna helgustu mál. Hvergi þarf meir á bróðurhug og hjartalagi að halda en þar. Einnig þar skiftast menn í flokka, ýmist með ólíkar trúarjátningar eða ólíkar stefnur. Það er eigi unt hjá þessu að komast eins og ástatt er. Getur líka til þess orðið að knýja fram réttari skilning og göfugri lífsbreytni. En þá mega trúmálaflokkarnir eigi sjá að eins hræsni og ódrengskap hver hjá öðrum. Eða þeir, sem safna vilja inn í guðsríki, álíta alt það ónýtan skríl, sem eigi kemur nokkurn veginn sjálfkrafa. Margan kirkjumanninn mun furða á sessunautum sínum í himnaríki.

Vér sannfærum aldrei nokkurn mann með

illindum. Engum ættum vér betri að vera en þeim, er oss finst, að vilzt hafi í skoðunum. Þeir þurfa mest á kærleika vorum að halda. Og vér mest á kærleika þeirra að halda, ef vér viljum fá þá til að skilja oss. Mönnunum gengur oftast nær miklu betur að skilja með hjarta en höfði.

Hví skyldu únítarar og lúterstrúarmenn hafa horn í síðu hvers annars, til þess nú að taka eitt-hvert dæmi? Hverjum um sig er ant um trú sína og kirkju. Hverjum fyrir sig um það hugað, að ætla má, að sannfæra sem flesta. Með hverju móti skyldu þeir geta þetta bezt? Með höggum og slögum og grjóti? Með hörðum orðum og sleggjudómum? Nei.

En með því móti að láta hver öðrum sem mestan bróðurkærleika í té, að þeim er unt, reyna að skilja hvern annan sem bezt, og vera hver öðrum sem ástúðlegastir samferðamenn. Sá, sem auðugastur er af kærleika og ávöxtum hans, sannfærir flesta, hvort heldur hann er únítari eða lúterstrúarmaður. Það er öldungis víst.

Svona hvívetna. Flokkarnir fara að verða býsna-margir. Það eru þjóðkirkjumenn og það eru fríkirkjumenn. Það eru heimatrúboðsmenn og aðventistar. Það eru andatrúarmenn. Og það eru loks þeir, er engu segjast trúa. Margar fylkingar í liði svo litlu. Það er eigi til nokk-

urs hlutar að verða vondur út af því. En reyna mætti að draga fylkingarnar saman, kenna þeim öllum að verjast sameiginlegum óvinum, leggja undir sig lönd, sem enn eru ónumin, en hætta öllu grjótkasti. Mundu þær þá eigi smám saman gleyma þeim smámunum, er þeim kann á milli að bera, og renna saman í þétt-skipaða bræðrafylking?

En svo megum vér heldur eigi gleyma, að allir þessir flokkar eiga eitthvert erindi. Það rís eigi nokkur flokkur upp með nokkurri þjóð án þess að eiga eitthvert erindi. Ósjaldan ber það við, að það erindi er nokkuð neikvætt. En neikvæðar stefnur geta orðið til þess að knýja fram aðrar jákvæðar. Bezt, að hver flokkur skili erindi sínu sem rækilegast og hinir séu sem fúsastir að skilja. Ólgan og æsingin kemur mest fram fyrir móþróa flokkanna að skilja hver annan. Þegar erindi einhvers flokks hefir skilið verið og það sannleiksatriði, sem hann hafði til brunns að bera, öðlast viðurkenning, hefir flokkurinn vanalega leyst ætlunarverk sitt af hendi og er um leið úr sögunni.

Enginn þarf því að óttast, að dómsdagur sé kominn, þó margir séu flokkarnir. Bezt, að taka þeim með stilling og jafnaðargeði. Fjandskapurinn einn er drepsótt,—verri en svarti dauði. Það er grjótkastið og hin illa lund, sem kemur honum af stað; sá fjandans ósómi, að geta eigi um nokkurn

hlut ógeðfeldan talað, án þess að móðga og meiða tilfinningar, hvort heldur í bræði eða keskni.

IV.

Margt fleira mætti um það segja, sem fram fer í gílinu—þjóðlífsgílinu íslenzka, sem skáldið var borið upp um á arnarvængjum. Hvað hann hefir tekið út á leiðinni, kemur fram í orðunum:

Mér þótti sem hefði eg þolað alt stríð,
alt, sem þola má skjálfandi reyr.

En hann hefir sloppið klaklaust gegn um það alt saman og er nú kominn upp á tindinn, þar sem það nær eigi til hans og fær eigi unnið honum neitt mein.

Og mér fanst sem eg þekti ekki háska né hríð
og að hjarta mitt biðdist ei meir.

Hjartað, sem barist hefir af ótta og skelfing, slær nú svo rólega í brjósti hans, að ekkert heyr-ist til þess. Nýjar tilfinningar streyma nú inn í sálu hans og þeim lýsir hann með þessum óvið- jafnanlegu orðum, sem eiginlega eru kjarni kvæðisins:

Eg andaði himinsins helgasta blæ
og minn hugur svalg voðalegt þor,
öll hjarta míns dulin og deyjandi fræ
urðu dýrleg sem ljómandi vor.

Hann fyllist guðlegum eldmóði, sem ekkert kann að hræðast. Drúpanði og deyjandi öfl og hæfileik-

ar í sálu hans, er áður stungu höfðum undir vængi sér eins og fugl, sem sefur, vakna nú og fara að syngja. Sálarlíf hans, sem áður var eins og haglbarinn akur, verður nú eins og blómgarður á vori, þar sem alt er út að springa og teygir angandi bikar mót sólu.

Hér er óumræðileg kyrð í kring um hann. Skáldið stendur hér á helgum stað, eins og frammi fyrir hinum heilaga sjálfum. Það er himneskt jafnvægi í sálu hans. Og nú streymir skáldskapurinn eins og glymjandi söngur gegn um hjarta hans, svo brjóstið iyllist og þenst út, eins og ætli það að springa við töfraspil hinnar himnesku gullhörpu, er glymur honum fyrir eyrum.

Láð og lögur liggja eins og opin bók fyrir fótum honum, — eins og bók, sem rituð er guðs eigin fingri, — bók, sem hefir frá öllum leyndardómum og stórmerkjum að segja, — letur, sem honum er ætlað að þýða — huliðsrúnir, er hann á að gjöra öðrum mönnum skiljanlegar. Hann sér og skilur, að hann á að hjálpa mönnunum upp úr gilinu og upp á tindinn, — hrífa mannssálirnar úr grjótkastinu upp í jafnvægið og kyrðina dýrlegu á fjallsbrúninni.

Vér erum eigi allir skáld. Ekki einu sinni allir Íslendingar eru skáld. En það er eitthvað af skáldinu í sálum vorum allra. Það er óumræðileg þrá eftir jafnvægi í sálum allra manna. Mannsálin er eins og hljómborð. Það eru ótal snerti-

línur í brjósti hvers manns. Þær syngja ef einhver kemur við þær. Þær þegja—steinþegja, ef fegurð lífsins fær eigi að komast nálægt þeim.

En þó vér séum eigi allir skáld, er oss öllum unt að komast upp úr gilinu. Á fjallsbrúninni getum vér staðið með skáldinu og fengið jafnvægið himneska í sálir vorar.

Ó maður, reyndu eins fljótt og þér er unt að komast upp úr grjóthríðinni og hræfuglasönginum. Reyndu að öðlast jafnvægið guðlega í sálu þína, sem veitir þér vald yfir sjálfum þér, og kennir þér að forðast öfgarnar, æsingarnar, ólguna, sem sogar niður í botnlausan hyl svo óumræðilega mikið af göfugustu kröftum mannanna. Reyndu að komast þangað, sem þú með ró og gætni getur dæmt um mál mannanna, án þess nokkur æsing sé í blóði þínu, svo þú getir vertð réttlátur og sanngjarn, greint satt frá ósönnu, verið óheillaður af öfgum og ofstæki, — og farir eigi ávalt oflangt í öllu.

Reyndu aldrei að lækna mein mannanna með grjóti. Það er óðs manns æði. Hann henti eigi steini, hirðirinn góði, eftir glataða sauðnum. Hann gekk af stað og leitaði hans, þangað til hann fann hann í klettaskorunni og bar hann heim á herðum sér. Hann læknaði eigi meinin mannanna þungu með grjóti, hirðirinn sá.

V.

Forfeður vorir trúðu á Baldur í heiðni. Hann var guð sakleysisins. Hann fór að dreyma illa; draumarnir sögðu honum að lífi hans væri háski búinn. Goðin urðu óttaslegin, því Baldur var þeirra ástsælastur. Hann var elskaður af öllum á himni og jörðu; án hans máttu goðin sízt af öllu vera. Yrði honum eitthvað að grandí, vissu þau, að það mundi forboði dauða þeirra allra.

Þau tóku það til bragðs, að láta alt á himni og jörðu vinna þess dýran eið, að eigi skyldi það vinna Baldri meín. Er það var gjört, voru goðin hróðug og glöð, og höfðu þau það sér til skemtunar, að láta Baldur standa upp á þingum; skyldu þá sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjóti. Hvað sem að var gjört, sakaði hann ekki og þótti öllum það mikill frami. Það var ljót skemtan og eigi við því að búast, að gott leiddi af; en með þessu vildu goðin sannfærast til fulls um, að ekkert mætti Baldri meín vinna.

En þar var líka á þingi staddur Loki Laufeyjarson, sem kallaður var rógberi ásanna, frumkveði flærðanna og vömm allra goða og manna. Honum sárnaði það, að Baldur sakaði ekki. Hann komst eftir því, að viðarteinungur einn fyrir austan Valhöll, sem mistilteinn nefnist, hafði eigi verið látinn vinna eiðinn, sökum þess hann var svo ungur. Hann fer þangað, slítur hann upp og

kemur með hann til þings. Þar hittir hann Höð, einn af ásum; hann stóð utarlega í þyrpingunni, því hann var blindur og hafðist ekki að. „Hví skýtr þú ekki at Baldri?“ spyr Loki. Höður segist bæði blindur vera og vopnlaus. Loki kvaðst fús að hjálpa honum, svo hann gæti sýnt Baldri sömu sæmd og aðrir, fær honum mistilteininn og segir honum í hvaða átt hann skuli skjóta. Og Höður skaut, þó blindur væri, og skotið flaug gegn um bróður hans, Baldur, svo hann hné dauður til jarðar. Það er hið mesta óhappaskot, er gjört hefir verið með goðum og mönnum.

Grjótkastið er ljót skemtan og ilt mun ávalt af henni leiða. Að sönnu grandar það sakleysinu ekki í bili. En það leiðir ógæfu yfir alla þá, er það temja sér. Goðunum sjálfum varð hann óumræðilegt harmsefni, leikurinn sá.

Hann æsti upp í huga hins lævísra Loka löngunina til að fremja fólkskubragðið óskaplega.

Eg hræðist grjótkastið. Þar sem það er, er líka Loki á ferðum. Það er öldungis víst.

En mest af öllu hræðist eg þó mistilteininn, sem Loki leggur í hendina á Heði—mínum blinda bróður.

Skírnismál hin nýju.

EITT af því, sem allir mentaðir Íslendingar ætti að kunna á fingrum sér, er goðafræði forfeðra vorra. Í henni felst skáldskapur svo ágætur og mörg hugsan svo konungborin, að gildi hefir um aldur og æfi.

Á eina goðsögn forfeðra vorra langar mig nú til að benda. Æði-mörgum kann hún að vera úr minni liðin. All-mörgum mun aldrei hafa ljóst orðið, hvað í henni felst, þó þeir kunni að hafa heyrt hana.

*

*

*

Einn hinn ágætasti Ásanna, eða goðanna, sem forfeður vorir trúðu á, nefndist **Freyr**. Hann vor sonur Njarðar í Nóatúnum. En stjúp móðir hans hét Skaði. Freyr var árgæzkugóð. Hann lét sól skína, þegar honum sýndist, og frjóvandi regnskúrir falla yfir akra og engi eftir vild sinni.

Uppskeru og afrakstur jarðar hafði hann í hendi sér. Fyrir bóndann og akuryrkjumanninn

var því um að gjöra að koma sér vel við hann. En bóndi er hústólpi, bú er landstólpi. Velmegan landa og þjóða hvílir á búi bóndans. Búskapur hans er hyrningarsteinn allrar hagsældar.

Freyr var því um leið friðar-goð. Hann réð fyrir ársæld, hagsæld og friði. Hann hugsaði um frið í landi eigi síður en um regn og sólskin. Til hvers að láta regn falla og sól skína, ef arður stóð kyr í akur-rein hverri og sverð varð að smíða úr hverju plóggjárni, af því herör hafði verið upp skorin og bændur og búandlýður boðinn út til landvarnar?

En sá, sem hugsa á um alt þetta, hefir ærinn starfa. Sá, sem gjöra vill hvern bónda ánægðan með veðrið, með hitann og sólskinið og regnið, hefir nóg að gjöra, ef enginn á að verða út undan.

En Freyr var ungur og stundum leiddist honum kvabbið. Hann langaði til að hugsa um fleira en moldina og matinn. Honum leiddist að vera stöðugt að skamta í askinn, og samt þóttust mennirnir aldrei fá hann fullan.

Hann langaði til að sjá sig um. Hann var óumræðilega forvitinn; hann vildi sjá um alla heima og geima, vita alt, sem hann vissi ekki, skygnast inn í alla leyndardóma, sem enn voru honum huldur. Hann hafði ekkert viðþol. Dagurinn var heitur. Bændurnir heimtuðu ýmist regn eða þurk, sólskin eða svala.

Freyr var þreyttur og þyrstur og leiður á öllu þessu. Hann hugsaði með sér: Eg læt nú alt þetta eiga sig um stund. Eg bregð mér burt frá öllu nöldrinu og bónastaglinu. Eg vil leita mér hvíldar og hugsvölunar á einhverjum afviknum stað.

Hann leit upp til Hlíðskjálf. Það var bústaður Óðins. Þangað var honum mikil forvitni að koma. Hann vissi, að þaðan sást um alla heima.

Hann var eigi boðinn—öðru nær. Engum var þangað leyft óboðnum fæti að stíga. Það var sjálfsagt goðgá. En hann gat ekki stilt sig. Hann var leiður á að gegna eigin skyldum—leiður á að hafa sömu hluti fyrir augum, sömu skyldur, sama ætlunarverk. Vitaskuld, mikið var ógjört, skelfingin öll. En aldrei yrði hann búinn. Aldrei yrði öllu lokið.

Þráin brann honum í blóði, að reyna eitt-hvað nýtt. Hann hafði ekkert viðþol. Með regn og sólskin varð að fara eins og verkast vildi. Hann þráði að fá að horfa í þá heima, er enginn nema Óðinn þekti.

Á svipstundu var hann horfinn í Hlíðskjálf. Svimi fanst honum koma yfir höfuð sér, er hann var þangað kominn. En aldrei hafði hann jafnsæll verið.

Allir heimar blöstu við honum. Öll leyndarmál lágu opin. Hvert átti hann að horfa? Í

hvern heiminn að skygnast? Tíminn var dýr-
mætur.

En það bar svo við, hvort sem höfuðsviman-
um var um að kenna eða ekki, að hann horfði í
þá áttina, sem sízt skyldi. Hann horfði í norður-
átt og skygndist til undirheima.

Með eina auganu hafði Óðinn séð hann og
líkað illa bíræfni hans. Honum duldist eigi, að það
var óþol og forvitni, sem teygt hafði Frey á
þenna helga stað. Hví sinti hann ekki eigin störf-
um? Hví hirti hann eigi um að rækja eigið ætl-
unarverk? Hvaða erindi átti hann hingað? Hví
skyldi unglingur sá ætla sér þá dul, að sjá alt,
sem Óðinn sá og þekkja alt, sem hann þekti?

Þessa æsku ofmentaðar mundi hann fá að
gjalda. Hann mundi fá að sjá það, sem yrði
honum til ógæfu, gerði sál hans sjúka og yrði
honum til hamingjuleysis.

En Frey ugði ekkert. Hann hélt það stæði
á sama, í hverja áttina hann horfði. Hann var
skildur oss mönnunum í þessu, að vér horfum oft
í þá áttina, sem skaðvænlegust er, og erum sólgn-
astir í þekking þeirra hluta, sem verða oss að
fótakefli.

Hann horfði ekki til austurs og ekki til vest-
urs. Hann horfði heldur eigi til suðurs. Það eru
hamingju-áttir guða og manna. Í austri rennur
sannleikurinn upp fyrir hugskotssjónum manns eins
og sólin rennur upp á himininn. Í suðri er hitinn

og hlýindin, og kærleikur og segurð taka alla þá í faðm sér, sem þangað horfa. En í vestri birtist friðurinn óumræðilegi, sem eigi er unt með orðum að lýsa, og leiðir þann, sem þangað horfir, fram fyrir lávarð lífsins sjálfan.

Freyr horfði norður og—niður. Segulafi hamingjuleysins dróg hann þangað, án þess hann vissi. Það voru iðgjöld þess, að hann hafði stigið þangað, sem hann eigi mátti.

Hvað sá hann, er heillaði hugann? Hann sá þar borg eina mikla og skrautlega. Ótal töfrandi raddir bárust honum þaðan. Hús eitt sá hann þar allra húsa segurst. Þar nam augað ósjálfrátt staðar eins og vildi hann vita, hver ætti þar heima.

Þá sá hann konu eina ganga þangað. Hún lyfti höndum til að ljúka upp dyrum. Svo hvítar voru þær og fagrar, að af þeim lýsti. Það var sem láð og lögur yrði lostið geislastöfum, er hún hreyfði þær. Logavendir kvísluðust um loftið fyrir augum guðsins. Svo bjartir voru armar þessarar yndislegu snótar, er hún opnaði húsið.

Hugfanginn horfði Freyr til meyjarinnar fögru. Hann varð altekinn sárustu ástarþrá. Hann fékk eigi um annað hugsað. Hann einblíndi höggdofa á dyrnar, sem hún gekk inn um. Að vera án hennar var harmur og hugarkvöl. Að ná til hennar var eina lífið, eini fögnuðurinn.

Heim hvarf hann hugsjúkur og frá sér. Hann

hugsaði eigi lengur um regn og sólskin, gróður og uppskeru. Bænir bændanna heyrði hann eigi framar. Þó þeir slátruðu heilum tarfi og blótuðu Frey til árs og friðar, varð hann þess eigi var. Hann sat og var hugsí eða reikaði fram og aftur í höllinni og mælti eigi orð af vörum af ástarharmi og hugarkvöl. Eigi kom honum dúr á auga og eigi snerti hann við nokkurri fæðu. Og enginn þorði á hann að yrða.

Þá urðu þau foreldrar hans, Njörður og Skaði, áhyggjufull um hagi sonar síns. Þau héldu, að einhver mundi hafa stygt hann, gjört á hluta hans og vakið honum bræði í brjósti. En eigi dirfðust þau sjálf að ganga til hans og mæla hann máli.

Skósvein átti Freyr, er Skírnir hét. Höfðu þeir alist upp saman og leikið sér, eins og börnum er títt, að skeljum í fjöru að Nóatúnum, en klifið kletta og klungur í Þrymheimum á leit að arnarhreiðrum.

Njörður og Skaði kunnu nú eigi annað ráð vænna en að kalla Skírni fyrir sig. Þau vissu um vináttu þeirra og var grunur á, að segja mundi hvor öðrum frá trúnaðarmálum. Engum mundi Freyr trúa fyrir hörmum sínum, ef eigi æskuvini sínum og fóstbróður, Skírni.

Þau báðu hann þá að ganga fyrir Frey og hitta hann að máli. Skyldi hann komast eftir, hverjum sonur þeirra væri svo reiður, að honum væri málsins varnað og alls friðar. Var Skírnir

tregur til farar. Kvað hann ekkert líklegra en að sonur þeirra mundi ausa hann illyrðum.

Skírnir gjörir eins og fyrir hann er lagt. Hann gengur fyrir Frey, ávarpar hann kurteislega og með vinsemd mikilli. „Seg þú mér það, Freyr, voldugi höfðingi goðanna! eg má til með að vita það; hví situr þú aleinn og hnipinn í þinni konunglegu höll dag eftir dag, drottinn minn, og mælir engan máli?“

„Hví skyldi eg segja þér, ungi maður, af mínum miklu hörmum? Hvern dag skín sólin og færir öllum yl og fjör og óskir þeirra allar, en hugarþrá mína bætir hún eigi. Eg sé eigi sól fyrir harmi.“

Ekki kveðst Skírnir skilja, að tregi hans sé svo mikill, að eigi fái hann trúað æskuvín og leikbróður fyrir. Mennir hann Frey á, hve gott hafi verið með þeim í æsku og hvernig sefar þeirra þá hafi runnið saman.

Þá fær eigi Freyr lengur orða bundist. Hann trúir honum þá fyrir æfintýri sínu öllu, segir honum, að dag einn hafi hann gjörst svo djarfur að stiga fæti í Hlíðskjálf. Hafi hann þá horft norður og niður til Jötunheima, og séð alla leið til Gýmis-garða, eða hallar bergrisans Gýmis og konu hans Aurboðu. Þar hafi hann séð mær, svo fríða, að armar hennar hafi lýst um loft og lög. Frá þeirri stund sé hún sér öllum kærari. En enginn ása né álfa vilji unna þeim að njótast.

Fyrir hennar sakir sé hann svo harmsfullur, að eigi muni hann elli-dauður verða, ef hann fái hennar eigi.

„Viljir þú nú duga mér vel og reynast vinur góður,“ segir hann við Skírni, „skalt þú nú fara og biðja hennar mér til handa. Hún heitir Gerður og er hverri annarri konu friðari. Skalt þú hana færa mér, hvort föður hennar er ljúft eða leitt. Og vita máttu það, að vel skal eg launa þér ómakið.“

Vel og drengilega tók Skírnir tilmælum þessum. En kosti tvo setti hann, ef hann færi sendi-för þessa. Sá var annar, að hann fengi hest Freys til fararinnar, sem einn gæti borið hann yfir vafurlogann ægilega, er brann fyrir utan Jöt-unheima, og hann nauðugur-viljugur varð yfir að fara. Hinn var það, að hann fengi sverð Freys að láni. Var það hverju sverði öðru betra. Vissi Skírnir, að það mundi sjálft vegast við jötna og stytta þeim stundir, án þess hann þyrfti nokkuð fyrir að hafa, svo hann gæti tafarlaust haldið ferð sinni áfram, hver sem í móti snerist.

Hvottveggja þetta voru kjörgripir hinir mestu, sem guðinn mátti alls eigi án vera. En nú voru allir hlutir honum einkis virði, ef hann kæmi ekki fram vilja sínum. Þess vegna skilur hann þá báða við sig og fær Skírni þá í hendur, án þess að hirða um, hvort hann fengi þá aftur eða eigi. Sannaðist á guðinum það, sem sagt er um menn-

ina, að heimska úr horskum gerir hólða sonu sá hinn mátki munur.

Skírnir reið nú loft og láð þangað til hann kom til Jötunheima og loks alla leið til Gýmisgarða. Skíðgarður mikill var þar um sal Gerðar; en við skíðgarðshliðið lágu ólmir hundar í bandi og vörnuðu öllum inngöngu.

Fjárhirðir einn situr þar á haugi og er vega-vörður. Spyr Skírnir hann, hvernig hann fái náð göfuga dóttur Gýmis tali fyrir hundum þessum. Fjárhirðir svarar illu til og segir hann skuli aldrei ná tali hennar.

En Skírnir segir, að nú dugi eigi að digna og muni hann eitt sinn eiga að deyja hvort heldur sé. Hleypir hann þá hesti sínum yfir skíðgarðinn og heyrast dunur og dynkir ógurlegir, er hann ríður í hlaðið.

„Hvaða óskaplegir hlunkar heyrast nú í höllum vorum?“ segir Gerður. „Jörðin leikur á reiðiskjálfi og Gýmisgarðar nötra!“

„Maður er hér úti og stigin af baki og farinn að láta hest sinn bíta“ segir ambáttin, sem þjónaði henni.

„Bið þú hann að ganga inn í gestaskála og drekka mjóðinn vorn hinn mæra,“ segir Gerður við ambáttina. „Þó uggir mig, að hér sé ef til vill kominn bróðurbani minn.“

Skírnir gengur í salinn. Hann er fríður sýnum og með göfugu bragði eins og væri hann

guðinn sjálfur. Engum hefði til hugar komið, að hér væri að eins skósveinn á ferðum. Sá, sem erindi guðanna rekur af áhuga og eldmóði, vekur ávalt aðdáun og fjálgieik í hjörtum mannanna.

„Er það einhver álfanna, eða ásanna sona, eða hinna vitru Vana, sem hér er kominn?“ spyr Gerður, er hún gengur inn í salinn til móts við hann. „Hví ert þú einn kominn yfir vafurlogann hættulega, til að sjá heimkynni vor?“

„Hvorki em eg einn af álfum, né heldur einn ásanna sona, né hinna vitru Vana. Þó komst eg einn yfir vafurlogann voveiflega til að sjá yðar veglegu heimkynni.

„Epli hefi eg hér ellefu, öll úr gulli; þau mun eg gefa þér Gerður, til að kaupa ást þína og grið og góða hylli, og til þess að þú kveðir Frey þér kærastan allra.“

„Ellefu epli þigg eg aldregi,“ anzaði Gerður, „til ásta við nokkurn. Eigi munum við Freyr heldur nokkuru sinni lifa þá stund, að við reisum bú saman.“

„Hring skal eg gefa þér, sem brendur var með ungum Óðins syni. Átta hringir, jafnhöfgrir og ágætir, munu af honum drjúpa níundu hverja nótt.“

„Eigi þigg eg hringinn“ segir Gerður, „þótt hann brendur sé með ungum Óðins syni. Mér er

eigi gulls vant í Gýmis görðum, því hlut hefi eg fjár föður míns.“

Þá lét Skírnir brúnir síga og svipur hans gjörðist harður og þungbúinn. „Sér þú sverðið, mær, sem blikar mér í hendi, oddurinn mjór eins og nál, og alt skreytt rúnum. Höfuð mun eg nú sníða þér af hálsi, nema þú gjörir sáttmála við mig.“

„Aldrei mun eg láta kúga mig til ásta við nokkurn,“ segir Gerður; „eigi er það heldur karlmannlegt að vega að konum. En trúað gæti eg því, ef þið Gýmir, faðir minn, fyndist, að þá yrði brugðið bröndum.“

„Sér þú sverðið, mær,“ segir Skírnir, „sem mér blikar í hendi? Mjótt er það eins og nál og rúnum fágað. Fyrir þessum eggjum hnígur hinn gamli jötunn, faðir þinn, og verður að lúta í gras.“

„Töfrasprota mun eg snerta þig; mær, og temja þig til ásta. Ráfa skalt þú þangað, er enginn mannanna sona fær nokkurn tíma að sjá þig.“

„Á arnar-gnípu skalt þú seint og snemma sitja, mæna úr heimi þessum og gægjast til heljar. Viðbjóð munt þú þá meiri fá við mat öllum, en nokkur mannanna við orminum otureyga.“

„Er þú gengur út þvers fótar, skulu allir á þig stara eins og tröll á heiðríkju. Þursinn Hrímnir skal skæla sig framan í þig. Allir hlut-

ir skulu einblína á þig. Víðkunnari skalt þú verða en Heimdallur, vörður goðanna, er þú einblínir opnum munni gegn um hliðið.

„Töfrarúnir skal eg rista þér, sem valda skulu tárur og trega. Sezt þú í sæti þitt og skal eg þá segja þér frá sorgarboðanum, er eg sé rísa fyrir framan þig, og margföldum trega.

„Í híbýlum jötna skulu illar vættir ógna þér liðlangan daginn, og mun hver dagur öðrum verri. Til hallar hrímpursanna skalt þú hvern dag ráfa gleðivana og leið á lífi. Grátur skal gaman þitt verða og tárin munu þér leiðan gjöra tregann.

„Með þríhöfðuðum þurs munt þú ala aldur þinn. Mannlaus munt þú ávalt verð að öðru leyti. Mun þá sál þín sturlast og þú veslast upp af ástarharmi. Þú verður þá sem visinn og upprifinn þistill, sem vindurinn hefir varpað upp að anddyri hússins.

„Eg gekk út í skóg að leita að ungum viðarteinung, til að fá mér töfrasprota. Og töfrasprotann fann eg, hér er hann.

„Óðinn er þér reiður og reiður er þér Þór. Við þig mun Freyr hatast. Þú illa mæst og hamingjuhorfna hefir dregið yfir þig reiði allra goða.“

Svo talaði Skírnir af mælsku mikilli, að eldur brann honum úr augum. Sál hans var full eldmóði óumræðilegum. Hann flutti erindi sitt eins

og sá, sem veit að örlög guða og manna eru undir því komin, að erindið hepnist.

Margur skótsveinn hefir flutt erindi guðanna bæði fyr og síðar. En enginn hefir meiri trúmensku sýnt en hann, engum hefir eldur áhugans heitara gjört um hjartað en honum, engum sollið í sálu sárari þrá, að fara eigi erindisleysu.

Enda komst nú Gerður við í hjarta sínu. Hún varð óttaslegin um hagi sína og ókomna æfi, ef hún neitaði ráðahag þessum. Hún óttaðist töfra- sprota guðanna, að hún mundi verða af honum snortin til harma og hamingjuleysis, ef hún slakaði ekki til. Ef til vill hefir henni fundist, að gott mundi að líkindum þeim guði að þjóna, er skótsvein ætti svo trúan og dyggan, að alt vildi í sólurnar leggja.

Hún lét því eigi Skírni lengur halda hótunum sínum áfram, heldur mælti til hans blíðlega, um leið og hún rétti honum bikar fullan förn mjaðar: „Vert þú nú heldur góður og glaður, vaski sveinn, en að halda áfram slíkum ræðum. Skalt þú tæma þenna bikar til sátta. Að sonnu hafði eg ætlað, að aldrei mundi það mig henda, að eg gæfi nokkurum Vana ættar ástir mínar.“

Skírnir tekur bikarinn feginsamlega í hönd sér. En áður en hann ber hann að vörum, segir hann: „Full erindislok vil eg vita, áður eg ríð heimleiðis aftur. Nær ætlar þú að koma til móts við Frey og láta brúðkaup standa?“

„Að nú nóttum liðnum skal eg koma til móts við gðfugan son Njarðar, og þá skal brúðkaup standa.“

Þá var Skírni glatt í huga. Aldrei hefir meiri fögnuður verið í hjarta neins af boðberum guðanna, en var í hjarta hans þá. Sá fögnuður er líka hverjum öðrum meiri, sem nöfnum tjáir að nefna, að snúa heim aftur til guðsins, að vel afloknu erindi, — hafa skilað því rækilega og unnið fullkominn sigur.

Ópolinmóður og fullur óþreyju beið Freyr þess, að skósveinn hans hinn dyggi hyrfi heim aftur úr hættulegri sendiför. Hann stóð í hlaðvarpanum, brá hönd fyrir auga og horfði í áttina, eins og lífið lægi við, að nú færi sendimaður að koma og hefði góð tíðindi að segja.

Loks sá hann til hans og dróg fákurinn gullfexti eigi af sér. Brátt reið hann heim túnið. En áður hann væri heim kominn í hlaðið, kallaði Freyr til hans:

„Seg þú mér það, Skírnir, áður þú stígir af baki og áður þú varpar söðli af hesti. Hvernig gekk þér í Jötunheimum? Fluttir þú þar ástamál fyrir sjálfan þig eða fluttir þú mál fyrir mig?“

„Að nú nóttum liðnum mun Gerður koma til móts við gðfugan son Njarðar og þá haldið þið brúðkaup“, segir Skírnir.

Þá þagnaði Freyr um hríð, en síðan varð honum þetta að orði:

„Löng er ein nótt, langar eru tvær; hvernig skyldi eg þreyja þrjár? Þrisvar þrjár nætur hygg eg aldrei muni líða. Heill mánuður hefir mér oftast styttri fundist en helmingur þessarar ömurlegu hiðnætur.“

Eigi er þess getið, hvernig hjónaband Freys og Gerðar hafi farið.

En líklegt hefir þeim þótt, sem ávalt eru að geta í eyðurnar í þeim sökum, að fljótt hafi Freyr þess áskynja orðið, að hann hafi glepjast látið á fríðleik jötnameyjar einnar. Hjartað hafi verið kalt, þó armarnir væri hvítir.

Og eigi reyndist honum ætt hennar vel. Nokkuru síðar lenti hann í deilu harðri við Bela, bróður hennar. Þá fyrst mundi hann eftir því, að nú var hann vopnlaus.

Sverðið sitt hið góða, er sjálfst kunni að vegast, hafði hann Skírni gefið. Við kjörgrípin mesta, er verja átti líf hans á hættunnar stund, hafði hann skilið sig. Óvit ástarinnar var honum þá í hug. Í gáleysi fleygði hann frá sér því bezta, er hann átti í eigu sinni, til að eignast eina jötna-brúður.

Voru það eigi örlögin, er aftur höfðu hefnt sín á honum?

Þessu sinni komst hann klaklaust undan. Við Bela átti hans alls kostar. Þegar brandinn

vantaði, þreif hann hjartarhorn og sló hann með til bana.

En eftir þetta fór hann einförum og mælti eigi við nokkurn. Yfir honum grúfði þunglyndið eins og miðnættismyrkur. Hann leitaði skuggans undir súlunum í höll sinni, sat og var hugsí.

Hann fékk eigi um annað hugsað en vopnið sitt góða. Það var horfið úr eigu hans. Þó líf hans lægi við, fékk hann eigi brugðið því framár.

„Eg fékk vilja mínum framgengt. Eg eignaðist það, sem hugurinn þráði. Eg bar sigur úr þýtum. En sá sigur hefir snúist í ósigur. Síðan er eg vopnlaus í baráttu lífsins, verð vopnlaus að vega gegn vopnuðum óvinum. Það getur eigi fengið góðan endi.

„Bráðum koma Ragnarök. Þá eigum vér goðin von á síðustu hólmgöngu. Þá gengur Óðinn til móts við Fenrisúlfi. En hann hefir vopn sín öll, gullhjálmi og brynju og geir sinn þann hinn góða, sem Gungnir kallast. Þá mun Þór berjast við Miðgarðsorm. En hann hefir hamar sinn, Mjölni, sem aldrei þregzt, og gyrðir sig megin-gjörðum.

„Hlutskifti mitt verður það þá að berjast gegn Surti, höfðingjanum geigvænlega úr Múspellsheimi. Óhugsandi væri það eigi, að eg bæri þar hærra hlut, ef hefði eg sverðið mitt góða. En nú eru úrslitin auðsæ og mun eg falla við lítinn orðstír.

„Hvers á eg að gjalda? Mönnunum hefi eg góður verið eftir mætti, reynt að skifta regni og sólskini, svo allir fengju eitthvað, og séð um, að friður og ársæld ríkti í landi. Eg hefi endurgoldið þeim öllum blótsfórnir þeirra eftir söngum.

„Eg hefi jafnvel eigi gleymt Þorgrími á Sæbóli. Sunnan á haugi hans hefi eg aldrei látið snjó festa, svo eigi frysi milli mín og hans, því hann var vinur minn þekkur.

„Hvers á eg að gjalda?

„Ha, nú skil eg! Stundarinnar í Hlíðskjálf. Léttúðarinnar, sem lét mig stíga fræti þangað. Mikillætisins, er lotninguna slókti í sálu minni. Forvitninnar, sem kom mér til að horfa í þann heim, er mér var eigi ætlað að horfa.

„Forvitninnar!

„Glópskunnar, er eg yfirgaf þann heim, er eg var þegar konungur í, og hljóp frá þeim ætlunarverkum, sem þar biðu mín, og seildist inn í þann heim, sem enn var skilningi mínum cfvaxinn, áður en eg hafði leyst úr þeim gátum, er mér var ætlað að leysa heima fyrir.

„Hennar hefi eg goldið ávalt síðan. Hennar vegna varð eg lostinn óleyfilegri ástarþrá. Hennar vegna fekk eg flagð að konu. Hennar vegna var eg vopnlaus í viðureign minni við Bela. Hennar vegna verð eg verjulaus á síðasta hólmi. Hennar vegna verður líf mitt að síðustu ósigur.

„Var það afbrýðissemi Óðins að kenna? Þoldi

hann eigi það, að eg þekti þá heima, sem hann þekkir, og skildi þau leyndarmál, sem hann einn skilur?

„Nei! en eg mun hafa brotið lögmál lífsins. Eg ætlaði út fyrir það starfsvið, sem mér var markað. Eg yfirgaf þann verkahring, er mér var skapaður. Eg seildist þangað, er eg átti ekki heima.

„Mér kom það marglæti í hug að verða konungur í Hlíðskjálf, áður en eg hafði leyst konungs-störf mín af hendi á jörðu.

„Skyldi eg með því hafa brotið gegn lögmáli lífsins?

„Var það þess vegna, sem eg glataði sverðinu góða?

„Á eg nú, ef til vill fyrir þá sök, að lúta Surti á hinzta hólmi?“

*

*:

*

Fregnin barst út um sendiför Skírnis og varð hann frægur af henni bæði með guðum og mönnum. Fanst öllum, að vel mundi erindi guðanna ganga, væri þau í hvert skifti eins vel rekin og rækilega flutt og hér hafði verið.

Tímarnir hafa breytt og margar aldir hafa yfir heiminn liðið.

Guðinn Freyr er gleymdur og flestum úr minni liðinn. Enginn bóndi biður hann nú lengur um regn og engum kemur til hugar að fórnfæra

honum svo mikið sem kálfi til árs og friðar en nokkurs annars.

Svo er líka um skósvein hans, Skírni. Hvergi er hans nú getið og fararinnar frægu. En nafn hans komst inn í árbækur mannanna sökum þess, hve snildarlega honum tókst að skila erindi guðsins þetta eina skifti.

Æðra guði fóru mennirnir að þjóna og göfugra erindi fengu þeir að skila. Allir þykjast þeir nú skósveinar hins æðsta guðs. Og öllum, hverjum einasta, hefir hann fengið eitthvert erindi að flytja.

En ferst þeim það jafn-vel? Gleyma þeir því ekki á leiðinni? Flytja þeir ekki oft eigin erindi sín og gleyma erindi þess, sem þá sendi?

Er það ekki þess vegna, að líf margra manna verður erindisleysa hér á jörðu? Og heimförin svo döpur?

Finst yður eigi sem mér, að hann hrópa yfir meir en tíu aldir, þessi skósveinn úr heiðni:

Skilið erindi guðsins, þér skósveinar ungu, og skilið því rækilega eins og líf og velferð lægi við!

Þá verður lífið líf, en ekki erindisleysa. Og heimförin sigurför!

Jónas Hallgrímsson.

Dýðing hans
fyrir þroska íslenskrar tungu.

EITT hið bezta í eigu vorri er málið. Það er aðalsmerki, er skaparinn hefir mönnunum veitt, öllum skepnum öðrum fremur, er hann hefir framleitt hér á jörðu.

Maðurinn einn er gæddur guðlegri gáfu málsins. Án þess væri sál hans eins og fugl í búri eða fangi í dýblizu. Vegna málsins fær hann hrifið huldustu hugsanir undan hjartarótum sér og þeytt þeim eins og örum af bogastreng út í mannlíf, — út til annarra, sem eru að hugsa og tala eins og hann.

Vegna málsins fær maðurinn ferðast eins og konungur um í lífinu og stráð gulli hugsana sinna til beggja handa, án þess að þurfa að óttast, að hann verði nokkurn tíma öreigi.

Inni fyrir er andinn að hugsa og grufla. En samfara því er þrá óumræðilega sterk, til að tjá

öðrum hugsanir sínar. Maðurinn hefir eigi ró í beinum sér, nema hann fái talað og látið aðra menn sjá í skuggsjá orðanna, hvað það er, sem hreyfir sér í hjarta hans.

En þegar maðurinn hefir talað, er hann aldrei ánægður. Honum finnst ávalt orðin klaufaleg í samanburði við hugsanina. „Hve nær skyldi eg geta gjört mig skiljanlegan? Hve nær fundið orð, er tæmi hugsanir mínar?“

Enginn maður fær nokkurn tíma talað út. Enginn hefir náð svo fullkomnum tókum á anda málsins eða svo orðhagur verið, að eigi hafi eitthvað orðið eftir í hjarta hans. Og þetta eitthvað hefir verið hið bezta, hið dýpsta, hið göfugasta.

Þrátt fyrir málið liggur ávalt eitthvað bundið og fjötrað undir tungurótum þess, sem talar. Ríve mikil sem málsnildin er, fær hún aldrei leyst alla fanga hugsananna úr fjötrum.

Allir góðir menn elska málið — tungumálið sitt — mál föður og móður — málið, sem þeir lærðu í æsku — málið, sem þeir tala, hvort sem grátur eða gleði er í hjarta þeirra — málið, sem birtir þeim hugsanir annarra manna og vekur skilningsglampa í auganu og bergmál í sálunum.

Það er stakasta ræktarleysi að elska það ekki, móðurmálið sitt, þessa bréfdúfu hugsananna, er flytur boð frá einni sál til annarrar, ber eld andans milli mannanna, kveikir ástina í hjörtunum og tengir þau órjúfandi böndum um tíma og eilífð.

Ræktarleysi engu síður vegna þess, að málið er sársaukans barn. Það er getnaðargleði, hrein og himnesk, í mannsálunni, þegar góð hugsan fæðist, sem ekkert mannlegt auga fær litið og enginn að reyna, nema sá, er fyrir því happi verður. En það fylgir því angist og kvöl oft og tíðum, þegar sú hugsan fæðist í heim þenna og er vafin reifum málsins. Það er mörgu foreldri kvöl að sjá fallett barn í lélegum flíkum. Þó elskar það bæði bæði barnið og reifana, því betur gat það ekki.

Vér Íslendingar eigum tungumál eigi síður en aðrar þjóðir. Ættum vér það ekki, værum vér ekki í tölu þjóðanna einu sinni. Oss finst það öllum jafn-göfugt og nokkurt tungumál annað, sem unt er að nefna. Aðrir, sem vit ætti á því að hafa og óvilhallir að vera, fullvissa um hið sama. Það ber með sér öll þau aðalsteikn, er göfgi mannsandans hefir skreytt nokkurt annað tungumál með.

Á þingi tungnanna má það bera höfuðið hátt fyrir hreiminn og hljóðfallið, fyrir kjarnann og kraftinn, fyrir þýðleikann og lipurðina,—fyrir barnslega einfeldni og óviðjafnanlegan skýrleika.

Síðan Snorri Sturluson var uppi, hefir enginn einn maður annað eins þrekvirki unnið fyrir íslenzka tungu og skáldið Jónas Hallgrímsson. Þessi tvö nöfn minna oss á göfgi og fegurð íslenzkrar tungu bæði að fornu og nýju betur en nokkur tvö önnur, er unt væri að nefna.

Hjá Snorra Sturlusyni náði fornaldarmálið fegurstum þroska. Sögustílnum hans mun viðbrugðið verða og á lofti haldið sem fyrirmyndarstíl eins lengi og bókmentir verða til í heiminum og mennirnir dá það, sem vel er ritað. Þegar safnað er saman því bezta, er sagt hefir verið um heim allan að fornu og nýju, eins og gjört hefir verið allveg nýlega hér í Ameríku, og vinnað svo vel úr, að bindin eru að eins látin verða tíu, sem út eru gefin í dýrri skrautútgáfu, er eins mikið látið þar standa eftir Íslendinginn, Snorra Sturluson, eins og nokkurn rithöfund annan, er uppi hefir verið.

En álíka þýðing og Snorri hafði fyrir fornaldarmál vort, hefir skáldið Jónas Hallgrímsson fyrir nútíðarmál vort.

Í byrjan níjándu aldar var tunga vor að mörgu leyti eins og konungsdóttir í álögum. Ef Snorri Sturluson hefði þá fengið að líta upp úr gróf sinni, þykist eg þess fullviss, að höfug tár mundu hafa hrokkið honum af augum. Hann hefði naumast þekt estirlætið sitt aftur. Í búning svo fáránlegan höfðu menn fært það,— slíkum töttrum hafði verið tildrað utan á það. Svipurinn frjálsmannlegi var horfinn. Hvert orð bar keim af kotungsbrag og kotungshugsan.

Tunga vor var þá orðin eins og telpa, sem alin hefir verið upp á sveit og ekki hefir djörfung upp á nokkurn mann að líta. Áður hafði hún gengið upplitsdjörf eins og frjálsborin dóttir vík-

inganna fyrir konunga og þjóðhöfðinga og klappað hafði verið lof í lófa í hvert skifti, er hún lét til sín heyra.

Helzti rithöfundur, sem þá var uppi, var Magnús Stephensen, ágætur maður og mikill höfðingi. Hann vildi auka veg fósturjarðar sinnar í öllu. Einkum vildi hann upplýsa alþýðu í öllum greinum og hrinda vanþekking úr landi. Hann var óþreytandi eljumaður að rita og þjóð vor á honum mikið að þakka.

En þótt hann hefði þessa kosti til að bera, var málið hans eins aumt og mest mátti vera. Það var eins og Snorri Sturluson og söguhöfundarnir hefði aldrei til verið. Setningaskipan er þýzk, orðin að býsna miklu leyti dönsk. Setningar svo langar, að sá mundi springa, er standa vildi á öndinni, meðan hann læsi þær, og svo flóknar um leið, að maður sýtnar ósjálfrátt við að reyna að komast fram úr þeim.

En náttmyrkur er jafnan svartast þegar líða fer undir dag. Og nú var komið undir dagrenning. Á fyrsta fjórðungi aldarinnar var aftur farið að gefa gaum fornsögunum. Þær voru þá að nýju grafnar úr gleysku og lesnar með nýjum áhuga og nýjum skilningi, ekki síður en sívaxandi aðdáan og lotningu fyrir fegurð tungunnar og ágæti.

Kennararnir við Bessastaðaskóla, Hallgrímur Scheving og Sveinbjörn Egilsson, áttu hér beztan hlut að máli. Þeir kendu lærisveinum sínum að

þýða grískt og latneskt mál á ágæta íslenzku og innrættu þeim sömu lotninguna fyrir íslenzkum gullaldar bókmentum og komu inn hjá þeim sama kærleikanum til þeirra og bjó þeim sjálfum í brjósti. En eigi voru kenslumálin einn komin í það horf, að móðurmál vort væri kent þar við skólann sem sérstök námsgrein.

Sá skilningur breiddist nú smám saman út, að fornaldarbókmentir vorar hefði að geyma ævarandi fyrirmynd íslenzkrar málfeegurðar. Þar væri ótæm- andi uppspretta fyrir komandi kynslóðir að ausa af. Þetta hefði gleymst. Menn hefði leitað út fyrir landsteinana eftir slíkum fyrirmyndum og vilzt. Höfundar vorir hefði leitast við að rita eins og Danir og Þjóðverjar og sækja alt málskrúð sitt til þeirra og árangurinn orðið sá, að þeir hefði verið á góðri leið að glata vorri fögru og ágætu tungu.

Sá glatar ávalt sjálfum sér, sem ætlar að lifa á eftirhermum og stælingum. Lánað skraut fer ætíð illa. Sá, er rita vill fagurt mál, verður að taka það undan hjartarótum sjálfs sín og þjóð- ar sinnar. Hann má ekki sækja til annarra.

Þegar farið var að lesa fornaldarrit vor í þessu ljósi, hafði það líka þýðing fyrir Ísland og Íslendinga og grískar og latneskar bókmentir höfðu fyrir Norðurlálfupjóðirnar, þegar þær voru grafnar upp úr djúpi gleymskunnar. Sú hreyfing hafði eins og kunnugt er andlega endurfæðing í för með sér,

sem barst um alla Norðurálfu og hratt siðbót og nýju sögu af stað.

Eins fæddist gamla Ísland á ný, þegar ný-íslenzkan tók fyrir alvöru að grafa til gulls í nám-um forn-íslenzkunnar. Þjóð vor fann þá sjálfa sig aftur. Hún fann þar þjóðerni sitt aftur og eðli-legt tungutak, en hvorutveggju lá við sjálft, að hún hefði glatað.

Eiginlega er það Sveinbjörn Egilsson, mál-fræðingur og skáld, sem við lestur fornsagna vorra og við djúpsetta rannsókn og glöggskygna á bygg-ing málsins, verður fyrstur manna til að finna nú-tíðarmál vort. Með snildarlegum þýðingum á ljóð-um Hómers vakti hann tilfinning manna fyrir feg-urð málsins og göfgi. Enda sést það á öllu, að meira fjör hefir það vakið og fögnuð í huga manna, en þó fundist hefði gullnáma.

Í þessum meistaralegu þýðingum Sveinbjörns Egilssonar, er út fóru að koma með skólaboðsrit-um frá Bessastöðum laust fyrir 1830, birtist eigin-lega fyrst íslenzkt nútíðarmál. Það er hrein nautn og ómengið að lesa þær þýðingar þann dag í dag. Hvert orð hlær við manni eins og ungbarn, sem búið er að fá langan teig úr móðurbrjósti.

En Sveinbjörn Egilsson var fremur rithöfund-ur en skáld. Hann nær sér betur niðri, þegar hann ritar óbundið mál en bundið og líklega eru þýðingar sú list, sem honum bezt var lagin.

Um þetta leyti er Bjarni Thórarensen tekinn

að yrkja í anda endurfæddis manns og endurfæddrar þjóðar. Að fjöri og eldmóði, hugmyndaflugi og ímyndunarafli er hann á undan öllum samtíðarmönnum. Þar er hann eins og örninn, sem svífur öllum fuglum ofar. En að því, er málið snertir, er hann fremur á eftir en á undan. Hann stendur þar með annan fót í átjándu öldinni, en hinn í þeirri níttjándu.

Hvað er það nú, sem þjóð vora brestur til þess, að hin nýja málhreyfing nái sér niðri? Hvað verður við að bera, til þess endurfundið tungumál og endurfætt um leið, nái nauðsynlegum þroska, svo það verði sönn og varanleg eign þjóðarinnar?

Það þarf fram að koma skáld, er jafn-fimlega kunni að nota það og Gunnar á Hlíðarenda bogann og jafn-listilega að leika sér að því og Ólafur Tryggvason saxinu. Skáld, er eigi svo lipurt tungutak, svo hljómfagra raust og angurbliða, að hann fái sungið málið inn í hjarta þjóðarinnar. Eða réttara sagt, skáld, er sungið geti út úr hugarfylgsnum hennar hjartfólguustu hugsanir, er settið hafa eins og fangar í dýblizu, af því enginn leysti af þeim fjötra og lauk upp.

En það fór eins og ætíð fer, þegar söguleg skilyrði eru fyrir hendi. Það stóð ekki á mannum. Hann kom á sinn hátt í fyllingu tímans.

Það var skáldið Jónas Hallgrímsson, — hann og enginn annar. Um fram alla aðra er hann skáld endurfæddrar íslenzkrar tungu. Hann hefir

betur sungið málið og tilfinninguna fyrir fegurð þess og göfgi inn í íslensk hjörtu, en nokkurt skáld annað. En hann hefir líka betur sungið málið út úr hugarfylgsnum þjóðar vorrar en nokkur annar.

Hann er fyrsta skáldið, er finnur hugsunum nútíðarmanusins, nútíðar-Íslendingins, — hugsjónum endurfæddrar íslenzkrar þjóðar hæfilegan búning.

Hugsanir, sem legið höfðu í fjötrum um langar, sönglausar aldir undir tungurótum þjóðarinnar, leysir hann hverja á fætur annarri og lætur þær fljúga af hendi sér, fagnandi og syngjandi út í frjálsan geiminn, svo fult verður af söng í hverri fjallshlíð og hverju dalverpi. Og dagurinn varð um leið fegurri og lífið unaðslegra.

Andi máls vors gekk honum á vald og bjó honum í hjarta. Þegar menn lásu kvæðin hans, sáu þeir orð, er þá hafði langað til að tala, og hugsanir, er þeir höfðu borið undir hjarta, en hvorki getað fætt, né vafið reifum, né látið hlaupa til dyra, þó á lægi.

Málsnild Jónasar er í því fólgin, að hann tók málið eins og það lifði á vörum alþýðu, lét það í deiglu forntungunnar, hreinsaði það frá öllum sora, lét það vera látlaust, óbrotið og einfalt og hverja setning eins ljósa og gagnsæja og hreinasta lindarvatn á Íslandi.

Leyndarmál tungu vorrar og yfirburðir henn-

ar yfir önhur mál, felst í einfeldninni og skírleikanum, — stuttum setningum, en kjarnyrtum, sem hugsanin handsamar á einu augnabliki. Hugsunarvilla og hugsunarflækja hjá höfundi kemur fyrr í ljós á íslenzku en öðrum málum. Og fátækt hugsunar er torveldara miklu að dylja fyrir þann, er á vora tungu ritar, en aðra. Orðin eru svo gagnsæ, að eigi er unt að láta þau dylja þess háttar, þó reynt sé til þess.

Enginn hefir betur leitt í ljós heilagan einfaldleik málsins og skýrleik en Jónas. Og enginn hefir betur kunnað að beita þessum ágætu kostum tungu vorrar en hann.

Þar næst er íslenzkan viðkvæmari en flest önnur mál. Þessi viðkvæmni stendur í sambandi við einfaldleik hennar. Hjá engum er málið jafn-viðkvæmt og börnum. Viðkvæmni og einfeldni haldast þar í hendur, því þær eru systur. Á þingi þjóðanna erum vér Íslendingar börnin. Látum oss enga minnast að því þykja, ef vér að eins værum siðleg og sæmilega uppalin börn. Mál vort er þá barnamál með heilaga einfeldni sakleysisins yfir sér, en um leið þá óumræðilegu viðkvæmni, sem gengur til hjartans eins og grátur eða hlátur barnsins.

Ljóð Jónasar Hallgrímssonar og eiginlega alt, er eftir hann liggur, er óumræðilega viðkvæmt. Það hleypur ýmist hlæjandi eða grátandi upp í fang vort. Það heldur oss svo föstum í faðmi sér,

að vér gleymum öllu öðru meðan vér erum að lesa það.

Ótal dæmi mætti tína til úr kvæðum Jónasar því til sönnunar, að mál hans hafi þessu eiginleika til að bera og að það eru þeir, sem öðru fremur einkenna það. En á það munu flestir fallast, án þess. Eg vil benda á þessar alþektu gamanstökur:

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti eg falleg gull,
nú er eg búinn að brjóta týna.

Einatt hefir hún sagt mér sögu,
svo er hún ekki heldur nísk:
hún hefir gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi—
glóbjart liðast hár um kinn—
og hleypur, þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnum vegi.

Er til innilegri, látlausari, fegurri og eðlilegri lýsing á barni en þetta á nokkuru máli? Er unt að koma hér betur orðum að hugsan? Einfeldnin, skýrleikurinn og viðkvæmnin haldast hér í hendur.

Eða hefir nokkur maður sent fósturjörð sinni fegurri og viðkvæmari kveðju en þessa?

Mú andar suðrið sæla vindum þýðum;
á sjónum allar báurur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru láði ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlífum.

Ó heilsað öllum heima rómi bláum
 um hæð og mund í drottinn ást og friði;
 kynni þið, báru! bát á fiskimiði,
 bláni þið vindar! Þýtt á kinnum tréðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer
 með sjaðrabliki háa vegaleysu
 í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
 engil, með húfu og rauðan skúf, í peysu;
 þróstur minn góður! Það er stálkan mín.

Einstöku sinnum getur það flogið í huga
 manns, að karlmenskuna vanti. Málið verði í
 hendi Jónasar of kvenlegt, of líkt gælusöng móð-
 ur yfir vöggu barns. Það sé auðheyr, að hetjurn-
 ar gömlu séu hættar að tala. Mál hans sé mjúkt
 og lipurt og viðkvæmt eins og þegar kona, er
 aldrei hefir drepit hendi í kalt vatn, er að tala og
 gjöra sér tæpitungu. En krafturinn, hetjubragur-
 inn, karlmenskan, sé horfin.

En ekki er þetta satt nema að mjög litlu leyti.
 Til þess að sannfærast um, að mál Jónasar er ekki
 karlmenskunni horfið og að hetjubragurinn hvílir
 yfir því ekki síður en tungutaki fornkapp-
 anna, þegar honum þóknast, þarf ekki annað en
 lesa kvæðið Skjaldbreiður. Þar er ein hin mikil-
 fenglegasta náttúrulýsing og kempulegasta, sem
 til er á nokkuru máli. Það er vafasamt, hvort
 hún hefði verið af sterkari viðum gjör, þó smíðuð
 hefði verið af Agli Skallagrímssyni sjálfum.

Titraði jökull, æstust eldar,
ðskraði djúpt í rótum lands,
eins og væri ofan feldar
allar stjörnur himnaranns;
eins og ryki mý eða mugga,
margur gneisti um loftið fló;
dagur huldist dimmum skugga,
dunaði gjá og loga spjó.

Belja rauðar blossa móður,
blágrár reykur yfir sveif,
undir hverfur runni, rjóður,
reynistóð í hárrí kleif.
Blómin ei þá blöskran þoldu
blikna hvert í sínum reit,
höfði drepa hrygg við moldu—
himna drottinn einn það leit.

En svo fær hann ekki stilt sig um að láta
viðkvæmnina líka taka til máls:

Hver vann hér svo að með orku?
Aldrei neinn svo vígi hlóð:
búinn er úr bálastorku
bergkastali frjálstri þjóð.
Drottins hönd þeim vörnum veldur,
vittu barn! sú hönd er sterk;
gat ei nema guð og eldur
gjört svo dýrlegt furðuverk.

Jónas Hallgrímsson sameinar þetta tvent, kraft-
inn og viðkvæmnina, í skáldskap sínum. Vegna
þess er hann svo undur-hugnæmur og nær svo
traustum tókum á lesanda. Íslenzkt nútíðarmál
hefir þá líka það fram yfir forn málið, að það er

miklu viðkvæmara. Tunga vor er orðin tilfinningamál miklu meira en hún var í fornöld. Í því atriði út af fyrir sig er fjarska mikill þroski og framför fólgin.

Þar hefir Hallgrímur Pétursson lagt fram ógleymanlegan skerf. En Jónas Hallgrímsson hefir í þessu efni látið smíðshöggjó ríða.

Eftir daga Jónasar hefir mál vort tekið undramiklum þroska. Nú á það orð yfir lang-flest hugtök, sem fyrir koma. Þó hafa heimspeki og verkleg vísindi þar nokkuð verið fyrir borð borin, af því minst hefir verið hugsað og ritað um þau efni. Framfara og þroska verður þezt vart, þegar orðabók Konráðs Gíslasonar, vinar Jónasar og starfsbróður í íslenskum fræðum, er borin saman við þær orðabækur, er vér höfum eignast nýlega. Þá kemur það þezt í ljós, hve mikið hefir hugsað verið af íslenskum mönnum síðasta helming nítjándu aldar.

Allar bókmentir þjóðanna eru ekkert annað en tilraun mannsandans til að finna hugsunum og tilfinningum sem hæfilegastan búning. Allur þroski málanna er í því fólgin að láta orðin falla æ þéttar og fastar utan um hugsanir þær og tilfinningar, sem málið er að lýsa.

Á liðinni öld lagði enginn einn maður fram annan eins skerf til þroska tungu vorrar og skáldið Jónas Hallgrímsson. Mestar og beztar þakkir á hann skilið fyrir það, að hann gjörði tungu vora

að tilfinningamáli, svo í henni heyrum vér bergmál barnshlátursins saklausa, en um leið stunur og ekki sorgarinnar.

Og einkenni alls, sem eftir hann liggur, er þetta: Það hleypur upp í fang þess, er les. Það vefur mann upp að sér mjúkt og þýtt. Sætan ilm leggur að vitum vorum, eins og stæðum vér í Íslenzku túni. Það töfrar huga vorn eins og geisladýrðin fjöllita á Íslenzkum kveldhimni um hásumar, þegar sól er að síga í ægi.

Minning hans, skáldsins góða, ætti því að geymast gulli betur með Íslendingum, austan hafs og vestan. Vér geymum allir helga dóma frá honum í hugskoti, hvert sem vér förum. Hann hann hefir gefið oss öndvegis-súlur, sem vér ekki megum við oss skilja og arinhellu, er Íslendings-auðnan liggur undir fólgin.

Minnisvarðinn, sem þjóð vor ætlar loks að leggja á leiði hans að hundrað árum liðnum frá fæðing hans, ætti að minna oss á að láta letrið vera skírt á þeim bautasteini hans, er vér berum í hjarta.

En fegurstan bautastein reisum vér honum með því að sýna Íslenzkunni, móðurmáli hans og voru, álíka ræktarsemi og hann. Með göfugum hugsunum og listfengum búningi hóf hann hana til tignar og jafnréttis við önnur bókmenta tungumál heimsins.

En eftir því skyldum vér muna, að ef vér

viljum eignast öðrum þjóðum jafn-göfugt mál, verðum vér að keppast við að leggja þeim jafn-mikla rækt við göfugar hugsanir og göfuga lífsbreytni. Því málið er sönn og falslaus skuggsjá. Hvaða myndir hún hefir að sýna, er alt undir mönnunum komið, sem á henni halda.

Og sá, sem væri þess um kominn að leggja einhvern skerf til íslenzkra bókmenta, ætti ávalt eftir því að muna að seilast eigi eftir erlendu skrauti, því nægtir gulls eigum vér enn í námum íslenzkrar tungu, sem bíður þess, að einhver finni það og gjöri að gjaldgengum eyri.

Þeim mun þar bezt takast, sem leitast við að ná hinu þýða, látlausa, angurblíða tilfinningamáli Jónasar Hallgrímssonar.

Pegar það tekst, mun sagt verða um það eins og með sanni má segja um málið hahs: Það hleypur upp í fang þess, er les.

Það hygg eg sé hið mesta hrós, sem unt er að segja um nokkurn rithöfund eða nokkura mál-snild.

Að endingu orð skáldsins sjálfs:

Ástkæra, ylhýra málið
og allri rödd fegra!
blíð, sem að barni gaf móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum
mér yndið að veita.

26. jan. 1902.

H á v a ð i.

FORFEDUR vorir töluðu um hávaðamenn í fyrndinni. Það voru menn, sem mikið létu yfir sér, þóttust alt betur vita og betur kunna en aðrir—málrófsmenn, er mikið gjörðu úr öllu, sem að kunni að vera fyrir öðrum og sýndu frekju og yfirgang, hvar sem þeir komu nærri.

Fremur virðast menn hafa haft ýmugust á slíku athæfi þegar í fornöld. Enda gengu þessir hávaðamenn þá ósjaldan eins og logi yfir akur, er þeir fengu því við komið, komu af stað róstum og illdeilum og urðu hvað eftir annað margs konar vandræðum valdandi.

„Vill þú, at ek keyra hest þinn, Gunnar frændi,“ segir Skarphéðinn við hestaatið. „Eigi vill ek þat,“ segir Gunnar. „Hér er þó betr ákomit“, segir Skarphéðinn, „vér erum hváritveggju hávaðamenn“. Honum fanst ójafnt með

Gunnari og andstæðingum hans. Þeir voru hávaðamenn. Hann gæftar og stillingarmaður hinn mesti. Þeir tala svo í öllu glymur. Hann eitt orð móti þeirra hundrað, lágum rómi, eins og stillingarmönnum er títt. Skarphéðinn hélt að betur mundi ganga, ef hann bætti ögn af hávaða við Gunnars megin.

En ekki var Gunnar á því. Hann vissi, að nóg myndi vandræði af hlotnast hestaatinu, þó hávaðamenn væri ekki báðum megin. Hann skildi, að hógværd er háreisti máttugri, stilling ofstopa öflugri, þrúðmenska frekju og uppvöðslu sigursælli. Enda reyndist það svo þetta skifti. . .

Þá var að mörgu leyti hávaðaöld. Að minsta kosti voru axir og atgeirar á lofti, hvað lítið sem á milli bar. En oft urðu hávaðamenn hægir, er að hólmi komu, og brast hug og þor, er þeir áttu að reyna sig við einhvern fámálugan.

Nú ætti hávaði að vera horfinn. Nú er því lík siðfágunaröld runnin upp. Ætla mætti, að hávaði hefði fyrir löngu orðið sér svo til minnunar, að ekkert væri eftir af honum. Og hávaðamenn ætti nú helst ekki að finnast, þó leitað væri loganda ljósi.

Því er miður, að svo er ekki. Það er vafamál, hvort hávaði hefir ekki aukist með íslenzkri þjóð síðan í fornöld—hvort hávaðamenn hafa ekki meira verið teknir til fyrirmyndar en hæglætismenn.

Oss Íslendingum liggur hátt rómur. Vér erum óvanalega hátalaðir menn. Þegar vér erum með erlendum mönnum, verða þeir þess þegar varir og reka upp stór augu.

Eg var eitt sinn gestur hægláts og sérlega skynugs manns í dálitlum bæ, þar sem hópur íslenzks fólks átti heima. Hann var að gjöra grein fyrir, hvernig dæmt væri um það af innlendu fólki.

„Þegar eg geng í hópi landa minna hér um götur bæjarins, heyri eg oft að sagt er mér að baki: „Þetta eru Íslendingar. Þeir tala svo hátt!“

Hve oft vér verðum hins sama varir. Vér setjumst inn á strætisvagn og tölum svo hátt, að áður oss varir eru allir farnir að glápa á oss. Þegar vér gætum að, talar þar annars hver maður að eins svo hátt, að næstu sessunautar heyri.

Vér ferðumst með járnbrautarlest. Nokkurir Íslendingar eru þar í hóp. Ýmist hlæja þeir svo hátt, að í öllu glymur, eða lenda í ágreiningi út af einhverjum smámunum og sá hygst að sigra, sem hvellast mælir. Annað fólk situr alt í kring. Það er einnig í viðræðum hvað við annað, ýmist glaðværum eða alvarlegum. En það forðast að hafa svo hátt, að viðtalið nái til annarra og vekur því alls enga eftirtekt.

Vér sitjum við borð að veizlu með vinum vorum. Þá verður glaumur mikill. Það þykir sjálf-sagt. Annars sé veizlugleðin engin. Oft og tíðum heyrir ekki mælt mál og háreisti keyrir úr

hófi. Gleðinnar verða ekki tilætluð not sökum háreisti.

Vér sitjum til borðs með ensku-mælandi mönnum eða öðru vel siðuðu fólki. Þar er hljótt — aldrei neinn glaumur. Spaugsyrdin fljúga í kring, menn brosa; glaðværð og skilningur skín í hverju auga, en svo kyrlátlega, — allir með fullkomnu valdi á lund og látbragði. Þó einhver segi skritlu, veltist enginn um af hlátri. Ljósglampi sést að eins leika um hvert andlit. Eða þó sagt sé eitthvað, sem öllum gezt ekki að, verður enginn ákafi, enginn hiti; menn lauma að mótbárum, hægt og varlega, meira til þess að kveikja efa hjá þeim, sem talar, um rétta athugan máls, heldur en til að láta hann finna, að hann hafi verið ofurliði borinn af annarri hugsan sterkari.

Vér sitjum á fámennum fundi, þar sem örfáir menn eiga að íhuga eltthvert ákveðið mál, er þeir hafa með höndum. Alt lendir í skvaldri og úturdúrum. Tíminn eyðist í orðagjálfri út af hlutum, er málinu koma ekkert við. Hávaði yfirgnæfir hugsanir. Og eftir því verður niðurstaðan.

Aðrir sitja á líkum fundi. Sá, sem lítur inn til þeirra sér, að þar eru menn, sem hugsa. Þeir hafa svo hljótt um sig. Leggja ekkert til máls, nema það, sem þeir hafa gjörhugsað. Tala stuttum setningum og sem allra fæstum orðum, svo hugsan birtist sem fáklæddust. Hættir ef til vill öllu fremur en oss að lenda út í hárfínar skilgrein-

ingar, er litla þýðing hafa. En tala ávalt um málið og ekkert nema málið, sem á endanum er orðið ljóst og skilmerkilegt í hugum þeirra. Og þá er skömm leið og skjótfarin til heppilegrar niðurstöðu, af því engum hávaða hefir verið hleypt þar að.

Fyrir oss eyðileggur hávaði svo undur-mikið. Í honum drukna hugsanir og framkvæmdir kafna. Fyrir hann lendir svo margt í handafumi og handaskolum. Má'óða maður verður ávalt liðléttingur. Hann heldur hann hafi afreksverk unnið, er hann hefir helt úr orðabelg sinum. En er að er gáð, verður það minna en ekki neitt. Vér eigum fleiri slíka en góðu hófi gegnir.

Sé einhver nýjung á ferðum, verðum vér allir upp til handa og fóta. Vér hugsum ekki um annað, tölum ekki um annað, sofum naumast fyrir því. Ef það er nýr atvinnuvegur, hlaupa allir þangað og ætla að verða auðugir á einum degi. Ef það er ný þekkingargrein, halda menn, að í henni sé öllum auðna fólgin. Sé um nýjar stefnur eða skýringar að ræða, álíta menn, að þar sé úrlausn allra gátna. Brjóti einhver bág við gamlan hugsunarhátt, er hann ýmist vargur í véum eða dýrlingur.

Vitaskuld er þetta flug úr einu horni og í annað alment mein um heim allan. Á stigi mjög misjöfnu er það þó eftir menningarþroska þjóðanna. Þar sem barlest er lítil og eigi hirt um

kjölfestu, er bátur valtur. Þar sem barlest er góð, verður sigling stöðug, þó nokkurir skifti um set og flókti frá einu borði til annars. En þar sem allir þjóta út í annað borð í hvert sinn, sem hákarl rekur haus úr hafi, og kjölfesta engin, þar getur aldrei vel farið; afli verður lítill og afdrif ekki góð.

Það er svona í einu og öllu. Frekjan er vara-sóm. Hún er ekkert annað en hávaði. En hávaðamenn hirða eigi um, hvað þeir hafast að. Þeir þyrta upp molldviðri kring um sig og kring um aðra, svo enginn sér handa sinna skil. Skynsemi og stillileg hugsan komast ekki að. Æstar tilfinningar geta farið í menn eins og djöflar í svín og hrundið fyrir björg.

Pegar mikið er um fyrir manni og konu fyrsta hjúskaparár og þau mega aldrei hvort af öðru sjá, spyrja eldri menn: Hvað ætli úr þessu verði? Skyldi þetta endast? Eða skyldi það verða eins og kveikur, sem fuðrar upp í bláenda, en lætur ljós slokna, er ofar kemur?

Sjaldan verður mikið úr barni, sem hátt er hossað. Góðir hæfileikar, eru oft eyðilagðir í uppeldi með hávaða út af þeim. Hæfileikar barns eru eins og loforð um eitthvað á ókomnum tíma. Það er undir mörgum atvikum komið, hvort slíkt loforð efnist eða ekki. Hávaði foreldranna truflar sáralíf barnsins og gjörir oft guðvef að hégóma. Vitrir foreldrar hafa aldrei hátt út af börnum sínum. Þau loforð um eitthvað á ókomnum tíma

eru þeim of heilög, en um leið of miklu torveldi háð, til þess þau geti fengið af sér að hafa hátt um.

Ungum mönnum er oft og tíðum ekið í skrautvagni af vinum þeirra. Þeir eru að byrja lífið og nú er um að gjöra, að þeir beri sigur úr býtum í hverri burtreið á fætur annarri. Gáfur og mannkostir er hafið til skýja, eins og aldrei hafi annað eins verið á ferðum. Á einu ári eiga þeir að komast lengra en aðrir á tíu. Baki brctnu þurfa aðrir að vinna til að komast áfram og ná nokkurri virðing í mannfélaginu. En þessir eiga að komast hjá allri fyrirhöfn. Menn eiga að falla þeim til fóta og setja þá í æðstu trúnaðarstöður áður nokkur eiginlega veit, hvað með manni býr. En oftast fer það hrapallega. Frægðin verður skammvinn og endaslepp. Alt fer í ólestri. Vinirnir hafa ekki ekið ungum manni í skrautvagni upp í höll neinnar varanlegrar frægðar, heldur upp í höll hégómans, sem blæs um koll næsta dag. Betra sjálfur fótgangandi að fara, en aka með annarra hestum.

Vinátta er góð, en ósjaldan er vinur óvini hættulegri. Sá, sem borinn er á háhesti af vini sínum, má gæta sín. Sumir vinir eru svo háværir. Þeir gjöra miklu meira úr þér en þú átt skilið. Þeir hampa þér á höndum sér. Þykja öll ráð ónýt nema þau, sem þú ræður. Hafa þínar skoðanir, fylgja þinni stefnu. Það er gott og vel

meðan varir. En sjaldan er hávær vinátta haldgóð. Vinur þinn þreytist og þú þreytist. Bráðum ert þú fallinn af háhesti niður og annar kominn í þinn stað. Ekki skaltu taka þér það nærri. Því sagan hans verður lík sögu þinni.

Sú vináttan er bezt, þar sem gengið er hlið við hlið og enginn hávaði hafður. Þar er lítið talað, en tilfinningar þeim mun ríkari. Þar veit naumast hver af öðrum. Þar hafa sefar runnið saman svo enginn fær aðgreint, hvað mitt er eða þitt. Það sem á milli fer, verður að eins á tveggja vitorði. Nái heimurinn í það, hefir hann hátt um það, og þá er vináttunni bani búinn. Svo skaðlegur er hávaðinn.

Eins er um fyrirtæki. Það er mikið til af hávaðasöðmum fyrirtækjum. Ósköpin öll er um þau talað, áður þeim er hleypt af hlunnum. Þegar að því kemur, er skipið skírt í kampavíni og og mesti glaumur á ferðum. Það er sent á haf út og spyrst ef til vill aldrei til þess aftur. Sjaldan verður mikið úr því höggi, sem hátt er reitt. Oftast verða þau högg vindhögg og hitta ekkert fyrir. Listina þá kunnum vér allra manna bezt.

Í lífsstarfi manna kennir hins sama. Sumir vilja láta svo mikið til sín taka þegar í stað. Þeir ætla að taka svo í tauma, að nú sé auðsætt, að nýir herrar séu komnir að völdum. Hið gamla er ónýtt og alt öfugt, sem eldri starfsmenn gjörðu. Þeirra verk ekki nema hálfverk. Nú skal sópa

hús hreint fyrsta skifti og sýna, hvað vel nýr sópur dugar. En svo verður hann eigi ávalt spánnýr og þá kemur hávaði eigi lengur að haldi. Nýja sópnum þeim mun fyrr varpað á dyr, sem hann losaði meira og efndi færra.

Tilfinnanlegast verður þetta, þar sem um siðferðisleg efni er að ræða. Þar verður einn að byggja ofan á það, sem annar hefir hlaðið, ef framför á að verða nokkur. Ef nýr starfsmaður byrjar með því að sýna þeirri hleðslu lítilsvirðing, sem áður hefir gjör verið, af því hún kann að hafa verið framkvæmd með lítils háttar annarri aðferð en hans, og rífur hana niður að mestu leyti, hve samvizkusamlega og trútt sem verk hefir unnið verið, verður lítið ágengt. Og seinni aðferðin reynist ef til vill hinni eldri ekki heppilegri.

Hve miklu réttara að bera lotning fyrir því, sem þegar hefir gjört verið, ganga þegjandi til verks og halda áfram í trúmensku þar sem hætt var af hinum. Hægra er ávalt að styðja en reisa. Og mönnum er ant um að sjá, að einn haldi áfram þar sem annar hætti. Enginn er algjör og öllum í einhverju áfátt. Hávaðinn einn í hjarta manns getur komið til að gleyma því.

Mörgum, sem miklu ætlar til leiðar að koma, verður það á í fyrstu að spenna siðferðiskröfurnar of hátt. Í sjálfu sér eru þær svo háar, að þar má engu bæta við, því hærra verður ekki komist. Og að draga úr þeim og gjöra þær minni og að-

gengilegri verður aldrei rétt. En muna verður, að ekkert mannfélag lærir að laga sig eftir þeim alt í einu. Það þarf langan tíma til og mikla þolinmæði. Það dugar aldrei að beygja háls manna undir þær, eins og eitthvert ok. Það er lögmálsþrællkan, sem engin fullkomnan liggur í og gjörir mennina ekki betri. Stöðu sinni má enginn maður beita sem valdi, heldur vinna hugi með lempni og kenna mönnum að elska það, sem fagurt er og sómasamlegt og gott afspurnar. Annars ris upp kali þg óþörf mótspyrna, sem hægt er að nokkuru leyti sjálfum sér um að kenna.

Ósjaldan er af stað farið með of miklum hávaða, svo verður að tjóni. Siðferðiskröfur eru tvíeggjað sverð. Sá, sem reiðir það of hátt, særir oft sjálfan sig hættulegu sári og verður sér til minkunnar. Það hefir mörgum á kaldan klaka komið. Þess vegna kemur sá litlu til leiðar, sem alt ætlar í einu að gjöra, en hinn meira, sem hægt fer og lempilega og sýnir umburðariyndi bæði í einu og öðru.


Til er líka hávaðasamur kristindómur. Í raun og veru er það mótsögn. Það er aðli kristindóms gagnstætt að vera hávær. Hann er ekki stærilátur og ber ekki höfuð hátt. Hann er hægfara eins og öll lífsins máttugu öfl. Hann felst ekki í orðum, heldur því sem maður er.

En hjá sumum mönnum verður hann hávær. Þeir þenja sinn kristindóm út eins og segl fyrir

vindi. Hjá öðrum sjá þeir ekki annað en kristindómsleysi. Þeir hugsa meir um stutta alin hjá öðrum, en vel langa og ósvikna hjá sjálfum sér. Þeir segja frá bænum sínum og reynslu sinni og góðverkum sínum, eins og væri þeir þar langt á undan öllum. En sá háværi kristindómur verður þeim að fótakefli. Hann þaggur ekki niður, heldur eykur hávaða freistinganna í hjartanu.



Gott er það og hverjum manni ómissandi að hafa ákveðnar skoðanir, einkum ef þær eru vel hugsaðar og þær hafa orðið eigin hans með langri og einlægri leit og íhugan. En margir verða hávaðasamari með skoðanir sínar en góðu hófi gegnir. Þeirra skoðanir eru þær einu, sem rétt hafa á sér. Mönnum með aðrar skoðanir segja þeir stríð á hendur. Þeim verður næmast vært í landi, ef þeir eru svo bíræfnir að líta á sama hlut frá öðru sjónarmiði. Þó þeir kunni að vera öldungis sammála í meginatriðum, hjálpar það ekkert. Hið litla sem milli ber, verður alt í einu meginatriði, sem alt stendur eða fellur með.

Hve mjótt er mundangshófið. Hve mjótt á milli þess að dæma skoðanir annarra svo hart, og beita valdi til að bæla þær niður og taka þeim fyrir kverkar, ef maður hefði það vald með höndum. Nú eru þeir tímar liðnir, sem betur fer. En menn langar enn oft og einatt til að mega grípa til valdsins og beita aðra ofurliði, þegar önnur vopn bila. En þá skilja menn eigi, að ofbeldið er



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1853 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

ósigur um leið og það er glæpur. Sú skoðan, sem beitir aðra ofbeldi, verður ávalt undir á endanum eða bíður tilfinnanlegt tjón.

Eiginlega er það ávalt ofbeldi, sem beitt er, þegar reynt er að berja niður einhverja skoðan með eintómum staðhæfingum. Að leiða fram rök og færa mönnum sanninn með gætilegum sannanagögnum, er eitt hið göfugasta ætlunarverk, sem nokkur tekur sér fyrir. Á þann hátt skírast skoðanir og sannleikur kemur í ljós. Til þess þarf mikla þolinmæði og áreynslu. Það er fyrirhöfn, sem einungis fáir menn fá sig til að hafa. Hitt er létt og auðvelt að lýsa það alt í bann, sem manni er ógeðfellt. En bannfæringar eru örþrífarráð umburðarlausra manna. Þær eru ekkert annað en aflaus hávaði, sem engu fær til leiðar komið, nema æsa það upp, er niður átti að bæla.

Mikið er til af hávaða í bókmentunum. Margir álíta það listina mestu að finna hugsunum sínum svo sterk orð, sem unt er að finna í máli. Að taka sem dýpst í ár og slá högg sem stærst og berjast eins og víkingur í hvert sinn sem tekið er á penna, þykir mörgum aðdánlegt og bera vott um mikinn anda, en þó kemur það oftast í ljós, þegar svo er breytt, að réttu máli er hallað, engrar sanngirni gætt, engin málsbót fundin, heldur farið með ófgar og ofstæki, sem gjörir dimt fyrir augum, svo ávinningur verður næsta vafasamur.

Sterku orðin eru varhugaverð. Snjallir höfundar á velli heimskókmentanna varast þau. Þeim finst þau gjöra málstað veikan. Hávaði er aldrei trúðmenskunni samfara. Hún rekur hann frá sér eins og rakka. Í bókmentum á ekki nema trúðmenskan heima. Berserkir og hávaðamenn eiga þar ekki griðland. Aldrei kemur innri maður eins í ljós og þegar á penna er haldið.

Menn geta þolað hrottalegan mann í daglegri umgengni, þó illa gangi, ef menn verða betra varir inni fyrir. En hrottaskap í bókmentum þola menn eigi til lengdar, en fá á honum andstyggð og snúa við honum baki. Því þá er ekkert annað inni fyrir.

Hrottaskapur í blaðagreinum er eitt hið ömurlegasta mein í íslenzku þjóðlífi. Ósjaldan keyrir svo úr hófi, að sá svitnar, er les. Alt ilt er andstæðingi ætlað og eftir öllu er leitað honum til minkunnar. Þar ata menn hvor annan í eins miklum ósóma og þeim er unt. Hugsa eigi um neitt annað en að ná sér niðri á þeim, er þeir eiga í höggi við, án þess nokkurrar sanngirni eða göfugmensku sé gætt.

Sjálfboða leiðtogar lýðs, sem ekkert hafa annað á boðstólum en hávaða og hrottaskap, eru eitt hið geigvænlegasta mein þjóðanna. Þeir rugla hu, sunum manna, hugmyndum og stefnu og eru því hverjum góðum manni mikið áhyggjuefni.

En þá er vandinn þessi að draga úr skaðleg-

um áhrifum þeirra og láta þá ekki koma góðum málefnum fyrir kattarnef. Menn getur greint á um aðferð. Einum finst það heppilegast, sem annar vill varast.

Mörgum góðum manni er gjarnt til að hafa hátt, þegar mikill stormur er í lofti. Þegar honum og málefni hans er misþyrmt, fer hann líka að nota hvern höggstað og dregur þá ekki af sér. Það er mannlegt, vitaskuld. En viturlegt er það ekki. Með því gjöra menn sjálfum sér og málstað sínum óvirðing. Enginn sigrar ilt með illu. Er það ekki að setja hart gegn hörðu? Ofbeldi gegn ofbeldi? Er það ekki Pétur, sem þá heggur af Malkusi eyrað?

Sú tilhneiging að ganga andstæðingum milli bols og höfuðs í öllum viðskiftum, leggja þá í einelti, skilja enga ærlega taug eftir í fari þeirra, gjöra þá að æfilöngum óvildar og hatursmönnum, sem svo oft kemur í ljós hjá forkólfum flokka og forvígismönnum góðra málefna, verður þess ávalt valdandi, að sigur gengur þeim úr greipum, og þeir koma að minsta kosti margfalt minna til leiðar, en þeir annars myndi.

Foringjum stjórnmalaflokka verður þetta stöðugt að fótakefli. Flutningsmönnum kirkjulegra mála, — þeim, sem helzt ætti í þessum efnum að vera til fyrirmyndar, engu síður. Hávaðinn dregur þeim sigur úr höndum. Þess vegna gengur svo skelfing seint og illa. Góður málstaður ber svo

sjaldan sigur úr bítum með oss, sökum hávaða flutningsmanna.

Hörð og áköf slög í garð óbilgjarnra andstæðinga koma aldrei nema illu til leiðar. Ofstopi er eitt hið andstyggilegasta í fari manna. Hörð slög espa upp ofstopa á móti og koma enn meiri hávaða af stað.

Hve miklu andlegra vopn og giftusamlegra að leiða hávaða sem allra mest hjá sér og hrotta-skap allan, en starfa í kyrrþey baki brotnu og láta ekkert tækifæri ónotað til að styrkja hið góða í sálum manna og kenna þeim að greina sannleika frá ósannindum. Sá, sem ekki vinnur sigur með því móti, ber naumast sigur úr bítum á annan hátt.

Það er eðli hins illa að hafa hátt. Heimskan er hávær og hið illa spanar hana ávalt upp í hávaða og alls konar ofstopa. Þess vegna ber svo undur-mikið á því illa í heiminum og mannlífinu. Það veður ofan á eins og illhveli og hvæsir í allar áttir.

En hið góða hefir eigi hátt um sig. Um góða menn og málefni er ávalt hljótt. Þeir forðast að meiða og særa. Þeir láta sér ávalt um það ant að koma fram sem sanngjarnir menn og vilja ávalt láta andstæðing sinn njóta sannmælis. Þeir vita, að meiðsli og sár hafa óvild og hatur í för með sér.

Hatur og óvild manna á meðal vita þeir, að

er mannfélögunum mesta niðurðep. Það er andlegt átumein eins skaðlegt og krabbamein líkamnum. Menn, sem fullir eru haturs og óvildar til annarra og bera róg, ófund og illindi úr einni mannssál í aðra, eru verstu óvinir mannkynsins. Þeir eru hver í sínu lagi Mörður Valgarðsson afturgenginn. Margri Njáls-brennu hafa slíkir menn orðið valdandi bæði fyrr og síðar.

Sá, sem þegir og þolir og lætur meiða sig og særa, en geldur ekki líku líkt, meðan hann beitir allri orku til að leysa ætlunarverk sitt af hendi, eignast vini fleiri og fleiri, en óvinum fækkar að sama skapi.

En það er fyrir mestu, að hann sannfærir flesta, verður lang-mest ágengt með að beina óflugstreymi hugsana í heppilegri farveg og er góðu málefni miklu þarfari maður en þeir, er slá hörðu slögin og vaða fram í brjóst fylkingar við hvert tækifæri með mestum ofsa og hávaða.

Hann forðast að leggja nokkurn mann í einelti. Hann keppist ávalt við að láta andstæðinga njóta sannmælis og hafa eins mikið gott um þá að segja og honum er unt. Hann hleypur eigi til og slær í hvert sinn, er einhver liggur við höggi. Hann notar sér ekki smá-yfirsjónir, er ekkert koma máli við, til að ná sér niðri. Hann beitir aldrei lævísu brögðum til að æsa upp fordóma gegn nokkurum eða til að verða mannorði að meini.

Göfuglyndi er ein hin æðsta dygd í fari nokk-

urs manns. Sú dygð á ekki einungis fram að koma gagnvart vinum vorum. Það er auðvelt að vera gðfuglyndur í garð þeirra, sem aldrei hafa sýnt oss annað. Hitt er þyngri raun að koma fram eins og gðfuglyndur maður gagnvart þeim, sem maður á í höggi við og beita brögðum, undirferli og tuddaskap, hve nær sem því verður við kcmið.

En fari maður að beita þá sömu brögðum, hefir þeim tekist að draga bit úr vopnum. Þá má eigi lengur milli sjá, hver hefir rétt mál að flytja. Þá er hver orðinn sem annar og rangsleitnin ber þá vanalega hærra hlut. Vinirnir hverfa og mönnum verður að síðustu sama um málalok.

Eg hræðist hávaða og ofsa hvar sem eg fer. Mér finst hann koma öilu drenglyndi fyrir kattarnef.

Í fari lélegra manna er ekki við miklu drenglyndi að búast. Að vera lélegur maður er sama og vera ódrengur. Það er eitt hið lakasta, sem hægt er um nokkurn mann að segja.

En í fari gððra manna er drenglyndi aðaleinkunn. Því bregður eigi að eins stöku sinnum fyrir, en það er eitthvað, er ganga má að vísu eins og peningum á banka.

Í heiðinni fornöld var drenglyndið aðal-dygðin. Af henni urðu forfeður vorir frægir. Drenglyndisblærinn á lífi þeirra gefur fornsögum vorum

siðferðislegt gildi, er vér seint fáum til fulls metið. Það var saltið í lífi þeirra. Það er svarta frjó-moldin í þeim jarðvegi, er vér höfum vaxið upp af.

Erum vér Íslendingar, sem kristnir höfum verið nærri þúsund ár, betri drengir en heiðnir for-
feður vorir? Höfum vér tuddaskap og varmensku í jafn-mikilli fyrirlitning og þeir? Erum vér þeim jafn-varkárir með að beita ekki aðra sömu ódreng-
skaparbrögðum og vér erum beittir?

Það er ef til vill goðgá að spyrja svo.

En í viðunæign vorri við óvini og andstæðinga finst mér drenglyndis gæta oft svo lítið, að eg fæ tilhneiging til að skríða aftur inn í fornöldina, ef það annars væri unt, og leita þar skjóls og at-
hvarfs með góðum drengjum.

Því nú er eins og menn vilji helst sitja í smá-
hópum í laut á bak við dálitla þúfu, sem þeir hafa búið sér til, og skjóta hver á annan. Þúfan þeirra er þeim eitt og alt. Þeir þora ekki einu sinni að standa uppi á henni, því það yrði víðsýni of mik-
ið. Þeir vilja helst liggja undir henni og láta hana skýla sér, en skjóta svo á þúfurnar í kring í laumi.

Launvíg áttu sér stað í fornöld. En frámuna-
lega þóttu þau ljót og ódrengileg. Mönnum, sem slík víg unnu, var naumast vært. Það þótti mink-
unn að hafa þá í liði. Sú var líka trú manna, að ógæfa og ósigur fylgdi þeim flokki, þar sem ein-

hver slíkur ódrengur feldist. Með smán voru þeir gjörðir liðrækir, hve nær sem upp komst.

Launvíg eru því miður eigi undir lok liðin. Það er nóg til af þeim enn. Og ósjaldan eru þeir í hávegum hafðir, sem þá list leika. Menn finna naumast til þess nú eins og þá, hver frámunaleg svivirðing það er. Vitaskuld er munurinn þessi, að þá var líkaminn veginn. Nú er vegið að mann-orði og það þykir lítils vert, því þá sést ekki blóð renna.

Eru menn þá eigi komnir svo langt, að þeir skilji, að það er glæpur miklu meiri að vega að sál manna og slökkva neistann, er oss hefir tekist að vekja í sálum annarra? Slökkva samhygð og bróðurþel, skilning og velvild, er vér höfum kveikt hjá öðrum? Aldrei rennur eins mikið blóð og þegar það er gjört. Og enginn er eins mikill ódrengur og sá, er þann leik fremur í laumi.

Að bera eitur í brunn óvinar síns hefir ávalt þótt einn andstyggilegasti glæpur, sem unt væri að fremja. En að bera eitur óvildar og tortrygni í sálir annarra er þó miklu svívirðilegra.

Einhvern tíma kemst sá feluleikur í hámmæli. Hann kemur þá þeim í koll, er framdi. Sá fellur að lokum í eigin gróf, er gróf hana öðrum.

Menn láta hátt yfir sjálfum sér. Yfirlætið og sjálfsálitið er næsta alment. Með oss Íslendingum keyrir það fram úr hófi. Sú aumingja þjóð, smælinginn mesti í tölu þjóðanna, á svo marga

oflátunga, að ekki tekur tali. Af dygðum og fræk-leik forfeðranna eiga þeir lítið. Af kappanum er lítið eftir nema oflátungur.

Allir oflátungar eru hávaðamenn. En það er skömm leið og skjótfarin frá hávaðamanninum til stigamannsins. Hún er ekki löng, bæjarleiðin sú. Og margur oflátungur flytur helzt búferlum í þá áttina.

Stigamenn eru þeir, sem sitja við veginn og ráðast á saklausa ferðamenn, til að ræna þá fé og fjörvi. Stigamönnum er nú ekki lengur vært nema í hálf-siðuðum löndum.

Samt fá þeir hvað eftir annað að leika laus-um hala í blóðum vorum. Þar liggja þeir sífellt í leyni og skjóta úr marghleypum eða vega með sverðum, helzt ef einhver málsmetandi maður er á ferð. Þeir látast gjöra það í nafni frelsisins, sann-leikans, vísindanna.

Hve nær skyldi þjóð vor friða land sitt fyrir slíkum mönnum? Hve nær skyldi blóð vor hætta að verða útilegumannabæli? Hve nær skyldi heiður og mannvirðing fá að búa óhult í landi?

Hve nær?

Þegar vér verðum siðuð þjóð, en ekki fyrr. Þegar almenningaálitið er orðið svo siðað, að það heimtar annað betra.

Blóð og tímarit sýna menningarstig þjóða og mannflokka í skuggsjá. Um þau hefir sagt verið, að þau séu hvorki verri né betri en kaupendur

þeirra og lesendur eiga skilið. Léleg blöð, sem meiða siðferðistilfinning manna, þrífast ekki til lengdar. Þegar þau brjóta bág við almennu velsæmi og helzt það uppi til langframa, er það sönnun þess, að sami velsæmis hresturinn eigi sér stað hjá lesendum þeirra. Siðferðis og velsæmis tilfinningin með þeim stendur þá jafn-lágt og blöðunum.

Hverju mannfélagi er því um að gjöra að vaka yfir blöðum sínum og láta ekki lélega blaðamensku spilla góðum siðum. Á reglubundnum tímum koma þau í hús manna með góðar hugsanir eða lélegar. Hvert sinn, er þau breiða út óvild og hatur og flokkadrætti og fara með ljótan munnsöfnuð, eitra þau hugsunarháttinn og spilla siðunum. Þau eru þá ekki menningarfrömuðir, heldur menningar-niðurdrep og varpa ómurlegum skugga á það mannfélag, er þau til heyra.

Það er heilög skylda hvers vakandi mannfélags að þagga niður hávaða siðlausrar og ófyrirleitinnar blaðamensku. Þegar það er ekki gjört, ber það vott um lágt menningarstig, lélegan hugsunarhátt og litla siðavendni.

Í fjarlægð er dómur feldur yfir hvert mannfélag eftir blöðum þess og tímaritum. Í þeirri skuggsjá virða fjarlægir vinir og vandamenn mynd vora fyrir sér og lesa inn í hjörtu vor. Það kemur þá í ljós, hvort vér eigum heima í útilegumannabæli, eða siðaðri sveit,—hvort vér ölum í brjósti vargshug eða vinarþel.

Léleg blaðamenska læknast ekki með hávaða. Almenningsáitið hefir ekki hátt um sig. En það rís stundum upp eins og þung alda, sem enginn veitir viðnám og brýtur í mul hverja skútu, sem siglir með svörtum fána. Enginn veit af fyrr en hún er horfin, — sokkin niður á mararbotn.

Sá, sem hrinda vildi slíkri öldu af stað, má ekki hafa hátt. Það má helst enginn vita af því, hvað hann er að gjöra. Að honum er vegið og hann þegir. Mörgum sárum er hann lostinn og hann kveinkar sér ekki. Ekki slær hann altur þó hann sé sleginn. Ekki biður hann bölbænir, þó honum séu sungnar þær. Þó allir geirar sé á lofti, þókar hann eigi sínum úr slíðrum.

En hann er kyrrlát rödd, sem þó er sítalandi. Honum liggur lágt rómur. Á torgum og gatnamótum hrópar hann ekki, þegar hávaði og hiti er sem mestur. En í kveldkyrðinni kemur hann og ber hóglátlega að dyrum. Með stilling og gætni talar hann um viðburði dagsins. Hjá vini sínum sér hann vamm eigi síður en hjá óvini. Til mest ætlast hann af þeim, sem hæst standa og merkisberar vilja vera í liði konungsins. Honum gengur mest til hjarta, þegar þeir gjöra sig seka í drengjapörum hávaðamanna.

Hann finnur hverjum manni málsbót, þegar hægt er. Hann leggur engan í einelti, en leitast við að vera víðsýnn og réttðæmur í garð allra. Hann langar ekki til að ganga neinum manni milli

bols og höfuðs. En hann vildi gjöra góðan dreng úr hverjum manni, ef hann mætti.

Flokkadrættir og úlfúð eru honum andstyggð. Þröng föðurlandsást, sem nær eigi út yfir hreppinn, finst honum skrípamynd. Safnaðaráhuga og guðrækni, er eigi getur unnað öðrum vaxtar og viðgangs, skilur hann ekki.

Hann dáist að heiðnum Íslendingi í fornöld.

Áskell goði hét hann.

Hann gekk um sættir og miðlaði málum, hvar sem hann náði til. Eitt sinn var hann á slíkri sáttaför inn um Eyjafjörð við tuttugasta mann. Maður sá, er hann fór þá för fyrir, hét Háls, maður fremur illorður og ófyrirleitinn. Hafði Helga kona hans hlaupið frá honum, en hann beðið Áskel að ganga um sættir og lofað bót og betran.

Er þeir Áskell óku upp með Eyjafjarðará, gagnvart Stokkahlöðum, ríður Háls á undan við annan mann, en Áskell og hinir aðrir litlu síðar. Sjá þeir, að menn nokkurir ganga brott úr lauginni þar að Stokkahlöðum. Þekkir Háls þar höfðingja einn, er hann þykist eiga sökótt við, og fer um hann örgustu háðungarorðum.

Áskell heyrir þetta og átelur Háls harðlega. Telur víst, að þessi illmæli hans hafi heyrzt og getur nærri, hver eftirköst þau muni hafa.

Síðan ríða þeir fram í Eyjafjarðardali til Grana á Arnarstöðum, föður Helgu. Fyrir viturlega málaleitan Áskels, lætur hann dóttur sína fara með

þeim, er Áskell heitir að senda hana heim aftur, ef Háls efni ekki heit sín, og heimta þá fé hennar alt.

En er þeir á heimleið koma gagnvart Kroppi, sjá þeir þrjá tugi manna renna til árinna og vita, að þar muni kominn Steingrímur Örnólfsson, að hefna illyrðanna. Það lýstur í bardaga. En fyrir viturlegt tilstilli Áskels komast menn hans allir undan, en Steingrímur druknar eða er skotinn spjóti í vök í ánni. Halda þeir svo áfram. Aka förunautur Áskels á undan og hrósa happi yfir, hve heppilega hafi gengið leikurinn.

En er þeir eru skamt komnir, liggur maður við veginn, einn þeirra, er í för voru með þeim Steingrími. Sprettur hann upp, er þau Áskell og Helga aka fram hjá, og heggur Áskel í höfuðið, snýr svo til árinna og rennir sér fótskriðu yfir ísinn.

Flestum mundi nú hafa orðið að kalla til förunauta sinna, snúa aftur og hefna grimmilega þessa svívirðilega áverka. En Áskell biður Helgu binda um höfuð sitt og skuli hún ekkert tala um áverkann, því hann vill ekki hlotnist ilt af, ef hann mætti því við koma. Hún gjörði sem hann bað og enginn fekk um atburð þenna að vita, nema þau tvö ein.

Þau komast að Hálsi í Ljósavatnsskarði um kveldið og fóru afar-snemma af stað að morgni. Sagðist Áskell vilja heim komast um daginn. En er þeir voru komnir yfir Fljótsheiði, sagði hann

förunautum sínum frá sárinu og með hverjum hætti það hefði að borið. Segist hann ekki hafa sagt þeim fyrr, því hann hafi þekt svo kapp frænda sinna, að þeir myndi þá hafa viljað rjúka til og koma fram hefndum. Kveðst hann ekki vilja, að neinn maður hljóti ilt af vígi hans. Biður hann frændur sína að vera sáttgjarna og sýnir þeim fram á, að bezt sé að stöðva óhöppin eftir mætti. Segist hann ávalt hafa reynt að firra þá vandræðum og biður þá að minnast þess í þessum hlut, er honum þótti miklu máli skifta. Nefnir hann tvo menn til að gjöra um málið og leggur fyrir þá, hvern veg hann vildi það vera láta.

Svo andaðist Áskell goði.

Frá leiði þessa göfuglynda, sáttgjarna friðarhöfðingja í fornöld stafar björtum geislum niður til vor gegn um hávaða og hefnigirni illa siðaðra afkomenda hans.

Vafurlogar.

NÓTT var orðin dimm, því komið var haust. Tveir menn riðu veginn fram með ánni, annar á undan, hinn rétt á eftir.

Svo var dimt, að ekki sáu þeir til vegar. Hestarnir urðu að hafa fyrir því og var eins og hefði þeir fult í fangi með, því helzt vildu þeir lötra og bera höfuð lágt.

Samræður voru litlar. Hér voru feðgar tveir á ferð. En feðgar eru oft fálátir hvor við annan, þó kært sé með þeim, og svo var hér.

Faðirinn var með hjartað fult af viturlegum ráðum og hollum lífsreglum. Ekkert lét hann sér annara um en það, að sonurinn fengi lífsreynslu hans í arf. Hann átti einungis þenna eina son. Og seinni árin snerust allar hugsanir hans kring um hann. Hann var augasteinninn, — eini gimsteinninn.

En síðan sonur hans komst á legg og var

nærri orðinn fulltiða maður, átti faðir hans eitt-
hvað svo undarlega erfitt með að gefa honum ráð.
Ekki vegna þess, að hann hefði þau ekki á reið-
um höndum, heldur hins, að hann var óviss um,
hvort þau yrði tekin til greina.

Góður og eftirlátur hafði sonurinn ávalt verið.
En hann hafði snemma farið að hugsa og einlægt
hugsað meir og meir eftir því sem hann eltist.
Og þegar hann hafði hugsað lengi um eitthvað
og var kominn að niðurstöðu í huga sínum, fanst
honum hann mega til að fara eftir henni, þótt það
yrði þá nokkuð á annan veg en föður hans sýnd-
ist réttast.

Sjálfstæðispráin er svo undur-sterk með efnileg-
um ungmennum, að hún verður að koma ljós. Það
er ekkert, sem getur haldið henni í skefjum,—
janfvel ekki lotningin, sem hlýðinn sonur hefir
fyrir góðum föður.

Það var jafn-kært með þeim og ávalt hafði
verið. En fálætið fór vaxandi. Hugar þeirra
höfðu um stund orðið samferða, eins og þegar
dálítill lækur fellur í fljót. Vötnin verða samferða
um sama farveg og enginn fær að greint læk frá
fljóti.

En brátt fer læknum að verða órótt. Hann
þolir ekki að láta bera sig. Hann finnur, að hann
er orðinn sjálffær. Við fyrsta tækifæri velur hann
sér nýjan farveg og er miklu sælli að vera einn,
þó þrótturinn sé minni.

Og fljót og lækur fjarlægjast meir og meir. Það verður lengra og lengra á milli. Hvort þeirra fellur um sinn farveg. og það má ekki örruvísi vera.

En það er sárt að skilja.

Þeir fundu til þess, þessir feðgar, að það var sárt að skilja. En hver um sig lifði í sínum heimi. Vötn hugrenninganna féllu um ólíka farvegu. Og það var erfitt að koma orðum á milli.

„Hvað erum við komnir langt, faðir minn?“ spurði Sigurður.

„Eg held við séum komnir á móts við Brekku. Maður sér annað ekkert fyrir myrkri“.

„Ekki skil eg í, hvers vegna bærinn á Brekku. var látinn standa undir brekkunni. Þar sést svo sem ekkert frá bænum. En uppi á brekkunni, efst í túninu, er ljómandi útsýn,“ sagði Sigurður hægt og gætilega.

„Eigi er alt undir útsýn komið,“ sagði Jón. „Um fleira þarf að hugsa í búskap, en að príla bæ sínum upp á einhvern hól.“

„Satt er það, faðir minn. En sízt af öllu vildi eg grafa mig niður í einhverja laut og gjöra mér þar bæ. Eigi veitir af, að sjóndeildarhringurinn sé eins stór og unt er. Fjöllin standa eins og girðing alt í kring. Út fyrir þau sér enginn. Það er ekki of mikið, þó maður hafi fyrir augum þetta litla dalverpi milli fjalla, sem ekki er nema dálítill kvos. Á þeim litla bletti hringsnúast allar

hugsanir manns, eins og kvörn í eldhúshorni, þegar verið er að mala.“

Það var auðheyrt, að Sigurði var eitthvað mikið niðri fyrir, meðan hann var að koma þessu út úr sér. Hann hafði verið eitt ár í Danmörku og Noregi. Víðsýni annarra landa gjörði hjart í huga hans, þó einlægt yrði náttmyrkrið svartara og svartara.

„Því minni sem bletturinn er, sem maður hefir daglega fyrir augum, því betur ætti maður að þekkja hann,“ sagði Jón. „Það er eigi alt undir því komið að fara víða og vera sí-gónandi út í fjarskann. Mest um að gjöra að þekkja vel þann blett, sem maður ætlar sér að rækta.“

„Með því móti verða menn þröngsýnir og einhliða,“ mælti Sigurður. „Engum er unt að þekkja neitt vel, ef hann hefir ekkert til samanburðar. Það stendur búskap vorum mest fyrir þrifum. Sjóndeildarhringurinn er svo þröngur. Reynslu annarra manna og annarra þjóða þekkjum vér ekki. Höfum jafnvel óbeit á henni, og hrærum ekki legg né lið til að færa oss hana í nyt. Það, sem einum bónda hepnast, gæti öllum hinum að haldi komið. Nei, þó þeir viti um það, bændurnir hérna, að eitthvað hafi hepnast hjá einhverjum framtaksömum bónda í sveitinni, láta þeir sér eigi til hugar koma að hræra legg né lið í sömu átt. Í Hvammi hafa jarðepli verið ræktuð nærri hálfa öld. En engum bónda í sveitinni hefir hugkvæmst að reyna það. Í Hátúni er ljómandi fallett reyniviðartré, sem menn segja, að sé hundrað ára gamalt. Allir, sem þangað koma, dást að því og tala um prýðina og unaðinn, sem að því sé. En engum kemur til hugar að gróðursetja nokkurn kvist í garði sínum. Skógur hefði mátt vera kominn um dalinn allan. En menn sáu aldrei reyniviðinn, nema þegar menn stóðu fast hjá honum,—gleymdu

honum og fegurð hans, þegar þeir voru komnir heim að Brekku eða Gili, Björk eða Hóli. Það er svona að hafa engan sjóndeildarhring!“

Langt var síðan Sigurður hafði haldið svo langa ræðu fyrir föður sínum.

„Það kann að vera gott, að skóggræðsla og jarðeplaráekt komist á. Eg skal engan dóm á það leggja. En hætt er við, að menn lifi ekki til lengdar á reynivið og jarðeplum. Það er fleira, sem rækta þarf en það.“

Hægt og hugsandi tindi Jón orðin fram og lagði mikla áherzlu á hvert þeirra. Það var eins og áhyggjur hlædist á hann, eftir því sem hann sá lengra inn í hugarfylgsni sonar síns.

„Hvað áttu við með því, faðir minn?“ spurði Sigurður, þýðum rómi. Honum var ant um, að þeir í þetta skifti að minsta kosti skildi hvor annan.

„Mér virðast framtíðarhugsjónir ungra manna nú á dögum líkjast hrævareldum eða mýrarljósum. Þeir sjá eld brenna í hverju holti og hverri mýri og ætla, að þar sé fjársjóður fólgin. En þegar farið er að grafa, verður það gabb eitt. Sumir menn eru eins og til þess fæddir, að elta hrævarelda. Ekki hefi eg haft eins mikla andstygd á neinum mönnum og þeim. Það er ekki nóg með að líf sjálfra þeirra verði gagnslaust. Þeir gjöra aðra menn að slæpingum og draumórarnönnum.“

„Eigi eru það alt hrævareldar og draumórar, faðir minn!“ mælti Sigurður. „Margt mætti betur fara en fer. Tökum nú til dæmis bændurna í Gili og Gröf. Jarðir þeirra liggja saman. Þeir gæti hjálpað hvor öðrum við jarðabætur með alls konar samvinnu til stórkostlegra hagsmuna fyrir báða. Í stað þess liggja þeir í stöðugu rifrildi og málaferlum og ónýta hvor fyrir öðrum alt, er þeir mega.“

„Hún gefst misjafnlega samvinnan, Sigurður,“

sagði Jón. „Eg hefi séð menn fara á höfuðið fyrir eintóma samvinnu.“

„Samt verður enginn búskapur í sveitinni, fyrr en menn læra að vinna saman. Úlfúð og flokkadráttur og nágranna krittur, sem oft verður að hatri, er verra átumein í búskap manna en harðindi, heyskortur og lambamissir. Eg er sannfærður um, að fleiri flytjast búferlum héðan til Vesturheims af þeirri ástæðu en nokkurri annarri. Það er ekki að búast við, að mönnum þyki þar gott að vera, sem hver vill skó niður af öðrum. Hér virðast margir kreppa hver að annars hag og meiða mannorð hvers annars eftir mætti. Öfund og tortrygni urra og gelta á hverjum bæ. Hér er alt annað en vistlegt.“

„Já, þeir fara héðan hver á fætur öðrum“, sagði Jón, og það var nokkur harðneskja í rómnum. „Þeir ætla sér að flýja þetta og öll harðindin hér heima. En svo flytja þeir harðindin með sér. Það eru fleiri sólskinsdagar og lengra sumar fyrir vestan. En ekki verður mikillar veðurbliðu vart í samkomulaginu. Það er fult af rifrildi og flokkadráttum. Blöð þeirra eru full af auvirðilegum sleggjudómum um menn og málefni. Þau sýnast helst til þess notuð að skeyta skapi sínu á öðrum. Það má nærri geta, hvernig samkomulag muni vera undir niðri, þar sem hatur og óvild logar eins upp úr og þar. Þess vegna sagði eg það, sem eg sagði áðan: Það þarf að leggja rækt við fleira en jarðepli og reynivið. Eg hræðist harðneskju íslenzkrar veðráttu; hún hefir bugað mig meir en flest annað. Samt hræðist eg illviðrishaminn í mannssálunum miklu meir.“

„Hvað skyldi annars af Íslendingum verða, þegar þeim er orðið ólíft saman að búa sökum ósamlyndis og illinda! Skyldi þeim ekki verða erfitt að flýja sjálfa sig? Sami skaplösturinn, sem

sundrar þjóðinni, sundrar líklega seinast hverjum einstakling.“

„Ljót eru vestanblöðin, það er satt,“ sagði Sigurður hugsandi, „og mikinn kotungsbrag setur það á landa vora fyrir vestan, að blaðamenska þeirra skuli ekki í betra lagi. Mun almenningur manna sárt finna til þess og una því illa. Verður þá að líkindum bót á því með tímanum. Sanngjarn verður maður líka að vera í garð þeirra. Þetta eru frumbýlingar og eðlilega skamt á leið komnir í mörgu, þó allvel gangi þeim að afla fjár. Af mentuðum mönnum hafa þeir tiltölulega miklu færra en vér. Jafnvel hér heima eru eigi ritstjórar á hverju strái. Margt má vorri eigin blaðamensku til foráttu finna. Hún er líka nokkuð einhliða og þröngsýn. Sanngirni í garð andstæðinga er þar oft lítil og stundum fer þrúðmenskan þar út um þúfur. Íslendingar eru þröngsýnir, hvar sem þeir eru, og hættir við að leggja óvini sína í einelti. Á þann hátt hefir mörgum góðum dreng verið hrundið fyrir ætternisstapa. — En bót má við öllu finna. Þjóð vor á enn eftir að sjá að sér.“

Hesturinn hnaut í myrkrinu undir Jóni og hann var nærri hrokinn úr söðli.

„Farðu gætulega, faðir minn!“ sagði Sigurður, „það er svo herfilega dimt. Eg man ekki eftir öðru eins myrkri“.

„Jú, mér hefir oft verið dimt fyrir augum,“ svaraði Jón, „og mér verður það einlægt meir og meir. Það er víst ellin með fram. Eg ætlaði eitt sinn mikið að gjöra og miklu til leiðar að koma. En lítið hefir úr því orðið. Eg hafði eitt sinn trú á mönnunum, og lét mér vera vel til þeirra. En smám saman hafa trú og velvild dofnað. Mennirnir reyndust mér á annan hátt en eg ætlaði. Þegar eg barðist fyrir góðum málum og þarslegum fyrirtækjum, ónýttu þeir það með tortrygni.

Þegar mig langaði til að vera ósýngjarn, sýndu þeir kotungslega sítingsssemi. Þegar eg bar fram beztu hugsanir mínar, drógu þeir þær niður í skarnið.

„Mig langaði til að vera þjóðrækin maður. Föðurlandsástin hélt eg væri ein göfugasta dygð í fara mannanna. Nú er lítið orðið eftir af henni hjá mér. Eg get ekki sagt, að eg elski landið. Hér hefi eg barist og brotist um af öllum kröftum. En eg hefi átt við ofurefli náttúrunnar að etja. Hér hefi eg slitið kröftum, svo nú er eg orðinn skar. Og árangurinn sama sem enginn. Alls staðar myndi hann hafa verið meiri.

„Eg elskaði þjóðina og langaði til að verða henni að gagni. En hún hefir angrað mig, en sjaldan glatt. Undirferli, bakmælggi og öfund hefir komið í hæla mér, hvar sem eg hefi farið. Eg hefi oft hugsað um að flýja landið og fara til Ameríku. En eg hefi þó aldrei látið af því verða.

„Eg hefi vitað fyrir víst, að hið sama myndi verða uppi á tening þar. Því aldrei hefði eg getað lifað, nema í íslenzku mannfélagi. Svo náin tengsl binda mig við mína óláns-bræður. Það hefi eg einlægt fundið. Vel hefi eg vitað, að lengra eg lengra myndi þeir draga mig út í ólánið. En frá þeim hefði eg aldrei getað slitið mig. Það er ekki kærleikur. Það er náttúrulögmál, sem eg fæ ekki ráðið við.

„Nei, eg elska ekki landið, eg elska ekki þjóðina, eg elska ekkert íslenzkt,—held eg. Landið er lakasta land, sem mennirnir byggja. Þjóðin er spilt,—gjörspilt og er þeim ávalt verst, sem vilja henni bezt.

„Ef það væri nokkuð íslenzkt, sem mér enn þætti vænt um, held eg það sé málið, sem við tölum, íslenzkan. Eftir því sem eg hefi meir um

hana hugsað og lengur notað, hefir mér þótt vænna um hana.

„Eg vona, að eg fái að tala íslenzku hinum megin.

„Ekki segi eg þetta, af því eg sé að reka þig til Ameríku. Öðru nær. Enginn þarf að hugsa, að hann slíti af sér Íslendings-ólánið með því. Illviðrin fylgja manni“.

Sigurði varð orðfall. Hann hafði oft orðið var við þunglyndi föður síns og það hafði verið honum til angurs. En svona mikið bölsýni blöskraði honum. Hann iðraðist þess að hafa haft á móti honum. Ef til vill hafði hann orðið honum einhverra vonbrigða valdandi. Farið sínu fram og ekki fylgt ráðum hans. Sært hann í orði eða verki. Það er slæmt að særa gamlan mann. Það yfir upp fornan sársauka. Gamli harmar rísa þá upp eins og holskeflur og brotna yfir hann.

Þeir voru komnir heim að vallargarði. En nokkur bratti var upp túnið. Geðshræringin, sem gamla mannum var í hug, kom honum til að ota hesti sínum lítið eitt, svo hann fór liðugt.

En í djúpum götuskorningi hnaut hesturinn aftur í myrkrinu. Jón féll af baki og rak upp hátt hljóð.

Hann hafði fótbrotnað.

Jón lá lengi í fótbrotinu. Þegar á leið, fór hann að kenna stings fyrir brjósti, svo hann þoldi ekki með neinu móti að draga djúpt andann. Hann kendi það gömlu meiðsli. Það ágerðist meir og meir, eftir því sem honum batnaði í fæti.

Það varð breyting á honum, öllum auðsæ, er hann þektu, eftir að hann lagðist rúmfastur.

Það birti yfir honum. Hann var ávalt með glöðu bragði. Það var eins og hann hefði varpað öllum ábyggjum frá sér. Fálæti hans og þung-

lyndi var horfið. Hann var sk. afhreyfnn við alla og ávalt lá vel á honum.

Sigurður sonur hans sat oft á rúminu hjá honum. Þeir gátu nú um alla hluti talað umsvifa-laust. Fæðin, sem verið hafði með þeim, læknaðist um nóttina, þegar Sigurður stóð ráðþrota yfir föður sínum fótbrotnum og liggjandi í túnsæt-inum. Þá brann honum hjarta í brjósti. Ekki hafði honum áður verið ljóst, hve vænt honum þótti um föður sinn.

Dag einn töluðu þeir um alla heima og geima — um búskapinn í sveitinni, um hagi þjóðarinnar, um íslenzka skaplesti, um framfarir og framfara-tálma, — í stuttu máli um allt það, er verið hafði í huga þeirra nóttina minnisstæðu, er þeir voru á heimleið úr kaupstað. Og þeim kom nú einstak-lega vel saman. Bölsýni gamla mannsins var af honum létt.

Hugur hans var nú eins og dalur, sem lengi hefir verið fullur koldimmri kafalds þoku, en alt í einu slær henni upp og sólin hellir ofan í hann glóðheitum geislum.

Sigurður varð hrifinn nýjum eldmóði af að heyra föður sinn tala. Hjá honum rak hver skín-andi hugsanin aðra. Það var eins og honum væri um að gjöra að tala sem mestan kjark í son sinn, áður þeir skildi.

Einum tvisvar sinnum hafði hann látið sér um munn fara, að það væri eigi svo saknæmt, þó ekki yrði hann jafn-góður í fæti. Hann þyrfti líklega lítið á fótum að halda úr þessu.

„Þú sagðir eitt sinn, faðir minn“, mælti Sig-urður, „að við ungu mennirnir sýndum mestan dugnað í að elta mýrarljós og hrævarelda. Eg man hvað mér féll það illa.

„En það var eitthvað í fornöld, sem kallað var

vafurlogar. Menn þóttust sjá þá þar sem fé var fólgið í jörðu. Og þeir voru aldrei tál.

„Þegar eg horfi yfir sveitina, faðir minn, finst mér eg sjá vafurloga í hverri landareign. Eg sé þar bæði skóga og akra.“

„Eg óska oft, að aðrir hefði sömu útsýn fyrir augum. Og löngun jafn-brennandi í hjarta að hefja þá fjársjóðu, sem hér liggja sólgnir.“

Jón reis upp við olnboga. Það brá glampa fyrir í auga hans, sem sló eins og leiftur niður í hjarta Sigurðar.

„Vænt þykir mér um,“ sagði hann, „að þú ert víðsýnn, sonur, og ert viss um, að það sem þú sér framundan, eru vafurlogar, en hrævareldar engir.“

„En mundu eftir eigin landareign þinni um fram alt.“

„Sérðu eigi neina vafurloga þar? Sjálfur átt þú með þar að grafa. Það getur enginn bannað þér. Með skóg? og akra getur farið alla vega. Óvíst, að þú sjáir þá nokkurn tíma, nema í hill-ingum. En auðlegð úr elgin landareign áttu sjálf-ur. Og að dreifa henni órlátlega út um sveitina verður ávalt fögnuðurinn mestur.“

„Íslendings-skapferlið hefir verið óláns arfur minn. Nú er eg í þann veginn að losast við það. Eg sé líka vafurloga fram undan mér. Hann hef-ir brunnið bjartara og bjartara seinni árin. Allir eldar aðrir eru nú líka sloknaðir.“

„Ólánsviðjur þjóðar minnar falla nú bráðum af mér.“

„Og þá fæ eg að hefja fjársjóðinn!“

Um kveldið, er Sigurður kom heim úr hús-um, var faðir hans örendur.

Hann hafði orðið bráðkvaddur í rúmi sínu í rökkrinu án þess nokkur vissi af.

é var

finst

g sé

fyrir

a að

mpa

ur í

þú

m þú

ngir.

um

átt

nnað

ega.

hill-

sjálf-

itina

arfur

það.

hef-

Allir

ðum

hús-

nu í

